

E/1.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir <b>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi</b>	Mál nr. <b>006-2002-0086</b>	
Staður og stund: <b>Reykjavík - Miðvikudaginn 28. ágúst 2002. Klukkan 19:40.</b>		
Sakarefni: <b>Fjárdráttur - umboðssvik</b>		
Sakborningur/grunaður: <b>Tryggvi Jónsson</b>	Kennitala: <b>140755-2739</b>	
Starf/staða: <b>Forstjóri Baugur - group hf</b>	Vinnusími: <b>530-5500 / 691-8888</b>	
Löghemili: <b>Vesturbær 22, Reykjavík</b>	Sími: <b>567-6363</b>	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur til yfirheyrsu hjá efnahagsbrotadeild RLS, en hann var handtekinn fyrr í dag grunaður um aðild að stórfelldum fjárdrátti og umboðssvikum. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstur skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni á Miami í Flórida, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða fyrir persónulegan eignarhlut Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í snekkjunni.

Tryggva er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kýs að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Þá er Tryggva kynnt að hann eigi rétt á tilnefningu verjanda vegna málsins.

Tryggvi kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og kveðst óska eftir því að Andri Árnason hrl. verði tilnefndur og skipaður verjandi hans. Andri Árnason er viðstaddir yfirheyrluna, einnig Arnar Jensson, aðst.yfirlöggregluþjónn.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til sakarefnisins.

Tryggvi segir þetta sakarefni ekki eiga við nein rök að styðjast. Hann kveðst ekki hafa átt þátt í neinum fjárdrátti eða umboðssvikum. Hann segir málið byggja á persónulegu hatri Jóns Gerald Sullenberger í garð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Tryggvi er beðinn um að skýra frá stöðu sinni og starfssviði hjá Baugi group hf.

Tryggvi kveðst hafa tekið við sem forstjóri Baugur group hf þann 31. maí 2002, þegar gerðar voru skipulagsbreytingar á félagit. Áður kveðst Tryggvi hafa gegnt stöðu aðstoðarforstjóra hjá Baugi group hf, en hann kveðst hafa hafið störf hjá Baugi hf þegar fyrirtækið var stofnað þann 1. júlí 1998.

Hvað dagleg störf varðar þá kveðst Tryggvi fyrst og fremst bera ábyrgð á rekstri Bonus Stores Inc í Bandaríkjunum og sé það um 80% af starfi hans. Þá kveðst Tryggvi einnig vera í stjórnum nokkurra fyrirtækja sem Baugur hf á aðild að, þá helst fyrirtækjunum Fasteignafélagið Stoðir, SMS í Færeyjum.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi eitthvað með reikningsfærslu eða greiðslu reikninga að gera hjá Baugi hf.

Tryggvi segir að þeir reikningar sem varði yfirstjórn Baugur hf lendi á borðinu hjá honum. Til að skýra það nánar þá segir Tryggvi að það geti verið reikningar vegna reksturs aðalskrifstofu Baugur hf, s.s. reikningar vegna kaupa á ljósritunarvél og öðrum skrifstofuvörum. Einnig kostnaður vegna verðbréfaskráningar svo eitthvað sé nefnt.

J. Mag

06364

S

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að viðskiptum með snekkjuna Thee Viking sem staðsett er í Miami í Flóríða.

Tryggvi kveðst ekki hafa komið að þessum viðskiptum með snekkjuna fyrr en um áramótin 1999 - 2000, eða bátinn eins og hann kveðst fremur kalla þetta fley. Tryggvi segir að vegna starfa sinna hjá Baugi hf hafi hann verið í nokkrum samskiptum við Jón Gerald Sullenberger vegna viðskipta Baugs-Aðfanga við fyrirtæki Jóns Gerald sem heiti Nordica Inc. Tryggvi segir Nordica Inc hafa selt Bónus verslununum vörur um langt skeið og í framhaldi af breytingum á rekstrarformi Bónus hafi Nordica selt Baugi-Aðföngum vörur sem hafi verið seldar í verslunum Baugs á Íslandi.

Vegna þessara samskipta við Jón Gerald hafi Jón Ásgeir Jóhannesson sett Tryggva inn í forsögu þess að Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson og Jón Gerald hugðust kaupa bát á Flóríða. Tryggvi kveðst ekki hafa þekkt þá sögu fyrr en Jón Ásgeir hafi skýrt honum frá því hvernig það atvikaðist. Tryggvi kveðst vilja skýra frá þeiri forsögu eins og Jón Ásgeir hafi kynnt hana fyrir honum, enda segir hann það skipta máli varðandi þau afskipti sem Tryggvi kveðst síðar hafa haft við Jón Gerald vegna bátsins.

Tryggvi kveðst hafa heyrta forsöguna þannig að þeir Jón Ásgeir og Jón Gerald hafi kynnst í kringum 1989 í gegnum fjölskyldu tengsl þeirra á milli. Hann segir Jón Gerald hafa hafið rekstur Nordica Inc á nokkru eftir að Jón Ásgeir að hóf rekstur Bónus verslana á Íslandi. Þeir hafi hist af og til vegna fjölskyldutengslanna og í framhaldi af því hafi skapast viðskiptatengsl milli þeirra, á þann veg að Nordica Inc. seldi Bónus vörur frá Bandaríkjum. Viðskiptin hafi gengið mjög vel til að byrja með og báðir hagnast á viðskiptunum.

Tryggvi kveðst telja að árið 1996 eða 1997 hafi kvíknað hjá þeim Jóni Ásgeiri og Jóni Geraldí sú hugmynd að kaupa bát á Flóríða sem þeir hafi ætlað að eiga saman, sem persónulega eign. Jón Ásgeir hafi sagt sér frá því að hann ásamt Jóhannesi Jónssyni hafi lagt fram fjármuni, að hann minni um 20 milljónir króna vegna kaupa á bátnum og Jón Gerald lagt fram fjármuni á móti. Þannig kveðst Tryggvi halda að þeir feðgar hafi átt að eiga helningshlut í bátnum á móti Jóni Geraldí. Tryggvi kveðst einnig vita til þess að Jón Gerald hafi stofnað fyrirtæki utan um rekstur bátsins og hafi það fyrirtæki verið í hans eigu.

Þeir feðgar hafi með þeim peningasendingum eignast kröfu í bátinn sem síðar hafi átt að breyta í hlutafé í bátnum. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki vita hvaðan peningarnir frá feðgunum komu. Peningarnir hafi farið í gegnum bankakerfið og ekkert verið að fela í því sambandi, eftir því sem hann best viti. Nánar aðspurður kveðst Tryggvi ekki vita til þess að þær greiðslur hafi runnið úr sjóðum Bónus verslananna, enda segir hann þessi viðskipti með bátinn hafa verið persónulega eign þeirra feðga og ekki hafa neitt með Bónus að gera.

Tryggvi segir Jón Ásgeir hafa skýrt sér frá því að allt hafi leikið í lyndi varðandi viðskiptin við Jón Gerald næstu ár á eftir.

Tryggvi skýrir frá því að árið 1999 hafi það gerst að reglum á Íslandi hafi verið breytt hvað varðaði merkingar á vörum. Settur hafi verið nýr staðall varðandi innihaldslýsingar og hafi vörurnar sem Nordica Inc seldi Bónus/Baugi ekki uppfyllt þá staðla. Til þess að mæta þessum breyttu aðstæðum á vörumarkaðnum hafi þeir Jón Gerald og Jón Ásgeir staðið frammi fyrir því að hækta viðskiptum eða fara út í þá vinnu að láta endurmerkja allar vörur sem Nordica Inc seldi til Íslands.

Tryggvi kveðst hafa það eftir Jóni Geraldí að þeir Jón Gerald og Jón Ásgeir hafi rætt þetta nokkuð og velt því fyrir sér hvort heppilegra væri að endurmerkja vörurnar í Bandaríkjum eða Íslandi. Þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að hagkvæmara væri að gera það í Bandaríkjum og hafi því verið ákveðið að Jón Gerald stofnsetti vöruhús í þeim tilgangi að endurmerkja og endurpakka öllum vörum sem Nordica Inc seldi til Íslands. Samhliða því hafi þurft að koma til aukin sala á vörum til Íslands til að

J. Mag



standa undir þessum aukna kostnaði við innflutninginn. Hið gagnstæða hafi hins vegar orðið raunin. Dregist hefði úr sölu á vörum sem Baugur-Aðföng keypti af Nordica Inc. og því hafi áætlanir um sölu ekki gengið eftir. Það hafi valdið því að Jón Gerald og fyrirtæki hans Nordica Inc var að tapa á rekstri vöruhússins og endurmerkingunni.

Tryggvi kveðst á þessum tíma hafa verið kominn til Baugs sem aðstoðarforstjóri og kveðst hafa átt fundi með Jóni Geraldí vegna þessarar stöðu. Hann segir að þrátt hvatningu til verslunarstjóra vöruerslana Baugs um að auka viðskiptin við Nordica Inc. hafi reynst erfitt að auka innkaupin við Nordica Inc, enda segir Tryggvi verslanirnar vera sjálfstætt starfandi og hverja einingu um sig ákveða hvaða vörur séu keyptar inn.

Tryggvi kveðst því hafa ákveðið að mæta Jóni Geraldí varðandi það tap sem hann var að verða fyrir í rekstri Nordica Inc. Hann hafi ákveðið að greiða Jóni Geraldí 8.000,- USD á mánuði til að takmarka það tap sem Jón Gerald yrði fyrir. Tryggvi kveðst hafa borið þetta fyrrkomulag undir Jón Ásgeir sem hafi samþykkt þessar mánaðalegu greiðslur til Jóns Geraldis. Aðspurður segir Tryggvi ekkert skriflegt vera til um þetta samkomulag á greiðslum til Jóns Geraldis. Aðspurður um ástæðu þess að Baugur hf væri að greiða niður taprekstur Nordica Inc þá segir Tryggvi að Baugur hafi talið sig bera ábyrgð á stofnun vöruhússins að einhverju leyti, viljað stuðla að áframhaldandi rekstri og efla eigin innflutning.

Tryggvi segir að þessi 8.000,- USD greiðsla hafi borist Jóni Geraldí fyrstu mánuði ársins 2000. Hún hafi hins vegar ekki dugað til að og Nordica Inc hafi ennþá verið í hallarekstri. Tryggvi kveðst því hafa hitt Jóns Gerald í maí 2000 til að fara yfir uppgjör Nordica Inc fyrir árið 1999. Samkvæmt því uppgjöri hafi Nordica verið rekið með miklum halla árið 1999 og kveðst Tryggvi því hafa samþykkt að greiða 50.000,- USD til að jafna upp tap ársins 1999. Jafnframt hafi hann ákveðið að hækka greiðsluna til Jóns Geraldis úr 8.000 í 12.000,- USD. Þá hafi þeir einnig gert áætlun varðandi sölu Nordica Inc til Baugs-Aðfanga fyrir árið 2000 og stefnt hafi verið að því að velta Nordica Inc vegna vörubiðskipti við Baug-Aðföng yrðu um 2 milljónir USD það árið. Tryggvi kveðst hafa talið það bjartsýni hjá Jóni Geraldí að sú velti dygði og jafnframt skýrt honum frá því að Nordica Inc þyrfti að ná 3 milljóna USD veltu til að standa undir rekstrinum. Jón Gerald hafi þá sagt að hann væri með fleiri viðskiptamenn en Baug-Aðföng og hann myndi ná þar inn tekjum sem ættu að skila honum hagnaði.

Tryggvi segir að á þeim fundi sem hann hafi átt með Jóni Geraldí hafi hann jafnframt þrýst á það að Jón Gerald gerði upp eignarhlut Jóhannesar og Jóns Ásgeirs í bátnum, þ.e. afsalaði eignarhlut til þeirra í samræmi við þær greiðslur sem þeir hefðu lagt í bátinn. Tryggvi kveðst hafa gert þetta að vegna stöðu Jóns Geraldis. Tryggvi segir að það hafi ekki borið árangur og Jón Gerald alltaf dregið það að ganga frá eignarhlut þeirra í bátnum.

Tryggvi kveðst aftur hafa farið á fund Jóns Gerald í janúar 2001 og hafi Jón Ásgeir verið með í för. Þá hafi legið fyrir uppgjör vegna viðskiptanna árið 2000. Komið hafi í ljós að velta Nordica Inc árið 2000 var einungis 1,3 milljón USD og verulega vantað upp á að Nordica næði endum saman. Tryggvi kveðst á þeim fundi hafa samþykkt að Baugur greiddi Nordica Inc 80.000,- USD til að mæta þessum taprekstri ársins 2000. Peir hafi auk þess sent beiðni heim til Íslands þess efnis að verslanir Baugs gerðu áætlun um að auka viðskiptin við Nordica Inc þannig að innflutningur á vörum frá Nordica Inc til Íslands myndi nema 3 milljónum USD á árinu 2001. Það hafi ekki gengið eftir sökum þess að verslunarstjórarnir á Íslandi töldu það ekki hagkvæmt að kaupa meiri vörur frá Nordica Inc. Sala á vörum frá Nordica Inc hafi gengið illa á Íslandi, þær hafi verið orðnar of dýrar og of mikil álagning á vörunum frá Nordica Inc, auk þess hafi óhagstæð þróun á gengi USD haft þar áhrif.

Tryggvi segir að á fundinum í janúar 2001 hafi þeir Jón Ásgeir aftur þrýst á Jón Gerald að afsala eignarhlut í bátnum til Jóns Ásgeirs og Jóhannesar, sem þeir hafi raunar gert á öllum fundum með Jóni Geraldí.

*S. Mac*

Tryggvi segir að starfsmenn Baugs hf sem bera ábyrgð á innflutningi á vörum til Íslands hafi ráðlagt Jóni Geraldí að loka vöruhúsinu snemma árs 2002, enda væri orðið ljóst að sá rekstur gengi einfaldlega ekki upp.

Tryggvi kveðst hafa fengið þau svör frá Jóni Geraldí að hann ætlaði ekki að loka vöruhúsinu. Þá kveðst Tryggvi hafa gert Jóni Geraldí það ljóst að Baugur hf gæti ekki haldið áfram að ábyrgjast rekstur vöruhússins og að Baugur myndi ganga frá sínum þætti varðandi vöruhúsið með greiðslu. Þannig kveðst Tryggvi hafa ætlað að greiða upp það tap Jóns Geralds varðandi rekstur vöruhússins sem myndast hafði á þessu tímabili frá því að vöruhúsið var stofnsett. Kveðst hann hafa boðist til að greiða Nordica Inc 400.000,- USD. Hann tekur það fram að þær fjárhæðir sem Jón Gerald hafði áður fengið greiddar frá Baugi hf upp í tapreksturinn áttu að dragast frá 400.000,- USD greiðslunni, þ.e. 80.000,- greiðslan árið 2000 og 50.000,- USD greiðslan árið 2001. Tryggvi kveðst hafa sett upp samkomulag varðandi greiðsluna með þeim hætti að Baugur hf greiddi 120.000,- USD strax vegna fjárhagsörðugleika Jóns Geralds, samkvæmt beiðni hans, í mars 2002 en eftirstöðvarnar, samtals 150.000,- USD yrði greidd þegar Jón Gerald gerði upp og gengi frá samningum um slit á viðskiptum sínum við Baug hf.

Þá tekur Tryggvi það fram að vegna fjárhagslegra erfiðleika Jóns Geralds hafi Jón Ásgeir boðist til þess að kaupa Jón Gerald út úr bátnum í Flórida. Jón Gerald hafi hins vegar ekkert gert varðandi þau mál og báturinn áfram skráður sem hans einkaeign, þrátt fyrir að þeir feðgar hefðu lagt fjármuni í bátinn.

Vegna samskipta Tryggva við Jón Gerald og fjárhagsvandræða Jóns Geralds hafi Tryggvi reyndt áfram að beita sér fyrir því að Jón Gerald gengi frá samkomulagi varðandi afsal á bátnum vegna eignarhlutar feðganna. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki hafa vitað hvert eignarhlutfall hvers þeirra þriggja var í bátnum á þeim tíma.

Í júní 2002 kveðst Tryggvi hafa verið í Bandaríkjunum með fjölskyldu sinni. Á þeim tíma hafi verið komið upp vandamál með framkvæmdastjóra Bónus Stores Inc í Bandaríkjunum, Jim Schafer. Tryggvi segir að Jón Gerald hafi upphaflega bent þeim Baugsmönnum á Jim. Hann verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Bonus Stores síðar. Tryggvi kveðst einnig í þessari ferð hafa ætlað að hitta starfsmenn Bonus Stores Inc. í Orlando. Hann kveðst hafa hringt í Jón Gerald í kringum júní og boðið honum að koma og hitta þessa menn í von um að Jón Gerald gæti komist í viðskiptasambönd við þá. Tryggvi segir að samtalið hafi í fyrstu verið friðsamlegt, en Jón Gerald hafi allt í einu orðið æfur í samtalinnu og látið stór orð falla. Tryggvi segir nauðsynlegt að það komi fram hvað Jón Gerald hafi sagt, það lýsi því hatri sem býr í brjósti Jóns Geralds í garð Jóns Ásgeirs. Tryggvi segir Jón Gerald hafa sagt að hann myndi koma til Íslands þennan saman mánuð og drepa Jón Ásgeir. Þá hafi Jón Gerald jafnframt sagt að “þeir” myndu finna fyrir því - það kynnu fleiri að “fabrikera” gögn en þeir. Tryggvi kveðst í framhaldi af þessu hafa lokið samtalinnu við Jón Gerald.

Tryggvi kveðst einnig vita til þess að Jón Gerald hafi hringt í Jóhannes Jónsson í beinu framhaldi af því og sagt honum það sama, að hann myndi drepa Jón Ásgeir. Á þessum tímapunkti hafi allt samband rofnað við Jón Gerald og kveðst Tryggvi ekki hafa rætt við hann síðan.

Skömmu síðar hafi Baugur fengið kröfu frá Walmart í Bandaríkjunum þess efnis að Baugur gerði upp 300.000,- USD viðskiptaskuld við Nordica Inc sem væri tilkomin í tengslum við vörur frá Walmart sem Nordica Inc hefði selt til Baugs. Tryggvi segir þetta hafa verið algjört bull. Þeim hafi verið sagt að Baugur hefði staðgreitt öll viðskipti við Nordica Inc og ekki skuldað féluginu neitt.

Tryggvi segir að nauðsynlegt sé að rekja þetta ferli áfram og segir Jónínu Benediktsdóttur blandast inn í málið. Hann segir hana hafa haft sent sér tölvupóst og krafist þess að Baugur greiddi henni 2 milljónir króna vegna ógreiddrar húsaleigu Jóhannesar Jónssonar, frá þeim tíma er Jóhannes hafði afnot af íbúð hennar. Hún hafi jafnframt skyrt frá því að hún hefði 21 plagg frá Jóni Geraldí sem öll sýndu fram á saknæmt athæfi forráðamanna Baugs hf. Tryggvi kveðst hafa hafnað því að greiða Jónínu þessa fjárhæð



og fundist þetta fáránlegan málatilbúnað hjá henni. Forráðamenn Baugs hf hafi í engu gerst brotlegir í viðskiptum sínum við Jón Gerald.

Næstu daga á eftur kveðst Tryggvi og fleiri forráðamenn hjá Baugi hf hafa fengið fregnir af því að Jónína hefði verið dugleg við að dreifa sögusögnum um Baug hf, t.a.m. til fjölmöðla, Skattrannsóknarstjóra ríkisins og embætti Tollstjóra. Miklar sögusagnir hafi farið af stað um Baug hf og viðskipti þeirra við Nordica Inc. Tryggvi kveðst því hafa ákveðið að láta bókhaldsdeild Baugs hf taka saman öll bókhaldsgögn varðandi viðskiptin við Nordica Inc. Hann segir það vera þau gögn sem hann hafi afhent löggreglu við upphaf húsleitar á skrifstofu Baugs fyrir í dag. Tryggvi segir alla þá reikninga sem Baugi hafi borist frá Nordica Inc vera lögmæta og ekkert saknæmt í tengslum við þá.

Klukkan 20:30 er gert hlé á yfirheyrlunni til að matast.

Klukkan 21:00 er yfirheyrlunni haldið áfram.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi verið afhent bókhaldsgögn frá Jóni Gerald Sullenberger sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2002. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flóríða sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

#### Greiðslur frá Baugi - Árið 2002.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
14.01.2002	12.438,81	Baugur	Nordica Inc.
12.02.2002	12.313,58	Baugur	Nordica Inc.
14.03.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.04.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
03.05.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
29.05.2002	16.789,00	Baugur	Nordica Inc.

**Samtals greitt: 77.481,39**

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Tryggvi kveðst ekki sjá betur en að þetta séu þær 12.000,- USD greiðslur sem hann hafi þegar skýrt frá og varði greiðslurnar til Jóns Gerald sem fyrst og fremst hafi verið ætlaðar til að mæta launakostnaði Jóns Gerald og snúi að hans umsýslu fyrir Baug hf.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2001. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flóríða sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2001.**

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
31.01.2001	12.247,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	2.310,83	Baugur	New Viking Inc.
09.03.2001	11.985,00	Baugur	New Viking Inc.
11.04.2001	15.798,23	Baugur	New Viking Inc.
07.05.2001	11.975,00	Baugur	New Viking Inc.
12.06.2001	12.000,00	Baugur	Nordica Inc.
27.07.2001	11.980,00	Baugur	New Viking Inc.
02.08.2001	12.760,00	Baugur	New Viking Inc.
18.09.2001	14.157,67	Baugur	New Viking Inc.
03.10.2001	13.189,99	Baugur	New Viking Inc.
13.11.2001	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.12.2001	12.227,00	Baugur	Nordica Inc.

**Samtals greitt:** **154.588,72**

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Tryggvi kveðst telja að þetta séu greiðslur til Jóns Geraldus vegna launakostnaðar hans, eins og hann hafi þegar skýrt frá. Reikningar hafi eingöngu borist frá Nordica Inc. Tryggvi kveðst ekki kannast við neina reikninga frá New Viking Inc og viti ekkert um þær greiðslur.

Tryggva er bent á að í bókhaldi Jóns Geraldus vegna bátsins sé útgefni reikningar í nafni Nordica Inc stílaðir á Baug hf en greiddir inn á bankareikning New Viking Inc í Bandaríkjum. Hann er spurður hvort hann geti skýrt það.

Tryggvi kveðst ekki vita neitt um það. Hann kveðst þó hafa talið að félagið New Viking Inc væri félag sem Jón Gerald stofnaði utan um rekstur bátsins.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2000. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flóríða sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2000.**

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
24.01.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
02.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
28.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
18.04.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
15.05.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
31.05.2000	139.155,51	Baugur	Nordica Inc.
16.06.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
17.07.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
21.08.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

13.09.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
10.10.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
17.10.2000	615,81	Baugur	New Viking Inc.
09.11.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
26.12.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.

**Samtals greitt:** **259.501,32**

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Tryggvi kveðst telja þessar fjárhæðir stemma við mánaðalegu greiðslurnar til Jóns Geraldus vegna launakostnað hans sem Baugur hf hafi samþykkt að greiða honum.

Varðandi greiðsluna þann 31.05.2000 að fjárhæð 139.155,51 USD, þá kveðst Tryggvi ekki muna nákvæmlega eftir henni. Hann segir að það geti verið að hún tengist kröfu Baugs hf á hendur Eignarhaldsfélagsinu Gaumi hf, sem nam kr. 30.000.000.- vegna ársins 2000. Hann kveðst ekki muna það glögglega eftir þessa til að geta skýrt þessa greiðslu nánar.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhvern tíma greitt úr sjóði Baugs hf greiðslur sem vörðuðu fjármögnun eða rekstur bátsins Thee Viking.

Tryggvi kveðst aldrei hafa gert það, hann hafi ekki með neinum hætti komið að rekstri bátsins. Hann kveðst heldur ekki vita til þess að Baugur hf hafi greitt neitt í rekstur eða fjármögnun bátsins.

Tryggvi er beðinn um að gera nánari grein fyrir ástæðu þess að nokkur hluti þeirra greiðslna sem borin hafa verið undir Tryggva virðist sem Baugur hf sé að greiða inn á bankareiknings í nafni New Viking Inc.

Tryggvi kveðst ekki geta skýrt það neitt frekar. Hann tekur það fram að hann hafi aldrei séð reikning frá New Viking Inc, né vita neitt um bankareikning í nafni þess félags. Tryggvi segir að þeir reikningar sem honum hafi borist frá Nordica Inc hafi ekki borið annað með sér en að þeir vörðuðu Nordica Inc, en ekki New Viking Inc. Þannig kveðst Tryggvi ekki hafa haft neinar forsendur til að sjá það út frá númeri bankareiknings að um væri að ræða reikning í nafni New Viking Inc.

Tryggva er kynnt að lögregla hafi einnig undir höndum símbréf frá Nordica Inc. til Baugs varðandi þessar greiðslur og séu flest símbréfin stíluð á Tryggva. Tryggvi er beðinn um að skýra það nánar.

Tryggvi segir ástæðuna einfaldlega vera þá að þeir hafi viljað að reikningarnir færðu í réttan farveg hjá Baugi hf. Þess vegna hafi símbréfin verið stíluð á hann. Hann kveðst í flestum tilvikum hafi samþykkt reikningana með áritun sinni og við svo búið afhent bókunardeildinni reikningana til greiðslu. Það hafi ekkert verið óeðlilegt við þessa afgreiðslu.

Tryggva er kynnt að í bókhaldsgögnunum frá Jóni Gerald og samantektum hans sé að finna upplýsingar um það að Tryggvi og Jón Ásgeir hafi báðir verið með American Express greiðslukort á nafni Nordica Inc og Jón Gerald gefið þær skýringar hjá lögreglu að hann hafi innheimt kostnaðinn vegna greiðslukortanotkunar með reikningi á Baug hf.

Tryggvi segir það rétt. Hann hafi verið með American Express greiðslukort frá Nordica Inc sem hann kveðst hafa notað á ferðum sínum í Bandaríkjunum. Hann segir það hafa verið gert af hagkvæmnisástæðum að fá útgefið greiðslukort í nafni Nordica Inc, en erfitt sé að fá Platinum kort frá American Express. Slíkt kort kveðst Tryggvi hafa fengið í gegnum Nordica Inc. Tryggvi kveðst ekki hafa notað kortið mikið, um lágar fjárhæðir hafi verið að ræða og Baugi hf verið sendur sérreikningur



vegna kortanotkunarinnar. Tryggvi kveðst ekki minnast þess að hafa fengið reikning vegna kortanotkunar Jóns Ásgeirs frá Nordica Inc. Hann kveðst þó vita til þess að Jón Ásgeir hafi verið með sams konar American Express greiðslukort frá Nordica.

Tryggvi er spurður hvort það hafi verið erfiðleikum bundið að fá útgefíð kort frá American Express í nafni Baugs hf.

Tryggvi kveðst ekki telja að svo hafi verið. Þetta hafi hins vegar verið gert með þessum hætti og vörðuðu úttektir hans allar störf hans fyrir Baug hf.

Tryggva er einnig kynnt að lögregla hafi fengið afhenta útprentun úr tölvupósti Jóns Gerald Sullenberger sem varði tölvusamskipti Tryggva við Jón Gerald vegna snekkjunnar.

Undir Tryggva er borin útprentun úr tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa í greinaskilum sem merkt eru 3.:

*"3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 \$774 þús. Á því ári voru greiddar \$144 þús. í reksturinn, þar af fóru \$56 þús. í afborganir og fjárfestingar, \$55 þús. í vexti og rest í rekstarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því \$816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan."*

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að hann sé að tala um greiðslur vegna afborgana og reksturs bátsins á Flóríða.

Tryggvi kveðst ekki muna glögglega eftir þessum tölvupósti. Hann gerir sér ekki grein fyrir því hvar hann hafi fengið þessar tölur eða upplýsingar um greiðslur varðandi New Viking. Hann hljóti að hafa fengið gögn frá Jóni Geraldí varðandi efnahagsreikning New Viking. Tryggvi kveðst telja víst að hann sé að tala um greiðslur sem þeir Jón Ásgeir og Jóhannes hafi greitt en ekki Baugur hf.

Klukkan 23:15 óskar Tryggvi eftir því í samráði við verjanda sinn að taka hlé á yfirheyrlunni svo hann geti ráðfært sig einslega við verjandann.

Klukkan 23:37 er yfirheyrlunni haldið áfram.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji breyta eða bæta við fyrri framburð sinn.

Tryggvi kveðst ekki vilja breyta framburði sínum og kveðst reiðubúinn að halda áfram yfirheyrlunni.

Undir Tryggva er áfram borin útprentun úr sama tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa áfram lesa í texta sem virðist stafa frá Tryggva eftirfarandi:

*"Ég legg því til að þú fáir \$ 200 þús. (fyrir bátinn) Miðað við \$ 1.400 þús. verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JÁJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn."*

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að hann sé að tala um greiðslur vegna kostnaðar við bátinn hafi verið greiddar af Baugi hf.

*J. Mag*



Tryggvi kveðst ekki hafa verið að tala um að Baugur hf greiddi þennan kostnað. Það sé alveg á hreinu, hann hafi þá verið að tala um að Jón Ásgeir og Jóhannes hafi greitt þennan kostnað. Tryggvi tekur það þó fram að hann muni ekki eftir að hafa skrifað þennan tölvupóst.

Undir Tryggva er borinn tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.3, sem virðast hafa átt sér stað milli hans og Jóns Geraldss Þann 13. maí 2002. Tryggva virðist berast tölvupóstur frá Jóni Geraldis þar sem segir:

*"Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera or er þetta total \$ 16,808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn."*

Jafnframt er undir Tryggva borið svar hans við þessum tölvupósti frá Jóni Geraldis, sent sama dag:

*"Var ekki gert ráð fyrir þessu í \$12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. Þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér?"*

Tryggvi er beðinn um að skýra þessi tölvusamskipti þeirra.

Tryggvi kveðst ekki muna vel eftir þessum tölvusamskiptum. Hann tekur það fram að á þessum tíma hafi líklegast verið mikið að gera hjá honum vegna vandamálsins sem tengist Jim, fyrrverandi framkvæmdastjóra Bonus Stores Inc í Bandaríkjunum. Hann tekur það einnig fram að hann eigi það til að vera fljótfær og eflaust hafi hann ekki áttað sig nákvæmlega á því sem Jón Gerald var að segja með tölvupóstinum. Hann hafi líklegast tekið þetta sem svo að um væri að ræða tölvupóst um mánaðarlegu greiðslunar til Jóns Geraldss.

Undir Tryggva er borin skjöl málsins nr. II/3.32.1 - 3.32.3 en það er símbréf Nordica Inc til Baugs hf dagsett 22.05.2002, reikningur Nordica Inc til Baugs að fjárhæð 16.808,80 dagsettur 22.05.2002 og staðfesting frá Bank of America á swift greiðslu til Nordica Inc frá Baugi hf þann 29.05.2002. Tryggvi er spurður hvort hann geti skýrt þessa greiðslu, en ekki verður annað séð en um sé að ræða reikning vegna slippkostnaðar á bátnum.

Tryggvi segir að í hans huga hafi hann verið að greiða mánaðalegan launakostnað Jóns Geraldss. Hann kveðst ekki geta skýrt þetta nánar.

Tryggva er tjáð að rannsakari gefið lítið fyrir þetta svar hans. Honum er bent á að löggregla hafi framburð frá Jóni Geraldis þar sem hann skýri frá því að hann hafi tekið við greiðslum frá Baugi hf vegna afborgana og reksturs bátsins Thee Viking. Einnig hafi hann afhent löggreglu tölvusamskipti sín við Tryggva sem ekki sé hægt að lesa annað út úr en að verið sé að tala um fjármögnun Baugs hf á rekstri bátsins. Auk þess tölvupóst þar sem nefnd er sérstaklega fjárhæðin 16.808,80 vegna slippkostnaðar varðandi báttinn, símbréfi Nordica Inc til Baugs hf varðandi sömu fjárhæð, sölureikningur Nordica Inc til Baugs með sömu fjárhæð og greiðslustaðfesting frá Bank of America um að Baugur hf hafi greitt umrædda fjárhæð til Nordica Inc. Tryggvi er spurður hvort hann vilji virkilega halda sig áfram við það að um sé að ræða greiðslur til Jóns Geraldss, til að standa undir launum hans og vinnu við að finna nýjar vörur og valkosti í innflutningsmálum fyrir Baug hf.

Tryggvi segir svo vera, hann hafi í raun verið að greiða umsamin kostnað til Jóns Geraldss.

Afram er borið undir Tryggva tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.4, sem virðast vera milli hans og Jóns Geraldss. Um er að ræða tölvupóst frá Tryggva úr netfanginu tryggvi@baugur.is þann 12. maí 2002. Þar kemur eftirfarandi fram:

*J. Mag*

*SJ*

“Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.

Samtal eru þetta \$350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer i það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin.”

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum tölvupósti.

Tryggvi kveðst vera að tala um þau tvö uppgjörsmál sem hann hafi skýrt frá í þessari yfirheyrslu. Hann tekur það fram að það hafi aldrei staðið til að Baugur hf. keypti sig inn í þennan bát.

Tryggvi er spurður að ástæðu þess að hann sem forstjóri Baugs hf sé að ræða uppgjör á bátnum við Jón Gerald.

Tryggvi segir ástæðuna aðallega vera þá að hann hefði haft í huga fjárhag Jóns Gerald. Hann tekur það fram að það hafi ekkert með störf hans sem forstjóra Baugs hf að gera.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/7.11, en það er útprentun á tölvupótsamskiptum sem hann átti við Jón Gerald þann 17. mars 2001, en þar má lesa eftirfarandi úr tölvupóstinum frá Jóni Gerald til Tryggva:

*“Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort búið er að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku.”*

Þá má einnig sjá svar Tryggva við tölvupóstinum frá Jóni Gerald:

*“Ég hef sent frá mér alla reikningana (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búið að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag.”*

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessara samskipta þeirra Jóns Gerald.

Tryggvi kveðst ekki muna eftir þessum pósti, hann hafi örugglega slegið saman í huganum Nordica Inc og Viking. Tryggvi kveðst ekki geta skýrt þetta nánar.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/5.3 sem er ritvinnsluskjal með minnispunktum varðandi snekkjuna. Á blaðið hafa einnig verið skrifaför athugasemdir og fjárhæðir. Tryggvi er spurður hvort hann þekki skjalið aftur og rithönd sína á skjalinu.

Tryggvi kveðst ekki muna glögglega eftir þessu skjali. Hann kveðst að hluta til þekkja rithöndina á skjalinu, sem hann segir að geti verið hans rithönd, þó vilji hann ekki staðhæfa neitt um það. Tryggvi kveðst ekki geta sagt um lið 3 á skjalinu þar sem fjallað er um greiðslur B/G í bátnum. Hann segir að honum detti helst í hug að þetta skjal hafi komið til umræðu í fyrsta skipti sem hann hafi hitt Jón Gerald vegna bátsins, líklegast árið 2000.

Tryggvi tekur það fram að hann hafi séð þetta skjal fyrir nokkrum dögum síðan, þá hafi hann fengið það sent með símbréfi frá Bandaríkjunum. Þá hafi þetta skjal ekki rifjast upp fyrir honum. Hann segir að þetta hafi nú við yfirheyrsluna rifjast lítillega upp fyrir honum.

*S. Mag*

Tryggvi er spurður út í félagið Miramar sem nefnt er í skjali II/5.3 varðandi afsal á 70 - 75% eignarhluta í Thee Viking til Miramar.

Tryggvi kveðst kannast við nafnið á félagini Miramar. Hann kveðst draga þá ályktun af textanum í skjalinu að lögfræðingi í Delaware yrði falið að stofna þetta félag.

Tryggva er kynnt að Jón Gerald hafi í sínum framburði hjá lögreglu skýrt frá því að þeir Tryggvi, Jóhannes, Jón Ásgeir og hann sjálfur hafi farið til Bahamas og þar hafi þeir Tryggvi, Jóhannes og Jón Ásgeir stofnað þetta félag Miramar.

Tryggvi segir það rétt hann hafi ferðast með þeim þremur til Bahamas varðandi hugsanleg fasteignaviðskipti þar. Hann segir að í þeirri ferð hafi þeir stofnað þetta félag, Miramar. Hann muni það nú þegar þessi ferð er rifjuð upp fyrir honum. Tryggvi segir að þetta félag sé alveg óstarfandi í dag, við nánari umhugsun kveðst Tryggvi telja að þeir hafi í raun ekki stofnað félagið. Ekkert hafi orðið úr neinum viðskiptum á Bahamas.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/5.6 sem er símbréf frá Nordica Inc. dagsett 02.02.2001, stílað á Baug hf. þess efnis að Jón Gerald sé að senda Baugi hf/Tryggva Jónssyni yfirlit yfir allar færslur sem orðið hafa vegna Þíkings, samtals 26 bls. Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þetta símbréf og þau gögn sem fylgja áttu með því.

Tryggvi kveðst ekki minnast þess að hafa tekið við þessu símbréfi, né fylgigönum þess. Hann segir að þó megi vera að Jón Gerald hafi kynnt sé þessi gögn á einhverjum þeim fundum sem hann hafi átt með Jóni Gerald.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/6.1 sem er tölvupóstsamskipti milli Tryggva Jónssonar og Jón Gerald Sullenberger frá 30.08.2001. Þar er fyrirsögnin: Nordica Damage Report og efni skjals um að útbúa skýrslu um vörutjón og rýrnun að fjárhæð 589.890,- USD varðandi flutning á vörum frá Nordica Inc til Aðfanga.

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum tölvusamskiptum við Jón Gerald.

Tryggvi kveðst ekki geta gert grein fyrir þessum tölvupósti. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa átt þessi samskipti við hann. Tryggvi kveðst ekki vita um hvað sé verið að fjalla í þessum tölvupósti og efnislega hafi þessi tölvupóstur ekkert með Baug hf að gera, né aðföng. Þannig fullyrðir Tryggvi að ekkert tengt þessum tölvupósti sé að finna í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi er spurður hver eigi þennan bát, Thee Viking.

Tryggvi kveðst ekki vita betur en að í upphafi hafi þeir feðgar ætlað að eiga helmings eignarhlut í bátnum á móti Jóni Gerald. Hann kveðst ekki vita hvernig eignarhlutföllin séu í dag, né hve mikla fjármuni hver þeirra hafi lagt í bátinn.

Aðspurður um þær uppgjörstölur varðandi eignarhald í bátnum sem Tryggvi nefni í tölvupóstsamskiptum sínum við Jón Gerald, þá segir Tryggvi að hann byggi þær á viðræðum við Jón Gerald. Hann tekur það fram að hann hafi aldrei heyrt neinar tölur frá feðgunum varðandi áætlað eignarhald þeirra í bátnum. Þá segir hann miklu skipta hvert gangverð bátsins sé í dag, þ.e. hvað hægt sé að fá fyrir bátinn yrði hann soldur. Hann segir Jón Gerald meta verðmæti bátsins á 1.400.000,- USD en Tryggvi kveðst sjálfur hafa lesið um það í blaði að svona bátur væri metinn á u.p.b. 900.000,- USD. Það skipti miklu máli varðandi uppgjör vegna bátsins. Hann kveðst þó telja að hlutföllin í eignarhaldi í

*J. Mag*

bátnum séu þannig að um 70% sé eignahlutur feðganna og 30% eignahlutur Jóns Gerald. Þá kveðst Tryggvi ekki vita hvernig 70% eignahluti feðganna skiptist á milli þeirra.

Tryggvi kveðst ekki hafa komið oft í þennan bát. Hann segir starfsmenn Baugs hf ekki hafa aðgang að bátnum, þeir Jóhannes, Jón Ásgeir og Jón Gerald eigi hann og noti hann sjálfir. Tryggvi kveðst eingöngu hafa farið með þeim feðgum og Jóni Geraldi á bátinn.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Tryggvi kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hann hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.


Skýrslutöku lauk klukkan 01:33 og hefst þá yfirlestur Tryggva á skýrslunni.

Klukkan 03:15 er yfirlestri lokið.


Staðfest rétt eftir haft:

  
Tryggvi Jónsson

Skýrsluna skráði:

  
Sveinn I. Magnússon

Viðstaddir yfirheyrslu og þegar  
Tryggvi las yfir skýrsluna,  
játaði efni hennar rétt eftir haft og  
undirritaði hana:

  
Arnar Jensson, aðst.yfirlöggreglubjónn

Verjandi Tryggva:

  
Andri Árnason, hrl.

J/1.2

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S
Skýrslu gerir  Arnar Jensson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn	Mál nr.  006-2002-0086	
Staður og stund:  Reykjavík - Fimmtudaginn 29. ágúst 2002. Klukkan 16.45		
Sakarefnin:  Fjárdráttur - umboðssvik		
Sakborningur/grunaður:  Tryggvi Jónsson	Kennitala:  140755-2739	
Starf/staða:  Forstjóri Baugur - group hf	Vinnusími:  530-5500 / 691-8888	
Löghemili:  Vesturhús 22, Reykjavík	Sími:  567-6363	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur til yfirheyrsu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar RLS. Hann kemur beint úr fangageymslu löggreglunnar í Hafnarfirði en hann var handtekinn í gær. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstur skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni á Miami í Flórida, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða fyrir persónulegan eignarhlut Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í snekkjunni.

Tryggva er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kýs að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddir er lögmaður Tryggva, Andri Árnason, hrl.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji gera breytingar á þeim framburði sem hann gaf hér í gærkvöldi og sl. nót.

Hann segist ekki vilja gera breytingar á framburði sínum. Hann segist hins vegar vilja benda á að það væri svo gegn hans eigin hagsmunum að framkvæma það sem hann er grunaður um að hann hefði aldrei framkvæmt það.

Tryggvi er spurður hvort hann haldi sig fast við þá skýringu sem hann gaf í fyrri skýrslu að greiðslur Baugs til Nordica sem námu u.þ.b. \$ 8.000 pr. mán. og síðar \$ 12.000 pr. mán. hafi verið greiðslur til Jóns Geraldis Sullenberger sem launa og umsýslukostnaður en þær fjárhæðir á engan hátt tengdar fjármögnun og/eða rekstarkostnaði bátsins Thee Viking í Florida.

Hann segir það rétt eftir sér haft og segist ítreka það svar.

Tryggva er sýnt skjal II/7.14 sem er útprentun á tölvupósti þar sem Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums hf. og Jón Gerald Sullenberger séu að fjalla um greiðslur vegna nefnds báts. Vakin er athygli hans á textanum:

“Sæll.

Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda \$12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurlíðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.

Kveðja,  
Kristín.”

J

06376

Honum er jafnframt tjáð að Kristín hafi greint rannsóknurum frá því að ljóst sé að þarna hafi hún verið búin að fá vitnesku um að Tryggvi hafi verið að senda u.p.b. \$ 12.000 á mánuði til Jóns Gerald vegna bátsins. Kristín hafi greint frá því að þessa vitnesku telji hún að hún hafi fengið hjá Tryggva. Hann er beðinn að tjá sig um þetta.

Tryggvi segist ekki kannast við það sem Kristín er að fara hér. Hann segist ítreka það sem hann áður hefur sagt að umræddir 8.000 og 12.000 dollarar til Nordica Inc hafi alls ekki tengst viðskiptum eða kostnaði við rekstur báts í Flóríða. Hann ítrekar einnig að hann eða Baugur hafi aldrei greitt Nordica eða Jóni Gerald Sullenberger vegna bátsins, svo hann viti. Hann reyndar tekur fram að hann minni að einn reikningur Nordica Inc hafi verið að fjárhæð \$ 139.000 sem Baugur hafi greitt fyrir mistök. Hann segist í framhaldi af því hafa hringt til Jóns Gerald og spurt hann skýringa á reikningnum. Jón Gerald hafi upplýst hann um að reikningurinn væri vegna kostnaðar við rekstur bátsins. Tryggvi segist því hafa rukkað Fjárfestingafélagið Gaum hf. um þessa fjárhæð í lok þess árs sem hluta af kr. 30.000.000 reikningi sem Baugur gerði Gaumi.

Tryggva er tjáð að greiðsla dags. 31. maí 2000 hafi verið USD 139.155,51.

Hann segir það geta passað að um sé að ræða þá greiðslu sem hann greindi frá hér á undan.

Tryggva er tjáð að fyrir liggi yfirlýsingar forráðamanna Fjárfestingafélagsins Gaums hf. að Gaumur hafi verið og sé eigandi umrædds báts að verulegum hluta og samtals hafi greiðslur Gaums vegna bátsins numið um 40.000.000 IKR. Hann er spurður hvort honum hafi verið það ljóst.

Hann segist ekki hafa vitað fyrir víst en reyndar hafi Jón Ásgeir sagt honum fyrir löngu síðan að greiðslur Jóns Ásgeirs og Jóhannesar til Jóns Gerald vegna bátsins hafi verið færð sem krafa. Hann segist ekki hafa vitað hvort Jón Ásgeir var að meina að hann og faðir hans ættu persónulega kröfu eða hvort þetta hefði verið sem krafa Gaums á Nordica.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi vitnesku um reikning Nordica Inc vegna Baugs að fjárhæð USD 589.890.

Hann segist endurtaka það sem hann sagði í síðustu yfirheyrsli að hann hefði aldrei séð eða heyrt um þennan reikning. Hann segist hafa beðið Ágústu Ólafsdóttur, starfsmann bókhalds Baugs að kanna öll viðskipti við Nordica nú fyrir nokkrum dögum. Það hafi hún gert og sett gögnin í möppu sem hann sýndi rannsóknurum í gær. Í þeim gögnum hafi þessi reikningur ekki verið. Tryggvi segir það alveg öruggt að hefði þessi reikningur verið gjaldfærður í bókhaldi Baugs hefði það ekki farið fram hjá sér, enda um háa fjárhæð að ræða.

Fyrir Tryggva er lagt ljósrit af reikningi útg. af Nordica Inc dags. 30. ágúst 2001 nr. 00000197 að fjárhæð USD 589.890. Reikningurinn virðist vera kreditreikningur vegna rýrnunar og skemmda varðandi vörukaup Aðfanga. Tryggvi er spurður hvort verið geti að þessi reikningur hafi verið í bókhaldi Baugs.

Hann segist ekkert kannast við þennan reikning og aldrei hafa séð hann eða heyrt. Hann segir fjárhæð reikningsins það háa að honum hefði örugglega verið kunnugt um hann, hefði hann verið sendur Baugi og gjaldfærst í bókhald þess félags.

Tryggvi er spurður hvort eins sé með reikninga sem á að tekjufæra.

Hann segir að hafi þessi reikningur borist honum hefði hann farið til lækkunar á vörukaupum í bókhaldi Aðfanga eða samstæðuuppgjöri Baugs. Hann segir engar reglur gilda innan fyrirtækisins Baugs um utanaðkomandi tekjureikninga þar sem Baugi berist mjög fáir slíkir reikningar.

Í ljósi þess að reikningurinn ber með sér að vera vegna rýrnunar og skemmda varðandi vörugaup er Tryggvi spurður hvort Baugur hafi komi nálaegt vörugaupum og hvort reikningar Nordica Inc vegna vörugaupa hafi áður borist Baugi.


Tryggvi segir að Baugur hafi aldrei séð um vörugaup og reikningar vegna þeirra hafi aldrei borist Baugi og aldrei verið færðir í bókhald Baugs heldur þess undirfyrirtækis sem var að kaupa vöruna inn, í þessi tilviki Aðfanga.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við að bæta.

Hann segist ekki óskað eftir því.

Kl. 18:50 er yfirheyrslu lokið og Tryggvi les skýrsluna yfir til undirritunar. Honum er tjáð að hann sé laus úr haldi.

Upplesið staðfest rétt eftir haft:



Skýrsluna skráði:



Viðstaddir yfirheyrslu:



Andri Árnason, hrl.

7/1.4

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S
Skýrslu gerir Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík, 28.02.2003		
Sakarefni: Ætluð brot á ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl., bókhaldslaga, laga um ársreikninga ofl.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Forstjóri Heklu hf.	Vinnusími: 590-5500	
Löghéimili: Vesturhúsum 22, 112 Reykjavík	Sími: 691-8888	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislöggreglustjórans skv. boðun. Honum er kynnt að til standi að yfirheyra hann um þann þátt þessarar rannsóknar sem snýr að viðskiptum með bát í Miami og tengsl hans og Baugs Group hf. við þau.

Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl., en hann er skipaður verjandi Tryggva.

Tryggva er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sakarefni sem að honum snýr en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Tryggva er kynnt að yfirheyrsan verði hljóðrituð en hann síðan boðaður til að yfirfara endurrit og undirrita það þegar það liggur fyrir eftir nokkra daga. Þá geti hann borið endurritið saman við hljóðupptökuna.

Tryggva er kynnt endurrit af yfirheyrsu sem framför þann 10.02.2003. Hann undirritar endurritið eftir að hafa lesið það, ásamt verjanda sínum og fulltrúa hans, Jóni Sigurðssyni, sem var viðstaddir yfirheyrluna.

Stjórnandi yfirheyrlunnar er Arnar Jensson, aðstoðaryfirlöggreglubjónn en honum til aðstoðar eru Sveinn Ingiberg Magnússon og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúar.

Hljóðupptaka hefst kl. 16:10.

Kl. 16:57 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 1 (hlið B) og geisladiska.

Yfirheyrsu haldið áfram kl. 17:13.

Kl. 17:30 er gert hlé á meðan Tryggvi kynnir sér gögn í málinu.

Tryggvi og verjandi hans, Andri, óskuðu eftir því að víkja frá og ræða saman einslega.

Yfirheyrsu haldið áfram kl. 17:42.

Kl. 18:15 er gert hlé á meðan skipt er um spólu og geisladiska.

Yfirheyrsu haldið áfram kl. 18:20.

Kl. 19:12 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 2 (hlið B) og geisladiska.

Yfirheyrsu haldið áfram kl. 19:32.

Kl. 20:24 er gert hlé á meðan skipt er um spólu.

Yfirheyrsu haldið áfram kl. 20:30.

↓

8.17.7ag

06439

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Kl. 20:52 er gert hlé á meðan skipt er um geisladiska.

Yfirheyrslu haldið áfram kl. 20:58 (spóla sett af stað 2 mínútum seinna eða u.p.b. kl. 21:00-EBj).

Kl. 21:12 lýkur hljóðupptöku.

Upplesið staðfest rétt:

Vincent Þórðarson

Viðstaddir yfirheyrsluna:

Audur Ómarsdóttir

J. Þ. Mag  
Austur Jónasson

Skýrsluna skráði:

Fridrik Þ. Jónasson

71.4.1

Föstudagur 28. febrúar 2003 á skrifstofu Ríkislöggreglustjóra, efnahagsbrotadeild. Hér er til rannsóknar mál nr. 006/2002-0086. Klukkan er 16:07. Mættur er Tryggvi Jónsson, sem er sakborningur í þessu máli, með skipuðum verjanda sínum Andra Árnasyni, hæstaréttarlögmanni. Það fer fram yfirheyrsla sakbornings. Yfirheyrlunni stjórnar Arnar Jensson aðstoðaryfirlöggluþjónn, en hér eru einnig stödd Sveinn Ingiberg Magnússon og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögglufulltrúar, og Sveinn mun taka þátt í yfirheyrlunni.

Það er búið að kynna Tryggva sakarefnið og hans réttarstöðu og taka fram þau réttarfarsákvæði sem eiga við og þau eru bókuð í sérstakri skrifaðri skýrslu sem er gerð í yfirheyrlunni, sem verður skrifað undir í lokin, og honum eru kunnug hans réttindi að öðru leyti.

AJ. Við ætlum að spyrja þig Tryggvi um viðskipti með báta í Florida, sem er búið reyndar að yfirheyra þig um áður, og það hafa farið fram tvær yfirheyrlur þar sem þú hefur verið spurður um þessa tilteknu báta sem að hétu Icelandic Viking I, Icelandic Viking II og síðan Thee Viking. Þann 28. ágúst og 29. ágúst þá tjáðir þú þig í tveimur skýrslum og ég ætla mjög stuttlega að renna yfir það sem að fram kemur, samandregið. Þú segir í þessum fyrrgreindu skýrslum að þú hafir ekkert komið að þessum tilteknu viðskiptum, það er að segja viðskiptum með bátana fyrr en um áramótin 1999/2000, ég vitna hérna svo beint í skýrslu sem þú gefur 28.8., þá segirðu; "Vegna þessara samskipta við Jón Gerald, hafi Jón Ásgeir Jóhannesson sett Tryggva inn í forsögu þess að Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson og Jón Gerald hugðust kaupa bát á Florida. Tryggvi kveðst ekki hafa þekkt þá sögu fyrr en Jón Ásgeir hafi skýrt honum frá hvernig það atvikaðist. Tryggvi kveðst vilja skýra frá þeirri forsögu eins og Jón Ásgeir hafi kynnt honum hana, enda segir hann það skipta máli varðandi þau afskipti sem Tryggvi kveðst síðar hafa haft við Jón Gerald vegna bátsins. Og síðar segir; Tryggvi kveðst telja að árið 1996 eða 1997 hafi kviknað hjá þeim Jóni Ásgeiri og Jón Geraldí sú hugmynd að kaupa bát í Florida, sem þeir hafi ætlað að eiga saman, sem persónulega eign. Jón Ásgeir hafi sagt sér frá því að hann ásamt Jóhanni Jónssyni hafi lagt fram fjármuni að hann minnir að fjárhæð um 20 milljónir króna vegna kaupa á bátnum og Jón

8

06441

Gerald lagt fram fjármuni á móti. Þannig kveðst Tryggvi halda að þeir feðgar hafi átt að eiga helmingshlut í bátnum á móti Jóni Gerald. Tryggvi kveðst einnig vita til þess að Jón Gerald hafi stofnað fyrirtæki utan um rekstur bátsins og hafi það fyrirtæki verið í hans eigu. Síðar segir í sömu skýrslu; "Þeir feðgar hafi með þeim peningasendingum eignast kröfu í bátinn sem síðar hafi átt að breyta í hlutafé í bátnum. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki vita hvaðan peningarnir frá feðgunum komu. Peningarnir hafi farið í gegnum bankakerfið og ekkert verið að fela í því sambandi eftir því sem hann best viti. Nánar aðspurður kveðst Tryggvi ekki vita til þess að þær greiðslur hafi runnið úr sjóðum Bónusverslananna, enda segir hann þessi viðskipti með bátinn hafa verið persónulega eign þeirra feðga og ekki hafa neitt með Bónus að gera. Tryggvi segir Jón Ásgeir hafa skýrt sér frá því að allt hafi leikið í lyndi varðandi viðskiptin við Jón Gerald næstu ár á eftir." Seinna segir; Tryggvi greinir síðan frá því í sömu skýrslu að í framhaldi af breyttum reglum um vörumerkingar 1999 hafi Nordica stofnað vöruhús í Miami og tekið að sér að endurmerkja og endurpakka vörum sem seldar voru til Aðfanga, en við það hafi kostnaður Nordica aukist. Á sama tíma hafi dregið úr innflutningi Aðfanga og vörum frá Nordica, þar sem áætlun um sölu undirfyrirtækja Baugs gengu ekki eftir. Tryggvi og Jón Ásgeir hafi átt fundi með Jóni Gerald vegna þessara mála og um áramótin 1999/2000 hafi hann lagt til við Jón Ásgeir að aðalskrifstofa Baugs greiddi Nordica 8 þúsund dollara á mánuði til að mæta auknum kostnaði Nordica vegna viðskiptanna. Svo vitna ég síðar í skýrsluna. "Strax í maí 2000 hafi Tryggvi átt fund með Jóni Gerald og farið yfir uppgjörið 1999, þeir þá samið um að hækka mánaðargreiðslurnar upp í 12 þúsund dollara. Þar að auki hafi Baugur greitt Nordica 50 þúsund dollara í peningum, allt í þeim tilgangi að bæta Nordica fyrrgreindan kostnaðarauka og tap. Á þessum fundi hafi Tryggvi þrýst á Jón Gerald að afsala sér sínum hluta bátsins til Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í samræmi við þær greiðslur sem þeir hefðu lagt í bátinn. Í janúar 2001 hafi síðan verið einn fundurinn enn, þar sem Jón Ásgeir hafi einnig verið og þeir hafi farið þar yfir viðskiptin árið 2000, en uppgjör vegna þeirra hafi þá legið fyrir. Enn hafi staða Nordica verið að versna og hafi Jón Ásgeir samþykkt að leggja Nordica til 80 þúsund dollara til að mæta taprekstri ársins 2000. Á þessum fundi hafi þeir

Jón Ásgeir þrýst á Jón Gerald að afsala sér sínum eignarhlut í bátnum til Jóns Ásgeirs og Jóhannesar.” Er þetta rétt lýsing á þessum viðskiptum?

TJ. Mér heyrist það.

AJ. Þarna tekurðu fram að það hafi verið ákveðið að greiða Nordica 8 þúsund dollara, fyrst, og síðan hafi sú greiðsla verið hækkuð upp í 12 þúsund dollara í maí 2000, vegna taprekstrar og kostnaðarauka, og þar að auki hafi verið greiddir 50 þúsund dollarar í peningum á árinu 2000 og síðan aftur á árinu 2001, 80 þúsund dollarar í peningum, allt í þessum sama tilgangi. Er þetta rétt?

TJ. Já.

AJ. Hvaða upplýsingar hafðir þú um eignarhlut í þessum báti sem við erum að tala um?

TJ. Ég hafði eingöngu upplýsingar frá þeim, samkvæmt samtölum frá þeim, og það vorum skiptar skoðaðir á milli þeirra, Jón Gerald taldi sig eiga meira í bátnum heldur en Gaumur taldi sig eiga. Ég held að ég hafi fengið allar fjárhagslegar upplýsingar eða allar tölur og allt slíkt frá Jóni Gerald.

AJ. Sendi hann þér þá yfirlit, eða hvað fékkstu í hendurnar, hvaða gögn varstu með, manstu það?

TJ. Á hvaða tímapunkti þá?

AJ. Ef við segjum bara á árinu 1999?

TJ. Ég held að á árinu 1999 hafi ég lítið komið að þessu máli. Einhvern tíma frekar á árinu 2000 að þá lætur hann mig fá upplýsingar um þær fjárhæðir sem hann hafði greitt og lán sem voru áhvílandi.

AJ. Á þá bátnum?

TJ. Já á þessum bátum. Við fórum yfir þetta saman, við vorum að reyna að púsla saman hvaða valkostir væru í stöðunni.

AJ. Þannig að þér hefur verið ljóst allan tímann hver staðan var á milli þeirra aðila og hver hafi borgað hvað í þessum tilteknu bátum?

TJ. Eins og ég segi, ég fór yfir þetta með Jóni Gerald samkvæmt upplýsingum frá honum, þannig að í sjálfu sér þá hafði ég ekkert, ég fór ekki í nein frumgögn eða einhverja sjálfstæða vinnu til að kanna það með einum eða neinum hætti. Fékk bara yfirlit frá honum.

- SM. Hver var ástæðan fyrir því að þú varst að blandast inn í þetta?
- TJ. Sú ástæða er mjög einföld, að á þessum tíma þá var ég í samskiptum við Jón Gerald út af vöruhúsini sem þá var komið til sögunnar og þá var reksturinn ekki að ganga sem skyldi og við ræðum saman um hans fjármál og þá kemur þetta inn á það borð, og ég fór að reyna að aðstoða hann í því að klára þessi mál og í samráði við þá feðga, þannig kem ég að þessu máli, einfaldlega til að reyna að liðka fyrir.
- AJ. Óskuðu þeir feðgar þá eftir því að þú myndir taka þetta að þér að..?
- TJ. Ég held að þetta hafi byrjað frekar þannig að ég er að funda með Jóni Gerald og við förum að tala um stöðuna og reksturinn gengur ekki vel og hann vantar fjármagn inn í það og þá er ég að hvetja hann til að selja eða ganga frá þessum samningum jafnvel að selja sig út úr bátnum, því að mér fannst og þið kannski, nema þið hafið farið að heimsækja hann síðan, þá kannski vitið þið það líka, mér fannst hann standa dálítið undarlega að því miðað við mann sem að reka fyrirtæki sem er í fjárhagslegum erfiðleikum, á sama tíma þá var ekki hægt að skera neitt niður lifistandard eða neitt slíkt, eins og ég var að reyna að hvetja hann til. Hann á eða átti allavegana hús í Coral Gables sem er með dýrari hverfum þarna í Miami, keyrði um á Lexus jeppa og finn bíll númer tvö líka á heimilinu, átti í snekkju. Mér fannst það svona ekki ganga upp og var að reyna að hvetja hann til þess að taka á þessu máli.
- AJ. Varst þú einhvern tíma fenginn til þess af hinum eigendum þá, Jóni Ásgeiri og Jóhannesi til þess að lenda þessu bátamáli einhvern veginn?
- TJ. Nei, það er ekki þannig að þeir komi til míni og feli mér verkefnið, það er frekar þegar að ég er búinn að vera að ræða við Jón Gerald og tala síðan við feðgana í framhaldi af því, að ég segi við þá að það þurfi að klára þetta mál og þá höfðu þeir verið að reyna það líka. Hann hafði stofnað fyrirtæki utan um bátinn, og þá var gert ráð fyrir að þeir væru sameigendur að því, hann hafði ekki gengið frá afsali, þeir höfðu eitthvað verið að ýta eftir því, það hafði ekki gengið, þess vegna fór ég að reyna að, því að ég taldi mig vera vin Jóns Geraldis og var að reyna að vinna að hans málum þarna.
- AJ. Nú ert þú á þessum tíma aðstoðarforstjóri Baugs.

- TJ. Já.
- AJ. Og verður síðan forstjóri Baugs.
- TJ. Já, um þiggja mánaða skeið eða svo, um nokkra mánaða skeið.
- AJ. Hafðir þú heimild til að starfa eða vinna önnur störf, var þetta starf tengt þessu hlutverki þínu sem aðstoðarforstjóri Baugs eða var þetta bara private verkefni?
- TJ. Þetta var ekkert starf, það er ekki rétt að skilgreina þetta sem starf. Ég fer aldrei og á sérstaka fundi með Jóni Gerald út af bátamálum. Ég ræði við Jón Gerald út af hans rekstrarmálum, þá koma þessi mál til umræðu þar, þetta er ekkert starf, það er ekki rétt skilgreining á því.
- AJ. En þetta er þá ekkert hluti af þínu starfi sem aðstoðarforstjóri Baugs, að sinna þessu máli í sambandi við bátinn?
- TJ. Þetta var frekar vinargreiði við þá.
- SM. Aðeins kannski varðandi þessar mánaðarlegu greiðslur sem er upphaflega 8 þúsund dollarar á mánuði og hækka svo upp í 12 þúsund dollara. Á hverju grundvölluðust þær?
- TJ. Þær grundvölluðust á því að reksturinn gekk ekki sem skyldi og ég held að þetta hafi áður verið búið að koma fram. Og til þess að liðka fyrir hjá honum út af hans fjárhagsstöðu, að þá var ákveðið að hann fengi, við getum kallað það laun eða nokkurskonar verktakagreiðslur til þess að halda sér á floti meðan var verið að snúa við rekstrinum. Það kemur þarna mikil fjárfesting hjá honum þegar hann setur á laggirnar vöruhúsið og það er verið að reyna að byggja upp innflutning frá Ameríku, þannig að þannig kemur þetta til. Fyrst 8 þúsund dollarar og síðan 12 þúsund dollarar.
- SM. En 12 þúsund dollarar á þessum tíma, þetta er um milljón á mánuði í íslenskum.
- TJ. Ég man ekki hvað gengið var árið 2000, ætli þetta sé ekki svona 800-900 þúsund á mánuði eða milljón á mánuði, það kann að vera. Þetta var kannski í samræmi við framkvæmdastjóralaun, eitthvað á því leveli, sem að þetta var.
- SM. En voru störf hans þá metin þannig fyrir Baug, að það væri réttlætanlegt að borga honum um milljón á mánuði?

- TJ. Við vorum svo sannarlega ekki að gera þetta í ölmususkyni, við vorum að reyna að byggja upp viðskipti þarna og við vildum leggja mikið undir, veðja mikið á þessi viðskipti, þess vegna fannst okkur það mjög réttlætanlegt að gera það já.
- AJ. Þannig að fjárhæðin 8 þúsund og síðan 12 þúsund er fundin ef ég skil þeta rétt, út frá því hvað vantaði upp á, það mundu ná endar saman ef að þessi fjárhæð yrði greidd á mánuði, var búið að reikna það út eða hvað?
- TJ. Á þessum tíma þá töluðum við saman um þetta við Jón Gerald og töluðum um að hann kæmi svona, hann var að vinna 90% að minnsta kosti fyrir okkur. Meðan að þetta væri í þessari stöðu að þá ætti þetta að duga til að sinna hans persónulegu útgjöldum, svona nokkurskonar laun fyrir þá vinnu sem hann væri að inna af hendi svona sem framkvæmdastjóri þarna úti, meðan var verið að byggja upp þennan rekstur, sem stjórnandi þarna úti.
- AJ. Þannig að hann verður starfsmaður Baugs?
- TJ. Nei, hann verður ekki starfsmaður Baugs, það er ekki rétt, þetta var eins og ég sagði áðan, þetta var frekar verktakagreiðsla, þessi fjárhæð er fengin sem nauðsynlegt lifibrauð fyrir hann. Þannig er talan fengin, þetta er einhver tala sem að hann metur þannig að sé nægjanleg fyrir sig til þess að standa við sínar persónulegu skuldbindingar þarna úti á þessum tímapunkti, meðan hann gat ekki þegið laun af fyrirtækinu.
- AJ. Hvaða verkefni voru það þá nákvæmlega sem hann var þá að inna af hendi fyrir þessa fjármuni?
- TJ. Það eru þessi verkefni sem tengjast starfseminni þarna úti, það er að finna vörur, búa til ný viðskiptasambönd. Hann gerði mjög margt þarna og svo bara líka það sem að hann þyrfti til að lifa, eins og ég segi. Hann var að vinna nær eingöngu eða að 90% leyti fyrir okkur, þannig að þetta eru bara þau verkefni sem að tengjast því sem verktaki í slíkri vinnu.
- SM. Þannig að viðskiptasamband á milli Baugs eða undirfyrirtækja þess við Nordica hafi verið meira heldur en bara hrein vörubiðskipti milli tveggja félaga?
- TJ. Í upphafi þá voru þetta vörubiðskipti milli tveggja félaga. Síðan þróast mál þannig að það verður þarna persónulegur vinskapur á milli feðganna og hans, Jóns Gerald, og þegar að kemur að þessum tímapunkti að þurfa að fara að merkja

vörur, fjárfesta í vöruhúsi, byggja þar upp lager, að þá þróast þetta með þessum hætti. Þetta er bara það sem við töldum að væri fyrirtækinu, það er að segja Baugi fyrir bestu að byggja þetta upp með þessum hætti.

SM. Ég ætla að fara yfir einstaka þætti úr framburðarskýrslum Jóns Gerald sem varða viðskipti með bátana og aðkomu þína að þeim. Þá ætla ég fyrst að fara hérna í skýrslu sem er frá 6. október 2002, þar sem Jón Gerald er að fara yfir sviðið hvernig þetta varð til þegar þriðji báturinn er keyptur. Og hann segir hérna, svo ég taki orðrétt upp úr skýrslunni; “Jón Gerald segir, að þegar ákveðið hafi verið að kaupa nýja bátinn The Viking, hafi hann lagst yfir það með Jóni Ásgeiri hvernig ætti að fjármagna kaupin á þeim báti. Hann segir að Tryggvi Jónsson hafi komið inn í þá vinnu, enda hafi Tryggvi þá verið kominn til starfa hjá Baugi hf. Inn í þær vangaveltur hafi meðal annars komið þessar áætlanir um að nota hluta af rekstrartekjum Nýbrauðs, til að standa undir rekstri bátsins, eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt lögreglu frá í fyrri skýrslum sínum vegna málsins. Jón Gerald segir að það hafi dregist nokkuð að þeir fengju nýja bátinn afhentan vegna vanefnda seljanda og ekki fengið hann afhentan fyrr en í október 1999. Á þeim tímapunkti hafi hann verið búinn að funda með Jóni Ásgeiri og Tryggva. Tryggvi hafi þar verið búinn að setja upp rekstraráætlun varðandi rekstur bátsins og áætlað 8 þúsund bandaríkjadollara fasta mánaðarlega greiðslu sem Baugur hf. myndi greiða til Nordica vegna reksturs bátsins. Hafi það gengið eftir fyrstu mánuðina eftir að þeir fengu nýja bátinn afhentan, það er frá lokum árs 1999 og fram á mitt ár 2000”. Hvað viltu um þetta segja?

TJ. Í fyrsta lagi að þá kom ég ekki nálægt þessum, því sem hann segir þarna, viðræðum hans og Jóns Ásgeirs um fjármögnun á bátnum, ég kom ekki nálægt því, það er það fyrsta sem ég vil segja. Og svo sagðir þú að hann hefði í október fengið bátinn afhentan?

SM. Já.

TJ. Mig minnir að ég hafi einhvern tíma séð að hann hafi stofnað fyrirtækið New Viking mun fyrr. Nú veit ég ekki hvenær báturinn var afhentur, ég hélt alltaf að hann hefði komið fyrr til sögunnar.

SM. Báturinn er keyptur í byrjun árs 1999, en fékkst ekki afhentur fyrr en í október.

- TJ. Þá hafi legið fyrir útreikningar frá mér um rekstrarkostnað á bátnum. Ég kann ekkert á bátamál, ég gæti ekki reiknað út rekstrarkostnað á báti, ég þekki ekki og þekkti ekki heldur þá, öll þau gjöld sem þarna þurfa til að koma, þannig að það er algjör fásinna að ég hafi haft kunnáttu til að reikna út rekstrarkostnað af bát, það bara stenst ekki?
- SM. En nú ert þú viðskiptafræðingur og endurskoðandi, þetta snýst kannski um afborganir af lánum og einhver rekstrarkostnaður almennur. Maður myndi ætla að viðskiptafræðingur gæti sett sig inn í slikt umhverfi?
- TJ. Já, en hver var þá að gefa upplýsingarnar, en hver var þá búinn að meta tölurnar ef að það væri svoleiðis, þá væntanlega kæmu þessar tölur einhversstaðar frá. Raunar held ég að það hafi komið einhversstaðar plagg frá ykkur sem ég hafi séð einhvern tíma, þar sem að kemur fram áætlaður rekstrarkostnaður af bátnum sé 122 þúsund dollarar á ári. Ég veit ekki hvort þið munið eftir því plaggi. Það kemur væntanlega frá Jóni Gerald. Ef að það plagg er skoðað að þá mundi hvorki 8 þúsund eða 12 þúsund dollarar standa undir því. 12 þúsund dollarar myndi þyð 144 þúsund, þannig að þá væri hann að fá eiththað í vasann þar, þar að auki átti hann einhverja hlutdeild í bátnum og hefði þá sjálfsgagt viljað, átt að taka þá þátt í rekstrarkostnaðinum, þetta er bara þvæla. Ég bara spyr á móti, hvað, ef að Jón Gerald, hefði nú sagt, 8 þúsund dollararnir eða 12 þúsund dollararnir, þeir væru út af samningi út af tapinu, en hinar fjárhæðirnar sem við vorum að greiða, þær væru til að borga afborganir af bátnum eða fjárfestingu í bátnum. Hver hefði staðan verið þá núna, væri maður ekki í nákvæmlega sömu sporum. Af hverju sagði hann ykkur ekki frá þessum greiðslum sem að hann var að fá frá okkur, af hverju sagði hann ykkur ekki frá 50 þúsund dollurunum, 80 þúsund dollurunum og 120 þúsund dollurunum?
- SM. Hann gerði það.
- TJ. Ekki fyrr en eftir á, ekki fyrr en í yfirheyrlunni eftir að við vorum hérna.
- AJ. Það hefur alla tíð legið fyrir að þær greiðslur hafi farið til hans.
- TJ. Það lá ekki fyrir í yfirheyrlunum yfir honum þegar þið yfirheyrduð hann á sunnudegi og mánudegi, þið komið síðan til okkar á miðvikudegi, hann staðfestir það síðan við ykkur eftir á.

- AJ. Já, það er kannski fyrst og fremst verið að spyrja hann um þessi ætluðu brot.
- TJ. Þess vegna spyr ég á móti, ef að hann hefði komið þarna inn og sagt hérna, ég fékk 80 þúsund dollara, ég fékk 50 þúsund dollara, ég fékk 120 þúsund dollara, og þetta var tilgangurinn. Hver hefði staðan verið þá?
- AJ. Við skulum ekki vera að velta því fyrir okkur.
- TJ. Nei.
- SM. Áfram úr þessari sömu skýrslu frá 6. október 2002, skýrsla sem Jón Gerald gaf. Þar segir orörétt; "Um mitt ár 2000 hafi þeir þurft að endurmota rekstraráætlunina varðandi bátinn. Þá hafi þeir Jón Ásgeir og Tryggvi ákveðið að hækka mánaðarlegu greiðsluna frá Baugi úr 8 þúsund bandaríkjadöllum í 12 þúsund. Þannig hafi greiðslum verið háttáð allar götur síðan. Nordica/New Viking hefur móttekið 12 þúsund bandaríkjadollara greiðslu mánaðarlega frá Baugi vegna reksturs bátsins. Auk þessa kveðst Jón Gerald hafa unnið samatekt fyrir Tryggva varðandi allar greiðslur og allan kostnað vegna allra bátanna þriggja, allt frá árinu 1996 og hafi Tryggvi því haft mjög góða yfirsýn yfir rekstur bátanna og hve mikið hver og einn hefur greitt í rekstur bátanna. Jón Gerald segir Tryggva hafa sett sig vel inn í rekstur Thee Viking og fylgst þar vel með. Hvað segir þú um þetta?
- TJ. Ég get nú sagt ýmislegt um þetta líka. Í fyrsta lagi þegar ákveðið er að fara með greiðslur upp í 12 þúsund dollara, að þá er það vegna þess að þá liggur fyrir uppgjörið vegna 1999, á sama fundi, ef ég man rétt að þá er líka ákveðið að greiða honum 50 þúsund dollara. Hann hefði þá átt að nefna það í sömu andrá, að við færum annarsvegar að borga honum styrk upp á 50 þúsund eða taka þátt í rekstrarkostnaði upp á 50 þúsund og á sama tíma að hækka framlag í bátinn vegna þess að það hafi dottið inn á sama tíma einhverjar nýjar upplýsingar. Þetta er bara ótrúlegt. Viltu aðeins lesa fyrir mig aftur það sem þú sagðir síðast?
- SM. Auk þessa kveðst Jón Gerald hafa unnið að samantekt fyrir Tryggva varðandi allar greiðslur, allan kostnað vegna allra bátanna þriggja, allt frá 1996 og hafi Tryggvi því haft mjög góða yfirsýn yfir rekstur bátanna og hve mikið hver og einn hefur greitt í rekstur bátanna. Jón Gerald segir Tryggva hafa sett sig vel inn í rekstur Thee Viking og fylgst þar vel með.

- TJ. Hann lagði fram tölur á þessum fundi þar sem að, eða á einhverjum fundi, hvort sem það var þessi sami fundur eða ekki, þar sem kom fram hvað þessir bátar, hvað þeir hefðu kostað og hvernig þeir hefðu verið fjármagnaðir og hvernig það skiptist á milli hans og Gaums. Ég fór bara með honum yfir þetta á þessum fundi, þar sem hann lagði þetta fram, og að það þýði að ég hafi sett mig vel inn í og fylgst vel með rekstrinum, það er bara þvæla, það er bara ímyndun hans, bara það sem hann telur.
- AJ. Nú liggur það fyrir í tölvupóstinum, að hann hefur, þú hefur fengið send viðhengi með yfirlitum New Viking til dæmis, félagsins, er það ekki?
- TJ. Jú.
- SM. Ef við förum aftur hérna í skýrsluna sem Jón Gerald gaf 25. ágúst 2002, þú hefur kannski heyrt hluta af þessu áður. Ég ætla að hafa hér orðrétt eftir það sem Jón Gerald sagði; “Jón Gerald kveðst eftir kaupin á Thee Viking hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gefa út reikning mánaðarlega í nafni fyrirtækisins Nordica, stílaðan á Baug að fjárhæð 12 þúsund bandaríkjadalir. Á reikninginn átti að skrá sem skýringu að um væri að ræða ráðgjafastarf og þóknun fyrir samningagerð. Raunin hafi verið sú að um var að ræða afborganir og rekstur snekkjunnar. Jón Gerald tekur það fram að þannig hafi þessum greiðslum frá þeim feðgum verið háttar frá upphafi, það er þegar þeir hafi greitt sinn hlut af afborgunum vegna snekkjunnar, þá hafi þeir óskað eftir því að hann sendi þeim reikning sem hverju sinni var efnislega rangur og gaf ekki til kynna að verið væri að greiða afborganir og rekstur snekkju á Florida. Jón Gerald tekur það fram að eftir að Tryggvi Jónsson kom til starfa hjá Baugi hafi hann nánast séð um öll samskipti varðandi rekstur og útgjalda vegna Thee Viking. Jón Gerald segir að þannig hafi þeir feðgar Jón Ásgeir og Jóhannes fjármagnað kaupin á snekkjunni með peningum frá Baugi”. Hvað viltu um þetta segja?
- TJ. Þá lægi það væntanlega fyrir í bókhaldinu ef Baugur hefði fjármagnað fjárfestingar í bátnum. Í þessari sömu yfirheyrlu þá segir Jón Gerald líka að hann hafi útbúið kreditreikning, eða útbúið debetrekning sem við höfum gjaldfært. Á þessum tímapunkti þá er hann og þarna um sumarið, þá er hann í mikilli hatursferð og ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Þarna er hann að snúa út úr

hlutum til þess að reyna að koma höggi á, eins og hann sagði við mig í símtali, hann skyldi koma höggi á Jón Ásgeir, og ef að ég þyrfti að fara með að þá “so be it”, og það er nákvæmlega það sem hann er að gera þarna. Ef að þetta væri rétt, af hverju hættir þá ekki Gaumur að borga, eða af hverju hættir hann þá ekki að nota kreditkort Gaums frá sama tímapunkti, af hverju heldur hann því áfram í um 14 mánaða skeið, eftir að byrjað er að gefa út þessa mánaðarlegu reikninga. Það hlýtur að vera umhugsunarefni. Þar að auki að ef að Baugur eða Jón Ásgeir sem forstjóri Baugs, vildi taka bát á leigu í Bandaríkjunum eða við Miðjarðarhafið eða hvar sem er, þá hefði hann stöðuheimild til þess sem forstjóri, hann getur alveg leyft sér það, þannig að hann þurfti ekkert, þetta er svo ólogiskt. En hinsvegar þá kýs Jón Gerald að halda þessu fram.

- SM. Áfram úr sömu yfirheyrslu, við erum reyndar komnir í yfirheyrslu sem fór fram 30. ágúst 2002. Þar var borið undir hann það sem þið höfðuð sagt um þessar greiðslur, bæði þú og Jón Ásgeir. Hann var spurður hvort hann hefði verið að fá fastar styrkgreiðslur frá Baugi, og svarið orðrétt upp úr skýrslunni, er svona; “Jón Gerald tekur það fram að hann hafi fengið neinar fastar styrkgreiðslur frá Baugi hf. Hann kveðst hafa fengið 80 þúsund bandaríkjadalí í greiðslu frá Baugi, að hann minni í maí 2000 vegna tapreksturs Nordica sem hafi verið skaðabætur Baugs hf. til Nordica vegna útlagðs kostnaðar Nordica við stofnun og standsetningu vöruhúss í Miami. Jón Gerald kveðst hafa orðið fyrir miklum kostnaði vegna þess, sem hafi valdið Nordica taprekstri árið 1999 og hafi Baugur verið að taka þátt í þeim taprekstri með 80 þúsund dollara greiðslunni. Jón Gerald segir Nordica einnig hafa fengið 50 þúsund bandaríkjadalí frá Baugi í janúar 2000 vegna tapreksturs Nordica árið 2001, en Baugur hf. hafi samþykkt að taka þátt í því tapi Nordica vegna ársins 2001. Í júní 2002 segist Jón Gerald hafa móttekið fyrir hönd Nordica 120 þúsund bandaríkjadalí greiðslu frá Baugi vegna viðskiptalegs taps Nordica gagnvart Baugi hf. á tímabilinu 2001/2002”. Hvað hefur þú um þetta að segja?
- TJ. Þarna kemur hann nú fyrst með þessar greiðslur þarna sem ég var að vitna til áðan. Auðvitað segir hann og fer ekki að breyta þarna og fallast á það, nýbúinn að segja það að við höfum búið til mánaðarreikninga, að fara að segja jú, þetta er

allt satt og rétt, bakka út úr öllu, þannig að það er ekkert um það að segja hjá honum. Hinsvegar þá eru þessar tímasetningar ekki alveg í lagi, vegna þess að hann segir 80 þúsund árið 2000, 50 þúsund í janúar 2002 og 120 þúsund í júní 2002. Eins og ég man þetta að þá var það 50 eða 80 þúsund 2000 og síðan 50 þúsund frekar en 80 þúsund á árinu 2001 vegna ársins 2000, hitt var vegna ársins 1999 og síðan 120 þúsund í mars 2002, sem átti að vera greiðsla upp í, af því að hann vildi halda áfram með rekstur vöruhússins þegar við vorum að hvetja hann til að fara að vinna málið heiman frá sér eins og hann gerði áður. En tímasetningarnar eru frekar þessar.

- SM. Hann var spurður út í þetta líka allt saman, og hann segir að í ykkar framburði sé reynt að blanda saman greiðslum vegna bátsins, sem hafi verið þessar föstu mánaðarlegu greiðslur og hinsvegar greiðslum sem urðu til vegna vörushiðskipta Nordica við Baug eða undirfyrirtæki þess og þátttöku Baugs í að greiða niður taprekstur. Það hafi verið þessar stóru greiðslur, en föstu mánaðarlegu greiðslurnar hafi verið þessir 12 þúsund dollarar og áður 8 þúsund dollarar. Hann segir að þið séuð bara að reyna að blanda saman þarna tveimur hlutum alveg óskyldum?
- TJ. Það er athyglisvert. Baugur borgaði aldrei neitt nema út af rekstri vöruhússins, þannig að þetta eru ekkert óskyldir hlutir, þetta er bara einn hlutur sem við borguðum út af, Baugur borgaði ekkert út af bátnum.
- SM. Þá vindum við okkur í að fara yfir framburð Jóhönnu Guðmundsdóttur eiginkonu Jóns Geraldus. Við tókum skýrslu af henni þann 2. október, þar sem hún var meðal annars spurð út í bátinn. Ef við fórum aðeins yfir það sem hún hafði um þessi viðskipti að segja, svo ég hafi eftir henni orðrétt; "Jóhanna segir að þeir feðgar hafi alfarið ætlað að sjá um að fjármagna kaupin á þessum nýja báti. Til að skýra það nánar, að þá segir hún að Icelandic Viking II, hafi verið settur upp í kaupverð nýja bátsins, auk þess hafi Jón Gerald tekið nýtt lán til að fjármagna kaupin. Þeir feðgar hafi hins vegar ætlað að standa undir afborgunum af því láni og sjá um hluta af rekstrarkostnaði bátsins, og viti hún til þess að greiðslur vegna bátsins hafi borist frá Baugi hf. Jóhanna segir að Jón Ásgeir hafi verið með óskir um það að þessum nýja báti yrði ekki gefið nafn sem tengdist Íslandi, honum hafi þótt það

óþægilegt að nafn fyrri bátsins hafi tengst Íslandi og hafi hann komið með þá hugmynd að nefna þennan bát Thee Viking, og sökum þess hafi þriðji báturinn ekki verið nefndur Icelandic Viking III. Varðandi eignarhluta í þessum nýja báti að þá kveðst hún ekki hafa heyrt um neina breytingu á eignarhlut í þeim báti. Hún segir að sökum þess að öll lán vegna bátsins hafi verið tekin í nafni Jóns Geraldus hafi bátarnir alla tíð verið skráðir sem eign Jóns Geraldus. Jóhanna tekur það fram að Tryggvi Jónsson hafi hinsvegar komið með þær hugmyndir að stofnað yrði sérstakt félag um rekstur bátsins og í því skyni hafi Jón Gerald stofnað félagið New Viking. Jóhanna segir að allt varðandi rekstur bátsins hafa gengið að óskum, en þegar farið hafi að halla undan fæti í rekstri Nordica og fundað hafi verið vegna slæmrar fjárhagsstöðu Nordica hafi þeir Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson farið að blanda bátnum inn í þau mál. Hún segir að þeir hafi viljað taka yfir lánin sem vörðuðu bátinn og eignarhluta þeirra í bátnum yrði afsalað yfir á félag í eigu þeirra. Jón Gerald hafi hinsvegar viljað ganga frá eignarhlutum þeirra í bátnum þegar búið var að leysa vandann varðandi vörnuviðskipti Nordica við Aðföng/Baug". Hvað viltu um þetta segja?

TJ. Ég þekki nú í fyrsta lagi ekkert til hvernig þessi nafngift er tilkomin, hver á hugmyndina að því. Mér finnst þetta dálítið undanleg skýring ef að það átti ekki að tengja nafnið Íslandi og taka þar að leiðandi Icelandic en hafa áfram Viking, ég held að Víkingstengingin sé nú frekar á norðurslóð heldur en eitthvað annað. Þetta var bara svo langt sem þú last þarna upp.

AJ. En hvað með að þessi hugmynd hafi komið frá þér að stofna félag um rekstur bátsins til að það væri einhversstaðar sér?

TJ. Það er fáránlegt, vegna þess að ég veit ekki betur til heldur en Jón Gerald í gegnum sinn lögfræðing, sem að ég veit ekki hver er, en eftir því sem hann sagði mér á sínum tíma að væri í Delaware, hafi stofnað félagið sjálfur einn og óstuddur í byrjun árs, eða einhvern tíma fyrrípart árs 1999 og fært bátinn þá væntanlega inn á það félag. Þarna á þessum tíma að þá var ég ekki búinn að hitta Jón Gerald oft, kannski tvisvar þrisvar eitthvað síkt, þekkti hann ekki mikið á þeim tímapunkti, þannig að þetta er bara rangt.

AJ. Þetta er ekki þín hugmynd sem sagt?

- TJ. Nei.
- SM. En þetta það sem hún er að tala um, að þið hafið farið að blanda saman vörushiðskiptum Nordica við Aðföng eða Baug við þessi bátaviðskiptauppgjör vegna þeirra?
- TJ. Þarna er aftur verið að tala um epli og appelsínu. Þegar að við Jón Gerald hittumst, þá höldum við ekki sér fund um bát og annan fund um mál vöruhússins. Hans fjárhagsstaða er mjög slæm og ég var búinn að vera að reyna að hvetja hann til þess að reyna að selja bátinn alfarið frá sér, vegna þess að hann hafði ekkert efni á bátnum, eins og ég held að dæmin sanni nú.
- AJ. Þetta er komið fram er það ekki, þurfum við nokkuð að vera að endurtaka það.
- TJ. Nei nei af því hann er að spyrja um þetta.
- SM. Það kemur líka fram í þessum framburði hennar að hún hafi viljað að eignarhlut feðganna í bátnum yrði afsalað yfir á félagið í þeirra eigu?
- TJ. Það sem var talað um við Jón Gerald var það að hann afsali sér hluta af fyrirtækinu sem hann átti, þannig að þeir yrðu sameigendur í því.
- AJ. Átti hann ekki allt félagið?
- TJ. Hann átti allt félagið hann Jón Gerald, þess vegna er talað um að hann myndi selja, af því að það var talað um það á einhverjum tímapunkti að feðgarnir ættu eða Gaumur ætti 70%.
- AJ. Í bátnum?
- TJ. Já ég meina, en félagið var bara um bátinn, eftir því sem að mér skildist á Jóni Gerald, þá var auðveldast að selja 70% í félaginu en ekki að fara að stofna sér félag utan um einhvern 70% hlut eða eitthvað slíkt. Þannig töluðum við alltaf um það en ekki að stofna sér félag um það, það var til félag.
- AJ. En var ekki talað um það að hann myndi afsala sér öllum hlutum sínum í þessu félagi?
- TJ. Það sem að ég var að hvetja hann til að hann myndi selja sinn hlut, hann hefði ekkert efni á þessum bát, en hann var ekki til tals um það.
- SM. En áfram úr framburði Jóhönnu, þar sem segir orðrétt eftir henni haft; "Jóhanna kveðst hafa verið boðuð á nokkra fundi vegna þessara mála. Hún kveðst hafa verið boðuð á fundi í Daytona í Florida, en það hafi verið við opnun Bónus

Dollars Stores í Florida. Þá hafi Tryggvi Jónsson boðað þau Jón Gerald á fund til að ræða viðskipti Nordica og Aðfanga, en einnig hafi hann rætt um bátinn og skiptingu eignarhluta í bátnum. Á þeim fundi hafi hún fyrst heyrt að þeir feðgar vildu fá stærri eignarhlut í bátnum en helmings hlut. Hún segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar varðandi bátinn á þessum fundi, en talað um að auka viðskipti Nordica við Aðföng. Jóhanna kveðst einnig hafa verið boðuð á fund lögfræðings í Coral Gables í Miami í janúar 2002 með Jóni Gerald og hafi Tryggvi Jónsson mætt á þann fund fyrir hönd þeirra feðga. Þar hafi Tryggvi skýrt frá því að þeir feðgar væru tilbúnir að yfirtaka lánin sem Jón Gerald hafi tekið vegna kaupanna á bátnum gegn því að Jón Gerald afsalaði eignarhlut til félags í nafni þeirra feðga. Ekki hafi náðst samkomulag um það á þessum fundi hve stórum eignarhluta ætti að afsala til þeirra feðga, en Tryggvi hafi sagt Jón Ásgeir vera með þær hugmyndir að Jón Gerald ætti 24% hlut í bátnum. Þar hafi Tryggvi áfram tengt uppgjör varðandi bátinn saman við uppgjör Nordica við Aðföng vegna þeirra vörnuviðskipta sem Nordica hafi átt við Aðföng. Jóhanna segir að fyrir þennan fund hafi Kristrún Sveinbjörnsdóttir skrifstofustjóri Nordica tekið saman yfirlit varðandi allar greiðslur sem tengdust bátnum, bæði afborganir, rekstrargjöld og hve mikið þessir aðilar höfðu lagt í bátinn og voru Tryggva send þau gögn. Jóhanna segir að Kristrún hafi séð um að innheimta reikninga vegna reksturs bátsins og átti samskipti við fyrirtæki þeirra feðga í því sambandi". Hvað geturðu sagt okkur um þessa fundi?

- TJ. Fyrir hvorn fundinn tók Kristrún þetta saman, fundinn með lögfræðingnum í janúar eða fundinum í Daytona?
- SM. Væntanlega seinni fundinn?
- TJ. Já, varðandi fundinn í Daytona að þá var hann í maí 2000, kemur það ekki fram, hvað segir hún um það?
- SM. Hún mundi ekki nákvæma dagsetningu á honum, hún segir að það hafi verið við opnun Bónus Dollars Stores í Florida?
- TJ. Já, við vorum að opna verslun þar og Jón Gerald kemur þangað til að hitta mig til að fara yfir sín mál, það er kolrangt að segja að hann hafi verið boðaður á fundinn, því að hann var aðallega að vera viðstaddir opnuna og hitta Jim Shafer, af því að

hann var líka að reyna að gera viðskipti við Bónus Stores. Þess vegna er hann þarna og þess vegna hittumst við þarna á staðnum, þannig að það er kannski ekki rétt. En síðan, en hvað sagði hún meira um þann fund, þetta er svo langur kafli sem þú lest alltaf upp?

SM. Að þið hafið verið að ræða um skiptingu eignarhluta í bátnum. Og fyrst á þeim fundi hafi hún heyrt að þeir feðgar vildu fá stærri eignarhlut í bátnum en helningshlut?

TJ. Það er þá væntanlega byggt á þeim fjárhagslegu upplýsingum sem að Jón Gerald hafði lagt fyrir mig, því að hann hafði sýnt mér þær fjárhæðir sem höfðu farið þarna fram á milli þeirra.

SM. En þá varðandi seinni fundinn?

TJ. Já seinni fundurinn það er fundurinn með Paul Lester, þá er ég staddur, raunar var það í febrúar eða mars 2002, að þá erum við með fund hjá Bónus Stores, stefnumótunarfund þarna suður frá í Miami og í þeirri ferð að þá tala ég við Jón Gerald vegna þess að ég vildi reyna að koma málum á hreint. Ég hafði fengið upplýsingar um þennan lögmann í gegnum einn stjórnarmann sem var í Bónus Stores og ég fer með þeim á þennan fund til að kynna þau, fyrir hann, ég hafði aldrei hitt hann áður, hann var ekki að vinna fyrir okkur, heldur fer ég með þau á þennan fund til að kynna hann fyrir þeim og ræða um hvernig hægt sé að halda áfram með málið og síðan var það þeirra að halda áfram samskiptum við hann, þau áttu að koma síðan með gögn til hans ef þau vildu og vinna áfram í málinu. Ég heyrði ekkert meira síðan af þessu. Þarna var ég eingöngu að reyna að koma á samskiptum þeirra við þennan lögfræðing til þess að reyna að hjálpa því, hann átti víst að vera einhverskonar bátasérfræðingur og slíkur.

SM. Hún segir varðandi þennan fund, að þú hafir komið með þær hugmyndir frá þeim feðgum að Jón Gerald afsalaði eignarhlut til félags í nafni þeirra feðga?

TJ. Það er það sem að ég sagði var það, það kemur ekkert frá þeim feðgum, það sem að ég var að hvetja alltaf Jón Gerald til, var að selja félagið, bátafélagið, hann hefði ekkert efni á því. Það þýddi ekkert að selja bátinn úr einu hlutafélagi í annað hlutafélag, heldur selja bara hlutafélagið sjálft, sinn hlut í því til þeirra. Það



kemur ekkert frá þeim feðgum, það bara kemur frá mér varðandi mína aðstoð við Jón Gerald.

SM. Hún segir líka að þú hafir komið með gögn, yfirlit varðandi greiðslur sem tengdust bátnum á þessum seinni fundi.

TJ. Ég var búinn að fá þau töluvert áður, það eru gögnin sem við vorum að tala um áðan, þegar að Jón Gerald tók saman gögnin um hvernig greiðslur hefðu skipst sem að átti síðan að nota til að reyna að byggja ályktun á því hvernig ætti að skipta eignarhlutföllunum.

SM. Ef við förum hér aftur í framburð Jóns Geraldss frá 30. ágúst 2002. Þá segir hann okkur frá því að þið hafið átt fund með lögfræðingi úti í Bandaríkjunum og segir að þar hafir þú verið með skjöl sem fjalli um uppgjör á bátnum, á skjalinu hafi einnig verið handritaðar athugasemdir. Við bárum þetta skjal undir þig í síðustu yfirheyrslu og vorum að spyrja þig hvort að þetta væri þín rithönd á skjalinu. Manstu eftir því?

TJ. Já.

SM. Hann segir að á þessum fundi með lögfræðingnum, hafi þetta skjal verið dregið upp og auk annarra skjala sem tengdust uppgjöri á bátnum, svo ég vitni orðrétt í hann sem þú segir í þessari skýrslu; “Hann segir að þessi skjöl hafi Tryggvi útbúið og lagt fram á fundi með lögfræðingi á Miami, sem er samstarfsaðili lögfræðings Baugs hf. í New York. Lögfræðingurinn hafi verið að undirbúa eignaskipti og /eða afsal bátsins. Jón Gerald segir að fundurinn hafi verið haldinn á skrifstofu lögfræðingsins í febrúar síðastliðinn. Á fundinum hafi verið auk hans sjálfs, eiginkona hans, Tryggvi og lögfræðingurinn. Þar hafi Tryggvi lagt þessa punkta fyrir og handritað sjálfur inn á skjalið.” Það er þá skjalið með punktunum fjórum, þetta er skjal II/5.3 í gögnum málsins. “Samkvæmt hugmyndum Tryggva” hann er þá að vitna í punkt 1, “hafi lögfræðingurinn átt að útbúa afsal 70-75% eignarhluta bátsins til félags á vegum Jóns Ásgeir og Jóhannesar auk Tryggva, Miramar sem skráð var á Bahamaeyjum eða þeirra sjálfra persónulega. Samkvæmt punkti 4 á skjalinu sem Tryggvi hafði handritað á blað á fundinum, á Jón Gerald að afsala sér helmingi þeirra hlutabréfa sem hann var skráður fyrir í Nýbrauð ehf. til Jóns Ásgeirs, en þeir Jón Gerald höfðu hvor um sig greitt fyrir

10% hlutabréfa þrátt fyrir að Jón Gerald væri skráður fyrir því öllu. Svo vísaði hann í fyrra skýrslu varðandi hvernig Nýbrauð átti að tengjast rekstri bátsins. Hvað viltu um þetta segja?

- TJ. Hann er að vísa þarna í sama fund og Jóhanna var að vísa í áðan, þennan fund þarna í febrúar 2002, og þarna kemur fram þetta plagg, og þegar við erum að tala þarna um Nýbrauð, að þá, að vísu er ég ekki viss um að það hafi verið á þessum fundi, en hvað um það, að þá er það líka hugsun um það að hann selji þar eignarhlut sinn, af því að hann hafði ekkert efni á því frekar en öðru. Mér finnst skrytið að, ég held nú meira að segja á þessum tímapunkti hafi Nýbrauð verið komið í rekstrarerfiðleika þannig að það í sjálfu sér voru hlutabréfin ekki mikils virði þarna í ársbyrjun 2002.
- AJ. Hvað með skjalið sem að hann nefnir að þú hafir lagt fram með tillögum um hvernig ætti að koma þessum málum fyrir?
- TJ. Þetta með Miramar....(óskýrt) þú ert að tala um það skjal. Þetta eru þessar hugmyndir sem voru þarna til umræðu, en aldrei varð af, en þær hugmyndir voru miklu eldri. Upphaflega þá var Jón Gerald með lóðapælingar á Bahamas og þetta fyrirtæki var held ég stofnað í kringum það. Það var hinsvegar aldrei starfsemi í þessu félagi, þannig að það er ekki til.
- AJ. En skjalið sjálft, kemur það frá þér og það sem er á því?
- TJ. Mig minnir að hann hafi komið fyrst með það og ég hafi síðan bætt við þarna síðasta punktinn, ef ég man rétt, að þá var það með þeim hætti.
- AJ. Þannig að þið sömduð þetta í sameiningu segirðu skjalið?
- TJ. Já, það þykir mér langliklegast, því þetta er ábyggilega í tengslum við þegar tölurnar komu fyrir stöðuna á bátnum og þær komu allar frá honum. Við höfum sjálfsagt setið bara saman yfir þessu, eða hann hefur útbúið það og síðan ég bætt við þær.

Gert er hlé klukkan 16:57.

Klukkan er 17:13 og yfirheyrlu er haldið áfram.

- SM. Tryggvi ég ætlaði að kynna þér framburð Kristrúnar Sveinbjörnsdóttur fyrrverandi skrifstofustjóra hjá Nordica, hún var yfirheyrð um málið þann 4. október 2002 og meðal annars spurð um þessi bátaviðskipti, taka orðrétt hérna upp úr hennar skýrslu; Hún segir: "Hinsvegar hafi hún verið í samskiptum við starfsfólk á skrifstofu Baugs varðandi þá reikninga sem Nordica gerði Baugi vegna reksturs bátsins Thee Viking. Kristrún segir að það starfsfólk Baugs sem hún hafi verið í samskiptum við varðandi greiðslurnar sem tengdust bátnum, séu Tryggvi Jónsson, Jóhanna Waagfjörð, Ásta M. Ólafsdóttir og Linda Jóhannesdóttir. Hún tekur það fram að hún einungis haft samskipti við Lindu fyrstu mánuðina eftir að hún kom til starfa hjá Nordica. Kristrún segir að þessi samskipti hennar við þetta starfsfólk Baugs hafi að mestu verið í gegnum tölvupóst og hafi Jón Gerald gefið henni upp netföng þessara aðila hjá Baugi. Hún segir að þessi samskipti hafi aðallega snúist um það hvenær reikningarnir vegna bátsins sem búið var að senda hverju sinni yrðu greiddir. Kristrún kveðst aldrei hafa rætt það beinum orðum við þetta starfsfólk Baugs, að þessar greiðslur tengdust rekstri bátsins og kveðst ekki geta sagt til um hvort eða þá hve mikið þetta starfsfólk vissi um bátinn á Florida. Þó kveðst hún vita að Tryggvi hafi haft fulla vitneskju um bátinn og þetta greiðslufyrirkomulag varðandi bátinn hafi verið frá honum komið". Hvað viltu um þetta segja?
- TJ. Já, hún hefur það væntanlega frá Jóni Gerald. Af hverju hún hefur þá ekki talað um þetta við aðra starfsmenn Baugs er mér hulin ráðgáta ef að hún hefur haft þessar grunsemdir að þetta væri með þessum hætti.
- AJ. Þú hefur ekki rætt um þetta við hana svona eins og hún segir?
- TJ. Nei, ég hef hitt hana kannski í tví- eða þrígang þegar ég hef komið á skrifstofuna og við höfum bara spjallað saman um þessi mál. Ég hef aldrei talað við hana um uppgjörsmál eða eitt eða neitt og hún aldrei spurt mig, þannig að það hefur aldrei komið til tals, verið á fundi yfirleitt inn herbergi á skrifstofunni hans Jóns Gerald, svo labbar maður fram og kjaftar og svona. Hún spurði mig aldrei og talaði aldrei við mig um þetta.
- SM. Svo við vindum okkur aftur í skýrslu Kristrúnar, og höldum áfram að lesa orðrétt upp það sem eftir henni var haft; "Kristrún kveðst í störfum sínum á skrifstofu

Nordica hafa unnið mikið í bókhaldinu, bæði að setja upp nýtt bókhald og fara yfir eldra bókhald félagsins og bankagögn félagsins. Við þá vinnu kveðst hún hafa séð það að Nordica var að gera Baugi reikninga sem vörðuðu engin vörnuviðskipti, og einnig hafi hún séð að þessir reikningar voru greiddir af hálfu Baugs inn á bankareikning Nordica. Kristrún segir að þetta hafi verið tölувert háar greiðslur, að jafnaði um 12 þúsund dollarar á mánuði og ekkert í starfsemi Nordica gat skýrt þessar greiðslur og tengdist ekki rekstri Nordica á nokkurn hátt. Kristrún kveðst því hafa leitað til Jóns Gerald eiganda og framkvæmdastjóra Nordica og spurt hann hvað væri í gangi og fyrir hvað hann væri að fá þessar mánaðarlegu greiðslur frá Baugi. Hún segir að fyrir henni hafi það verið auglýst að þetta voru ekki eðlilegar greiðslur. Kristrún segir að Jón Gerald hafi þá skýrt henni frá því að hann ætti bát á Miami með þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva og þessar mánaðarlegu greiðslur á mánuði 12 þúsund dollarar tengdust rekstri bátsins. Þannig hafi Jón Gerald skýrt henni frá því að hann gæfi mánaðarlega út reikning Baug í nafni Nordica að fjárhæð 12 þúsund dollarar, sem Baugur hf. greiddi til að standa undir rekstri bátsins og afborgunum af bátnum". Hvað viltu segja um þetta?

- TJ. Hún segir að sér hafi fundist þessar greiðslur ekki tengjast neitt rekstrinum og þess vegna spurt Jón Gerald. Ætli Jón Gerald hafi ekki, hann kemur áður úr umhverfi með rassvasabókhald, ef við getum kallað það svo, með fyrirtæki sem var heima hjá sér, en er þarna kominn í alvöru fyrirtæki, en augljóslega hefur hann ekki áttað sig á þeirri breyttu stöðu og áfram notað bókhaldið eða sjóðinn sem sinn eiginn og verið að millifæra sjálfur þarna inn á þennan New Viking sem búið var að koma og hann gefið henni þessar skyringar til að líta kannski betur út sjálfur í augum hennar. Annars þarf að spyrja Jón Gerald um það.
- SM. Áfram úr framburði Kristrúnar. "Kistrún segir aðspurð ekki hafa verið sett inn í þessi mál með bátinn þegar hún var fyrst ráðin til starfa hjá Nordica og tekur það jafnframt fram að þegar Tryggvi hafi komið til Miami til að funda með Jóni Gerald, þá hafi hún ekki mátt vera viðstödd þá fundi, sökum þess að Tryggvi hafi ekki viljað að hún vissi neitt um þennan bát. Hún kveðst vita það að þegar Tryggvi kom á þessa fundi með Jóni Gerald hafi bæði verið rætt um rekstur

Nordica og vörubiðskipti Nordica við Aðföng, en einnig hafi þeir rætt um bátinn. Hún segir að eðlilegt hefði verið að hún hefði setið þessa fundi þegar verið var að ræða vörubiðskipti Nordica og Aðfanga og hafi Jón Gerald viljað að svo væri, en að kröfu Tryggva hafi hún ekki setið þessa fundi vegna umræðunnar um bátinn". Hvað viltu segja um þetta?

- TJ. Þetta er þvæla. Ef að þetta væri hjá Jóni Gerald að það væri verið að fjalla bæði um vöruhúsið og bátinn, og hann hefði viljað að hún væri viðstödd vöruhúsumræðuna, þá hefði mjög einfaldlega verið hægt að halda þessa fundi aðgreinda, það er að segja fara inn og halda fundi og fjalla um ákveðið mál sem væri þá vöruhúsið og síðan myndi hún þá fara ef að það væri issueið. Þetta er eingöngu eitthvað sem Jón Gerald hefur sagt henni og, hún hefði betur spurt.
- SM. En kannastu við það að þú hafir átt fundi þarna úti á Miami við Jón Gerald og Kristrún hafi ekki verið viðstödd?
- TJ. Já já, ég var að segja það áðan að ef ég kom þarna nokkrum sinnum í húsið, vöruhúsið og átti fundi með Jóni Gerald inni á hans skrifstofu og spjallaði þá þegar ég labbaði fram hjá Kristrúnu, þá spjölluðum við saman, en hún var ekki hinsvegar á þessum fundum, það var bara ákvörðun Jóns Geralds, ég velti engum vöngum yfir því var ekkert að spá og spekúlera í því. Enda hélt ég að hún væri svona meiri gjaldkeri eða ritari eða eitthvað slíkt.
- SM. En hún telur að þú hafir ekki vitað að hún vissi um þennan ráðahag með bátinn, þess vegna hafir þú ekki viljað hafa hana þarna inni, hinsvegar segist hún hafa vitað allt um þetta, hún hafi til að mynda útbúið þessa mánaðarlegu reikninga sem hún hafi svo afhent Jóni Gerald og hann sent til ykkar?
- TJ. Hún má telja það sem hún vill, það bara var ekki svona.
- SM. Svo segir hún, við erum að tala um skrifstofustjóra Nordica á þessum tíma?
- TJ. Já, þau voru held ég tvö á skrifstofunni, hún var að svara í símann og svoleiðis.
- SM. Og þegar við spurðum hana út í þessa reikninga, þá segir hún að skýringartextinn á reikningunum eigi ekki við nein rök að styðjast, ekkert í starfsemi Nordica gat réttlætt slíka greiðslu fyrir markaðsleit eða neitt sem skýringartextinn skírkotaði til. Hún kveðst ekki vita til þess að Jón Gerald hafi verið í neinni slíkri vinnu fyrir Baug. Nordica hafi einungis stundað vörubiðskipti við Aðföng, aðallega með

matvörur frá Bandaríkjunum og hún ítrekaði þessar mánaðarlegu greiðslur frá Baugi hafi verið ráðstafað til að reka bátinn Thee Viking?

- TJ. Hún segir að textinn hafi ekki réttlætt neitt sem hann var að gera, en hann hafi hinsvegar verið í vöruskiptum, það er akkúrat það sem við erum að segja, hann var í vörubiðskiptum við okkur og hann var að finna ný umboð, hann var stöðugt að finna nýjar vörur, kemur þarna inn með Flemmings og fleira. Þetta byrjar á þessum erfiðleikatímum sem eru ennþá þarna í gangi og þess vegna kemur þessi greiðsla inn með þessum hætti. Þetta eru bara spekúlasjónir hjá henni sem að ég get ekki tjáð mig um, því að þetta bara úr hennar hugarfylgsnum.
- SM. Nú erum við þarna með þrjá framburði, það er að segja framburð Jóns Gerald, framburð Jóhönnu eiginkonu hans og framburð starfsmanns á skrifstofu Nordica, skrifstofustjórans, Kistrúnar. Öll segja þau sömu söguna.
- TJ. Já, skrítið. Jón Gerald, ég er búinn að útskýra af hverju ég tel að hann sé að segja þessa sögu. Hann byrjar á að ásaka okkur um þjófnað eins og áður er búið að koma fram, sem að er ekki mikið að marka. Hann er í miklum hefndarhug og það hefur líka komið fram, hvað hann er í miklum hefndarhug. Konan hans að sjálfsögðu, geri ég ráð fyrir að styðji sinn mann, og það sem að Kistrún er að segja eru eingöngu upplýsingar sem hún hefur frá Jóni Gerald og varla fer Jón Gerald að segja henni eitthvað gjörólíkt, þannig að þetta ber allt að sama brunni, þetta er allt frásögn frá Jóni Gerald með einum eða öðrum hætti.
- AJ. Hún lýsti því í þessari skýrslu hún Kistrún að hún hefði tekið saman fyrir Jón Gerald, samantektir byggðar á gögnum um allar greiðslur vegna þessara báta allt frá 1996 og reiknað út hve mikið hver og einn hafi lagt í bátinn. Þetta hafi hún gert í samvinnu við Jón Gerald, og þarna hafi komið fram sömuleiðis greiðslukortanotkun Jóns Ásgeirs og þín og þið verið báðir með American Express greiðslukort í nafni Nordica og hafi þessi kostnaður líka verið færður með kostnaðinum sem tengdist bátnum. Þessar samantektir hafir þú fengið allar til þín, hún hafi afhent Jóni Gerald þetta og viti til þess að Jón Gerald hafi sent þér þetta. Erum við þá að tala um sömu samantektirnar og áður?
- TJ. Og áður, ég vissi hinsvegar ekki að það hafi verið hún sem hafi tekið þær saman, ég hélt að það hafi verið Jón Gerald.

- AJ. Hún segist hafa tekið þetta saman fyrir hann.
- TJ. Það er bara þeirra mál.
- AJ. Hún gerir sömuleiðis grein fyrir því að þessir reikningar sem að Nordica stílaði á Baug og hún segir að hafi verið vegna bátsins, þó að það komi ekki fram á reikningunum, þeir hafi ekki verið færðir í bókhaldi Nordica, eftir að hún fékk að ráða, eða hún gerði athugasemdir við það, og þeir hafi ekki tengst rekstri Nordica og það hafi verið óeðlilegt bókhaldslega að gera þetta svona, þannig að það hafi ekki verið fært þarna inn, og greiðslunum fyrir þessa reikninga hafi verið ráðstafað beint inn á rekstrarkostnað bátsins.
- TJ. Að fyrirmælum hvers?
- AJ. Jón Gerald.
- TJ. Já.
- AJ. Þér er alveg ókunnugt um það?
- TJ. Já já, algjörlega.
- AJ. Og er þetta ekki rétt sem hún er að segja?
- TJ. Að hún hafi ekki fært bókhaldið, fært greiðslurnar í bókhald Nordica, ég bara hef ekki hugmynd um það.
- AJ. Að þessum peningum hafi verið ráðstafað á rekstrarkostnað bátsins og afborganir af lánum?
- TJ. Það er það sem Jón Gerald hefur haldið fram, ég hef engar upplýsingar um það eða veit ekkert um það, það er hans mál, hann ákveður hvernig hann færir þessa hluti.
- AJ. Við erum að spyrja þig, var þér ekki kunnugt um það að þessum peningum fyrir þessar greiðslur á þessum reikningum hefði verið ráðstafað inn rekstrarkostnað bátsins og afborganir af lánum?
- TJ. Að sjálfsögðu vissi ég það að hann hafði engar tekjur nema frá okkur nema frá okkur, þannig að meðan hann var að eiga og reka bát, þá vissi ég að hann gat ekkert gert það með einhverjum peningunum ofan af himnunum, hann hlaut að nota peninga sem hann var að fá frá okkur í þau mál. Það var eitt af því sem að ég var að tala um við hann að hann var með of háan lifistandard miðað við það

sem að rekstur fyrirtækisins var að leyfa, þess vegna var ég að segja honum að selja þennan bát.

- AJ. Hvenær var þér kunnugt um það að, eða skil ég þig rétt að þér hafi verið kunnugt um það að hann notaði greiðslur Baugs fyrir þessa reikninga til þess að greiða fyrir rekstur bátsins?
- TJ. Mér er ekkert kunnugt um það sérstaklega, hinsvegar áttar maður sig á því að ef að einhver hefur tekjur fyrst og fremst á einum stað, og hann er síðan að standa í rekstri, dýrum einkarekstri, að þá þarf hann að fjármagna hann með einhverjum hætti, það er annaðhvort út frá þeim tekjum sem hann hefur, tekur þær úr veltu fyrirtækisins eða tekur lán til þess, það er bara með þeim hætti sem er hægt að gera þetta.
- AJ. Við erum ekkert að giska á það, við erum bara að spyrja beint, hvort að þú hafir vitað þetta eða ekki vitað þetta?
- TJ. Ég hef ekkert staðfest, en auðvitað veit maður það, það liggur í augum uppi, hann getur ekki gert þetta með öðrum hætti heldur en með þeim tekjum sem hann er að fá.
- AJ. Vissurðu það þá að hann fékk hvergi annarsstaðar peninga til þess að gera út þennan bát?
- TJ. Hann sagði mér það að hans tekjur væru fyrst og fremst vegna Baugs, það væri 90% eða eitthvað meira sem að væri byggt á tekjum frá Baugi. Hann var búinn að segja það.
- AJ. En gerðir þú þá engar athugasemdir við það að styrkur eða greiðslur frá Baugi, eins og þú hefur lýst, voru afhentar til að halda lífinu þarna í byrgja sem þið vilduð ekki missa, að þeim yrði ráðstafað í útgerð á einhverjum bát?
- TJ. Þess vegna var ég að tala um það við hann að hann væri með of háan lifistandard, við vorum að bakka hann upp, hann var með taprekstur á rekstri fyrirtækisins og við vorum að bakka hann upp í því meðan hann var að reyna að snúa rekstrinum við. Hann hefur sjálf sagt séð það fyrir sér að reksturinn myndi komast á gott ról, og þá gæti hann haldið áfram þeim lifistandard sem hann var með áður, og þess vegna tökum við þátt í þessum rekstri með honum, þess vegna er ég að hvetja hann til þess að minnka við sig, en hann tekur endanlega ákvörðun um það sjálfur.

- AJ. Hvenær varð þér þetta ljóst, ef við getum orðað það þannig, að hann hlyti að vera að nota þessa peninga í að reka bátinn og greiða af honum?
- TJ. Það er ekki einhver tímapunktur, það er ekkert svoleiðis, þetta bara liggur í augum uppi, ef þú kaupir þér sumarbústað og hesta og ákveður að fara þrisvar á ári til útlanda, þá fjármagnar þú það bara með tveimur aðferðum, annaðhvort með tekjum eða lánum, það er bara þannig sem það liggur fyrir. Og það voru ekkert frekar þessir peningar heldur en 50 þúsund dollararnir eða 80 þúsund dollararnir, þetta er allt partur af þessu sama. Hann er að fá greiðslur frá Baugi til þess að halda þessum rekstri áfram, við erum að reyna að byggja upp þennan rekstur og hann þarf að lifa áfram einhvern veginn.
- AJ. Nú kemur það skýrt fram í ýmsum gögnum að Jón Ásgeir og Jóhannes hafi verið meðeigendur, eða allavega Jón Ásgeir, meðeigendur Jóns Geraldis í bátnum, væri það ekki þá lang eðlilegast að þeir myndi bara borga á móti Jóni Gerald, vissurðu það að þeir gerðu það ekki?
- TJ. Nei, ég held að þeir hafi verið að borga fram til ársins 2001, þegar að það hvorki gekk né rak fyrir þá að fá yfirlæslu á sínum eignarhluta að þá hafi þeir hætt að greiða á þeim tímapunkti sem er löngu eftir að þessar greiðslur byrja, þessar mánaðargreiðslur. Þannig að það er ekkert samhengi þarna á milli. Hvernig hann tekur peninga úr sínum rekstri og hvað hann millifærir í eitthvað annað einkafélag, hvað hann tekur heim til sín sem laun, það er alfarið hans mál.
- AJ. Við komum betur að þessu, þegar við fórum yfir kannski, svona nánar í tíma hvað er að gerast.
- TJ. Já.
- AJ. Við ætlum þá kannski næst að skoða gögn úr bókhaldi Baugs og bókhaldi Gaums. Við höfum fengið two endurskoðendur til að vinna fyrir okkur skýrslur upp úr athugun á bókhaldi þessara tveggja félaga, þau heita Sigurður Heiðar Steindórsson og Sif Einarsdóttir, löggiltir endurskoðendur, þau eru okkar starfsmenn og þau hafa dregið saman gögn og upplýsingar um viðskipti Nordica við Gaum og Baug, sem eru annarsvegar vörnuviðskipti og hinsvegar síðan eitthvað annað en vörnuviðskipti, og þar með talið þessir tilteknu reikningar sem að voru að berast frá

Nordica til fyrst Gaums og síðan Baugs. Þessar skýrslur eru merktar skjalnúmerum VP3.1.0 til og með 3.1.2.

Gert er örstutt hlé, klukkan er 17:30.

- AJ. Klukkan er 17:42 og Tryggvi hefur kynnt sér þessi skjöl sem voru lögð hérna fram. Ég ætla líka að kynna þér skjöl sem að eru með skjalnúmer VT3.1.8, 3.1.9 og 3.1.10, sem eru samantektir endurskoðenda okkar yfir reikninga sem að bárust til Gaums frá Nordica og Baugs frá Nordica. Á meðan þú ert að kynna þér þessi skjöl Tryggvi, hvenær varstu ráðinn sem aðstoðarforstjóri Baugs?
- TJ. Við stofnun félagsins sem er 1. júlí 1998, já það byrjar í júní svona undirbúningur að því.
- AJ. En síðan sem forstjóri?
- TJ. Það er gert á aðalfundi 2002, þannig að ég tek við því 31. maí eða 1. júní 2002.
- AJ. Við höfum innri endurskoðun Baugs, svaraði erindi okkar sem var dagsett, bréf frá Ríkislögreglustjóra 19. nóvember 2002. Svarbréf innri endurskoðunar er dagsett 14. janúar 2003. Þar var óskað eftir starfssamningum og starfslýsingum og skipuriti og hlutverkum stjórnenda og hér liggar fyrir starfssamningur sem gerður var við þig 18. júní 1998, og skipurit. Ég ætla að sýna þér þetta og spyrja þig að því hvort að það sé ekki rétt sem hérna kemur fram um hlutverk þitt, ábyrgð á fjármálum og bókhaldi aðalskrifstofu Baugs?
- TJ. Jú, þetta er eins og það var á þeim tímapunkti.
- AJ. En breyttist síðan þín staða gagnvart fjármálum og bókhaldi eitthvað, eftir að þú tókst við..?
- TJ. Nei, en Aðföng fór held ég til dæmis strax yfir, eða mjög fljótt, yfir á verslunarsvið, sem þá var stofnað, en hitt var meira og minna óbreytt
- AJ. Þannig að þú hefur borið ábyrgð á fjármálasviði og bókhaldssviði fyrir aðalskrifstofu Baugs?
- TJ. Já.
- AJ. Og reikningar sem komu og bárust til aðalskrifstofunnar, þurftu þeir þitt samþykki?

- TJ. Það var svona upp og ofan, það fer eftir því, ef að það var eitthvað sem að ég bað um, eða ég var ábyrgur fyrir, þá þurfti mitt samþykki, en í öðrum tilvikum þá bara samþykkti viðkomandi yfirmaður reikningana.
- AJ. Þessir reikningar til dæmis frá Nordica, fóru þeir í gegnum þínar hendur?
- TJ. Þessir 12 þúsund dollara reikningar?
- AJ. Já, þessir mánaðarreikningar.
- TJ. Já.
- AJ. Þannig að þú hefur gefið samþykki fyrir greiðslu þeirra þegar þeir komu?
- TJ. Já.
- AJ. En þessi skjöl sem við erum að kynna þér hér, það kemur hérna fram að í sambandi við endurskoðandann okkar, að reikningar sem að berast til Baugs frá Nordica, frá lokum ársins 1999 og fram eftir árinu 2000, það er að segja til aðalskrifstofu Baugs eru að fjárhæð 706.309,94 bandaríkjadalir og þar af eru reikningar með textanum; "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work", sem eru reikningar sem eru að berast reglulega, að því er virðist einu sinni í mánuði frá áramótunum 1999/2000 og fram eftir ári 2002, þeir eru samtals að fjárhæð 328.808,80 dollarar. Fyrst eru þeir 8 þúsund dollarar fram í júní 2002 og þá hækkar fjárhæðin upp í 12 þúsund dollara og helst þannig óbreytt. Hefurðu einhverjar athugasemdir við þessar greinargerðir, sem er búið að kynna þér?
- TJ. Ég bara renndi augunum yfir þær, ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir, en ég hef ekkert skoðað þær þannig að maður átti sig alveg á hvað allt er þarna.
- AJ. En þessir mánaðarlegu reikningar sem hér eru taldir upp, eru þetta ekki reikningarnir sem við erum að tala um, með þessum tiltekna texta?
- TJ. Jú mér virðist það vera.
- AJ. Þú sérð á yfirlitinu sem eru skjöl þarna VP3.1.8 til 3.1.10. Fyrst eru að berast reikningar alveg frá 1997, fram eftir ári 1999, sem sagt svona reikningar, það er að segja til Gaums og rétt fyrir áramót 1999/2000, þá hætta þeir reikningar að berast til Gaums, halda reyndar að berast reikningar frá Nordica vegna Visakorts, en það fara þá mánaðarlegir reikningar til Baugs, en texti reikninganna breytist. Fram að því þá hafði Gaumur fengið reikninga vegna rekstrar bátsins eða bátanna

í Miami og á reikningunum var sundurliður rekstrarkostnaður og afborganir af lánum sem að hvíldu á bátunum, og þetta er sem sagt fært í bókhaldi Gaums eins og það kemur fyrir. En þarna um áramótin 1999/2000 þá breyttist texti þessara reikninga, og hann fer að senda þessa reikninga á Baug, fyrst eru það 8 þúsund dollarar síðan 12 þúsund dollarar. Þetta eru þeir reikningar sem hann segir hann Jón Gerald að séu vegna rekstrar bátsins, Baugur hafi tekið við um áramótin 1999/2000 að greiða rekstur bátsins, og að það fyrst verið greiddir þarna 8 þúsund og síðan 12 þúsund dollarar. Við höfum staðreynt það í bókhaldi Nordica og New Viking úti í Florida að greiðslunum vegna þessara tilteknu reikninga var ráðstafað á rekstrarkostnað og afborganir af bátnum. Hvað segirðu um þetta Tryggs?

- TJ. Ég segi það sem ég hef áður sagt, þegar ég kem að þessu máli, þá er það sem gerist á þessum tíma hann opnar vöruhúsið um haustið 1999, og við eignum fund þarna eftir þann tíma til þess að taka á þeim málum og þess vegna fórum við í þessar mánaðarlegu greiðslur. Ég þekki ekkert inn á bókhald Gaums þannig að ég get ekkert sagt til um þessar greiðslur, þekki þær bara ekki.
- AJ. Var þér kunnugt um að Gaumur væri að greiða fyrir báta í Florida?
- TJ. Ég vissi að Jón Gerald var með, það kom fram í yfirheyrslu yfir honum að hann var með kreditkort á nafni Gaums.
- AJ. Kom fram í yfirheyrsunni yfir honum?
- TJ. Já.
- SM Vissurðu það ekki fyrir?
- TJ. Jú ég vissi það, hann var eigandi eða taldi sig vera eigandi að bátnum, það var partur af því sem að ég var í viðræðum við, ég var alltaf að tala um það við Jón Gerald að klára það mál. En það sem að kom mér á óvart í yfirheyrsrum yfir Jóni Gerald, bara svo ég klári það, að þegar honum er bent á það í yfirheyrsunni hérna á föstudeginum, sem sagt eftir þetta, að þá er hann spurður um það, að það sé Gaumur sem hafi greitt þetta en ekki Bónus, eins og hann hafi haldið fram, og þá hélt hann því fram að það væri í fyrsta skipti sem hann heyrði það, samt var hann búinn að vera með kreditkort sem að raunar kemur fram í yfirheyrsunni yfir honum líka.

- AJ. Hvernig er þér kunnugt um það sem að stendur í skýrslunum hans Jóns Geraldus?
- TJ. Ég fékk afrit af þeim, eða öllu heldur Andri.
- AJ. Já í gegnum verjandann.
- TJ. Já.
- AJ. Þessir reikningar eru allir færðir í bókhaldi Baugs undir gjaldaliðinn, tæknileg aðstoð án virðisaukaskatts, er það ekki, það passar?
- TJ. Sjálfsgagt.
- AJ. Eða er þér ekki kunnugt um það eða hvað?
- TJ. Þetta er einhverskonar ráðgjöf, og tæknileg aðstoð og klárlega án virðisaukaskatts, því þetta er unnið erlendis, það er mjög líklegt.
- AJ. Við skulum þá snúa okkur að tölvupótsamskiptum þínum vegna þessa máls, eins og þú veist að þá lögðum við hald á tölvuna þína og afrituðum öll gögn á vélinni og heimasvæðinu þínu í Baugi, og heimasvæðum reyndar annarra líka, en við höfum síðan flokkað þessi gögn, skoðað alla þessa tölvupósta sem að hjá þér voru og sömuleiðis hjá Jóni Gerald og Nordica og gengið úr skugga um hvort að þeir eru raunverulegir, hvort að þeir hafi raunverulega farið á milli ykkar eða ekki, og niðurstaða okkar er sú að svo sé, við höfum ekki rekist á neinn póst sem er ekki eins og hann á að vera, við höfum ekki rekist á neinn tölvupóst sem að virðist vera búinn til eins og þú komst inn á að kæmi til greina í einhverri yfirheyrslu.
- TJ. Það var út af kreditreikningnum að þar pössuðu ekki tímasetningar eins og þið munið.
- AJ. Akkúrat. Þannig að við höfum kannað þetta. Þegar við skoðum þessa tölvupósta og þau skjöl sem eru geymd inn á heimasvæðinu þínu á netþjóninum í Baugi, þá finnst okkur það liggja nokkuð ljóst fyrir að Baugur taki við af Gaumi að greiða rekstur bátsins um áramótin 1999/2000 og greiði það síðan fram eftir árinu 2002 og að þér hafi verið fullkunnugt um það og tekið fullan þátt í því, og raunar mælt fyrir um það hvernig ætti að ganga frá því bæði reikningslega og bókhaldslega.  
Er það rangt?
- TJ. Það er rangt.
- AJ. Við skulum byrja á því að sýna þér tölvupóst sem að er 5. nóvember 1999. Hérna er útprentun úr honum. Þar segir, það sem við ætlum að vitna í orðrétt; Þetta er

af þinni tölvu, þar segir; "Jón Gerald hringdi í rusli, er á hausnum, segir að þú skuldir sér 7 þúsund dollara frá því síðast og nú í byrjun nóvember var fyrsta afborgunin þar sem helningshluturinn er 5 þúsund dollarar, samtals 12 þúsund dollarar. Geturðu hjálpað sálu hans og greitt honum. Ef þú vilt þá getur hann líka talað við Kristínu, en ég hef ekki þorað að leyfa honum það, þar sem ég veit ekki hversu mikið hún er inni í málunum TJ". Þennan tölvupóst virðist þú senda á Jón Ásgeir Jóhannesson. Hvað ertu að meina þegar þú segir að fyrsta afborgunin sé núna og helningshluturinn sé 5 þúsund og samtals 12 þúsund?

- TJ. Þá hefur Jón Gerald hringt í mig eins og kemur þarna fram og sagt mér þetta, og sagt að Jón Ásgeir þurfi að hjálpa honum, hann geti ekki borgað eða eitthvað slíkt og þess vegna er ég að koma þessum skilaboðum á framfæri.
- AJ. Þú segir fyrsta afborgunin, þú segir helningshluturinn 5 þúsund samtals 12 þúsund?
- TJ. Já já, þá hefur Jón Gerald sagt mér það, hringt í mig og sagt mér það.
- AJ. Þér er ókunnugt um þá hvað hann er að meina, eða um hvað þetta snýst þessi 12 þúsund eða 5 þúsund?
- TJ. Væntanlega út af bátnum, hann hringir í mig þarna á þessum tímapunkti, í rusli, segist vera á hausnum.
- AJ. Sem sagt þú ert að biðja Jón Ásgeir um að borga honum?
- TJ. Ég er að koma skilaboðum frá Jóni Gerald, Jón Gerald hefur sjálf sagt reynt að ná í Jón Ásgeir, sem er oft erfiðleikum háð, og hringir þá í mig, og ég er að koma þeim skilaboðum áfram til Jóns Ásgeirs.
- AJ. Þér hefur fundist eðlilegt að Jón Ásgeir greiddi þá þessa fjárhæð?
- TJ. Það er hans að meta það, hvort að hann eigi að borga þetta eða ekki, eða Gaumur.
- AJ. En þú segir þarna, ef þú vilt þá getur hann líka talað við Kristínu, ég hef ekki þorað að leyfa honum það, þar sem ég veit ekki hversu mikið hún er inni í málunum, hvað ertu að meina þar?
- TJ. Það sem að mig minnir að þarna hafi verið í gangi er það að hún var aldrei mjög sátt við þessi báta mál, það er að segja að þeir feðgar væru að kaupa, að Gaumur væri að fjárfesta í bát. Þannig að ég ræddi yfirleitt ekki bátamál við hana á þessum tíma, þannig að ég geri ráð fyrir að hún vissi ekki hvort að Jón Ásgeir var

búinn að segja frá þessum nýja bát þarna, það er það sem ég held að ég hafi verið að tala um þarna.

SM. Að það sé fyrsta afborgunin að nýja bátnum?

TJ. Það þykir mér líklegt ef að þetta er fyrsta afborgunin og það kom hérrna fram áðan að báturinn kom held ég í október eða september, ef ég man rétt. Þá finnst mér það rétt að það sé það sem að um sé að ræða.

AJ. Þannig að þú ert ekki vissum að Kristín viti um það og þorir ekki að tala við hana af þeim ástæðum?

TJ. Ég held að það sé það sem ég sé að meina í þessum pósti.

AJ. Nú greiddi Gaumur fyrir þetta allt saman, fyrir þennan bát, reikninga frá Nordica, alveg frá 1997. Hvað vissi þú mikið um þáttöku Gaums í greiðslu bátareikninganna?

TJ. Á þeim tímapunkti?

AJ. Þarna þegar við erum að tala um þennan nýja bát og þú er nú að komast inn í kannski fyrst þarna er það ekki?

TJ. Já um þetta leyti. Ég vissi bara að Gaumur hafði tekið þátt í að kaupa bát og þeir voru að fá sér þarna nýjan bát, það er það sem ég vissi um þetta.

AJ. Hafðirðu séð reikninga eða vissurðu hvernig reikningar komu frá Nordica til Gaums?

TJ. Nei.

AJ. Við skulum skoða annan tölvupóst þá sem er dagsettur 28. og 29. desember 1999. Þetta eru nokkrir póstar, samskipti þín og Jóns Gerald. Í fyrsta lagi þá er þarna póstur þann 28.12., sérdú hann, það er byrjað aftast þarna á þessum blöðum, við fórum ekki yfir þá alla sem eru þarna, það eru svona ákveðin atriði sem við ætlum að benda á. Það segir þarna frá 28. sem Jón Gerald sendir þér póst. Hann segir; Sæll Tryggvi minn, ég þakka þér fyrir póstinn, sem ég var nú frekar sár með, þar sem ég hef alltaf sagt, að orð manns er meira virði en allt annað, og þar sem þau standast ekki, þá er eins gott að sleppa þessu, bara vona að þú og þínir hafi það gott yfir hátiðarnar. Kveðja frá Miami Florida. Jón Gerald. Svo er svar frá þér til Jóns í framhaldinu og þá segir þú, að þegar þú segir að orð standist ekki, áttu þá við bátamálin eða var annað samkomulag um hlutabréfin. Og hann svarar aftur

sama dag 28.12., og segir meðal annars, ég vitna þarna bara inn á milli, “ég á við bæði en í þessu tilfelli um hlutabréfin þar sem á sínum tíma var talað um allt aðra hluti o.s.frv.” Síðan ef við stökkvum inn í póst sem er þarna í sama skjali sem er frá 29.12.1999. Hann sendir þér póst. Þar segir m.a.: “Það var í vor vikuna sem Baugur fór á markaðinn að við vorum að fara yfir bátamálin ásamt öðrum kostnaði, svo sagði Jón Ásgeir að ég gæti fengið hlut upp á 5 þúsund á kr. 8.50 íslenskar sem þú síðan spurðir hvaðan ætti að koma og Jón Ásgeir sagði Luxemburg. Hvað hann meinti veit ég ekki, en svona fór þetta fram. Mig minnir að þú hafir tekið niður nótur þann daginn svo að það gæti verið að þú gætir fundið þær og staðfest hvort rétt mál væri hér á ferð. Ég vona að allt annað verði í góðu með okkar mál, ásamt því að nú eru að koma önnur mánaðarmót og búið að ganga frá reikningsmálum”. Þú sendir honum síðan 29.12. aftur. “Við færumst sífellt nær og síðan, ég held að við verðum að kryfja þessi mál og lesa þau, það hljóta að vera hagsmunir allra TJ.” Þú sendir aftur 29.12., póst til hans og segir; “Sælir, við færumst sífellt nær. Varðandi reikningsmálin þá skildum við það þannig að þú ætlaðir að senda reikning. Við gengum frá texta og upphæð meðan þú varst hér”. Hvað ertu að tala um þarna, hvernig gengum við frá texta og upphæð á reikningsmálunum, eins og þú orðar það þarna? Það virðist í þessum samskiptum stundum vera nefnd bátamálin og stundum reikningsmálin, en það sé verið að tala um sama hlutinn.

- TJ. Já já.
- AJ. Í hvað ertu að vitna þegar þú segir; “Við gengum frá texta og upphæð meðan þú varst hérna”?
- TJ. Varðandi reikningsmálin, þá myndi ég telja að ég væri þarna að tala um mánaðarlegu reikningana, en ekki bátamálin. Þetta er desember 1999, þetta er 3 ára gamall póstur.
- AJ. En hér eruð þið að tala um tvö mál, þið eruð að tala annarsvegar um hlutabréfin og hinsvegar eitthvað annað fyrirbæri sem að er bæði nefnt bátamálin og reikningsmálin.
- TJ. Já.

- AJ. Gengum frá texta og upphæð á reikningsmálunum, sem virðist vera þá bátamálín, eða hvað?
- TJ. Já. Hann sendi mér póst og hann vonar að það sé búið að ganga frá reikningamálunum, þannig að þar fer hann að tala um reikningsmálín en hættir að tala um bátamál, en það er talað um bátamál hér á undan. Það er deginum áður sem við töldum um bátamál, er það ekki?
- AJ. Já já.
- TJ. En það er ekki í þessum pósti þarna þennan dag, þarna er hann að tala um reikningsmálín, þannig að ég held að hann sé að því, og ég er að svara því.
- AJ. Hvaða reikningsmál er hann að tala um?
- TJ. Væntanlega mánaðarreikningana sem eru að byrja þarna.
- AJ. Mánaðarreikningana?
- TJ. Já.
- AJ. Hvaða texta og upphæð ertu þá að tala um að þú hafir gengið frá með honum á þessum mánaðarreikningamálum?
- TJ. Væntanlega textann sem er þarna með þessum 8 þúsund dollara, sem kemur þarna fram á 8 þúsund dollara reikningunum.
- AJ. Á skjalinu sem er númer II/5.3, erum við ekki að tala um það, þar sem þetta er flokkað niður í fjóra liði?
- TJ. Þetta er skjalið sem hann segist hafa komið fram með á fundinum með Paul Lester, sem var í janúar eða febrúar 2002., en ég held að raunar hafi verið fyrr.
- AJ. Nei, þetta er skjal sem að hann talar um að hafi verið lagt fram strax í byrjun og svo aftur á fundinum með Paul Lester.
- TJ. Já.
- AJ. Við skulum aðeins stoppa við það, því við þurfum að skoða það betur. Þú getur ekki svarað því sem sagt, hvaða texta og hvaða upphæð þú ert að tala um, sem þið genguð frá?
- TJ. Jú, ég held að þarna séum við að tala um þennan 8 þúsund dollara texta og 8 þúsund dollara upphæð.
- AJ. Sem sagt þennan fasta texta sem er á þessum mánaðarreikningum?
- TJ. Já.

- AJ. Og ertu þá að tala um það að þarna séuð þið að ræða um reikninga sem hann er að senda Baugi vegna hans umsýslu og þóknunar fyrir sín störf í Miami?
- TJ. Já vegna vandræða, já.
- SM. Af hverju þurfti að ræða þann texta sérstaklega?
- TJ. Af því að hann er að tala við mig um erfiðleikana og vill komast að samkomulagi um það að borga honum þá fasta fjárhæð meðan hann væri að vinna sig út úr þessu. Svo fer hann að ræða við mig að hann þurfi að senda okkur reikning, hvað á hann að segja, leiga á húsnæði, hvað á hann að segja í textanum. Það er bara eins og þú myndir gera ef þú myndir ráða smið til þín í vinnu eða einhvern sérfræðing, þá kannski ræðið þið saman um hvað á að vera í textanum sem er lýsa því máli sem er verið að gera. Það er ekkert óeðlilegt við það.
- AJ. Þannig að í þessum pósti eruð þið að tala um þrjú mál, ertu að segja það?
- TJ. Ég held að það sem hérna sé verið að gera sé það að hann byrjar að senda einhvern póst hérna 28., svo verður að svara því. Svo kemur nýr póstur, og þá, eins og þið gerið örugglega sjálfir, þá takið þið kannski síðasta póst frá einhverjum viðkomandi og gerið eitthvað nýtt efni þar í gegnum replay. Ég held að þessi póstur 29. hafi í sjálfu sér ekkert sérstök tengsl við póstana sem eru komnir hér á undan, þó að þeir séu í sama skjalinu, vegna þess að hann fer að tala hér um reikningsmál. Hann fer að vísu að tala um hlutabréfamálin aftur.
- AJ. Þannig að reikningsmálin sem hann er að tala um hér eru ekki bátamálin, ertu að segja það?
- TJ. Já. Ég held að hann sé að tala um mánaðarreikningana.
- AJ. Hann heldur því fram að það séu bátamálin?
- TJ. Ég held því fram að það sé ekki.
- AJ. Næst skulum við skoða póst. Við skulum fara hérna í þá skjal sem að var tekið út af heimasvæðinu þínu á netþjóninum í Baugi. Það er með yfirskriftinni, "Það sem þarf að gera". Það er búið til, síðast breytt eða síðast búinn til texti í það 3. janúar árið 2000.
- TJ. Já.
- AJ. Það segir meðal annars í lið númer 3; "Stofna skal sérstakan bankareikning í nafni Thee Viking, kreditkort á þann reikning verður í höndum JGS.

Mánaðarlega greiðir B/G 7 þúsund dollara inn á reikninginn og JGS 3 þúsund dollara, (miðað við að eignarhlutfall JGS sé 30%). Á reikningi til B/G, skal standa "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work". Þetta er skjal sem er búið til í þinni tölvu, og þetta er sami textinn og er á þessum reikningum. Hér er verið að tala um að það eigi að gefa út reikninga vegna Thee Viking, sem er báturinn í þessum texta.

- TJ. Já.
- AJ. Og það eigi að senda það á B/G, sem að okkur sýnist eiga að vera Baugur Group?
- TJ. Það er misskilningur, nafnið Baugur Group kemur fyrst til sögunnar fyrir svona ári síðan, á vormánuðum í fyrra. Þarna er verið að tala um Bónus Gaumur, vegna þess að hann skrifar alltaf nafnið Bónus á reikningana, en Gaumur greiddi þá. Annars hefði bara staðið BG ekki B/G.
- AJ. Já já, þetta á að vera Bónus Gaumur?
- TJ. Já.
- AJ. Af hverju skrifaðir þú það?
- TJ. Vegna þess að hann sendi alltaf reikningana á Bónus.
- AJ. Ekki þarna.
- TJ. Á þessum tíma?
- AJ. Nei nei. Hann sendir aldrei reikninga með þessum texta á Bónus, það byrja að koma reikningar með þessum texta á Baug.
- TJ. En eins og ég man þetta að þá hafði hann alltaf þegar við erum að gera þetta við Jón Gerald, að þá sagðist hann alltaf senda reikninga á Bónus og ég var að segja honum að hann ætti að gera það á Gaum.
- AJ. Þetta er í byrjun árs 2000?
- TJ. Já.
- AJ. Þannig að þessir reikningar sem hann er að gefa út með þessum texta, birtust aldrei nema hjá Baugi.
- TJ. Nei, ég veit það, en reikningarnir sem komu áður, hvað var headingin á því?
- AJ. Það stóð ekkert svona á þeim.
- TJ. Nei, ég meina á hvern voru þeir sendir?
- AJ. Á Gaum og Bónus líka.

- TJ. Já einmitt.
- AJ. Það er enginn svona texti í þeim, það er bara sundurliðaður kostnaður á bátnum þar, bara skýrt.
- TJ. Já, þetta er væntanlega gert í framhaldi af því að báturinn hinn er keyptur.
- AJ. Thee Viking er nýji báturinn, það er þriðji báturinn.
- TJ. Já og hann er kominn í erfiðleika á þessum tímapunkti.
- AJ. Skýrðu þessa setningu fyrir mig í lið númer 3, hérna er skjalið?
- TJ. Þarna er verið að tala væntanlega um reksturinn á bátnum, sem að hann ætlar að rukka Gaum um, og þetta er akkúrat á þessum tíma. Í fyrsta lagi ef að þetta væru mánaðarrekningarnir sem komu frá Baugi eða komu til Baugs, þá hefðu varla staðið 7 þúsund dollarar, þá hefði í fyrsta lagi staðið 8 þúsund dollarar, þið hafið sjálfsagt kannað hvort að Jón Gerald hafi ekki borgað sína hlutdeild á móti. Þetta eru hugmyndir sem urðu aldrei að veruleika.
- AJ. Þú talar alveg eins og þú hafir ekki hugmynd um það sem stendur, þú ert svona að reyna að ráða í það, er það þannig að þú munir ekkert eftir þessu eða hvað?
- TJ. Jú jú, ég hef verið að reyna að rifja þetta upp eftir að við hittumst á sínum tíma. Ég mundi ekki alveg eftir því hvenær þetta kom fram, þetta skjal hérna.
- AJ. Nú liggar fyrir að þetta er fengið úr þinni tölvu, eins og það lítur út þarna.
- TJ. Já.
- AJ. Og það er samið í þinni tölvu?
- TJ. Já.
- AJ. Við skrifum það þaðan út.
- TJ. Já.
- AJ. Og það stendur þarna að þið séuð að stofna sérstakan bankareikning á Thee Viking, það er báturinn, ekki satt?
- TJ. Jú, það er báturinn.
- AJ. Og það segir líka að það eigi að koma mánaðarlegir reikningar á tiltekna fjárhæð, 7 þúsund dollara.
- TJ. Já.
- AJ. Og það eigi að standa þessi texti á ensku á þeim.
- TJ. Já.

- AJ. Og stílast á B/G?
- TJ. Já.
- AJ. Hvernig skýrir þú þetta?
- TJ. Jú, þarna eru þeir að kaupa þennan bát og hann ætlar að rukka rekstrarkostnaðinn eins og hann hafði gert áður og væntanlega tökum við þennan texta þarna contract fee for retail services, út frá því að þá eru við komnir með þann texta inn á 8 þúsund dollara reikningana, sem tengdust vöruhúsinu, þeir tengdust ekki bátnum. Hinsvegar þá vorum við saman að gera þetta, vorum að ræða þessar hugmyndir og þetta varð ekki að veruleika, þannig að þetta eru bara hugmyndir sem hérna eru lagðar fram, en hann hinsvegar kláraði aldrei nein mál, það er málið. Þú getur tekið textann hérna og hann höfum við tekið út úr þessum 8 þúsund dollara reikningum. Ef þetta er gert þarna í janúar 2000, þá er það á sama tíma og fyrsti reikningurinn er væntanlega kominn.
- SM. Nákvæmlega.
- TJ. Já, er sjáið þið til hann er upp á 8 þúsund, af hverju ætti að standa 7 þúsund hérna. Og í öðru lagi að við eru að tala um hann þarna fyrir áramótin, við höfum tekið væntanlega textann úr honum.
- AJ. Af hverju takið þið textann úr honum?
- TJ. Til þess að senda hann, það vantaði einhvern texta til að senda á Gaum, og sagt bara, "notaðu þennan texta, þetta er finn texti".
- SM. Hann var búinn að vera að senda reikninga á Gaum allt árið á undan, allt árið 1999, er Gaumur meira og minna að fá reikninga frá Jóni Geraldí út af bátnum, ekki Bónus.
- TJ. Já.
- SM. Og þeir reikningar voru bara þess efnis að væri verið að greiða afborganir af lánum, það var verið að greiða hafnargjöld, það var verið að greiða lögfræðikostnað, allt vegna bátsins. Af hverju skyldi endilega þurfa að breyta því formi á þessum tímapunkti?
- TJ. Það veit ég ekki, hann kemur og hann fer að tala við mig um bátamál á þessum tímapunkti, af því að hann er kominn í vandamál. Hann er búinn að stofna fyrirtæki sem er í Delaware, sem að hans lögfræðingur er búinn að stofna og hann

er kominn í rekstrarerfiðleika og hann er búinn að finna það að ég er að hjálpa honum, er búinn að vera að vinna með honum í þessum vandamálum.

SM. Við erum ekki að fara ofan í það, fyrirgefðu. Spurningin er það, af hverju textinn?

TJ. Ég er að segja það, við höfum tekið hann væntanlega af hinum textanum.

Gert er hlé til að skipta um spólu.

AJ. Nú hefjum við yfirheyrslu á ný klukkan 18:20. Við erum að spryra um skjal sem að var prentað út úr tölvu Tryggva með yfirschriftinni „Það sem þarf að gera”. Sambærilegt skjal lagði Jón Gerald fram, það er með skjalnúmerið II/5.3. Það eru eingöngu þrír töluliðir og svo er handritaður fjórði töluliðurinn inn á það skjal en skjalið sem að við prentuðum út úr tölvu Tryggva, það er með fjórum prentuðum töluliðum. Tryggi, í fyrsta lagi, samdir þú þetta skjal?

TJ. Við sömdum þetta saman. Það getur verið að ég hafi gert fyrsta uppkastið að þessu. Til dæmis eins og þessi handskrifaði punktur sem kemur síðan sem að hann setur svo inn í skjalið..það kemur væntanlega frá Jóni Gerald og ég skrifa niður.

SM. Þessi handritaði. Þetta er þín rithönd er það ekki?

TJ. Ég segi það, hann hefur verið að segja mér frá því og ég hef verið að skrifa það niður og síðan höfum við sett það inn í skjalið.

AJ. En af hvaða tilefni var þetta skjal samið?

TJ. Út af bátamálunum hans þ.e.a.s. hann var kominn í mikla rekstrarerfiðleika og ég var að reyna að fá hann til þess að grynnka á sér og klára sína samninga við feðgana eða við Gaum og þess vegna átti að... Hann var búinn að stofna fyrirtæki í Delaware í eigin nafni eins og komið hefur fram en ekkert af þessu varð að..eins og þið vitið, varð að veruleika.

AJ. Nú virðist það vera samið þarna um áramótin '99-2000 samkvæmt því sem að tölvun þín segir okkur. Manstu það?

TJ. Ég hélt raunar að það hefði verið seinna. Ég hélt að það hefði verið þarna um..verið með þetta í maí þarna 2000 þegar við hittumst, þegar við vorum að fara yfir '99 uppgjörið en það má vel vera að það hafi verið þarna fyrr.

AJ. Já, það virðist vera, allavega samið þá.

- TJ. Já, já.
- AJ. Við þurfum að fara yfir þetta. Fyrsti liðurinn ef þú hefur þetta hjá þér hérna. Fyrsti töluliðurinn segir: „Láta lögfræðing í Delaware útbúa afsal á 70% eignarhlutanum í Thee Viking til Miramar”. Hvað ertu að fara þarna?
- TJ. Nú þetta er þá... Hann var með lögfræðing í Delaware.
- AJ. Hann Jón Gerald?
- TJ. Já og á sínum tíma, þá ætlaði hann að fara í fasteignamál úti á Bahamas og þá var rætt um að og það var stofnað þetta Miramar. Á þessum tímapunkti, þá kemur hann með upplýsingar um hvað hver hafi lagt í bátinn og það voru þarna svona ýmsar tölur í því sambandi og þetta var sem sagt hugmynd þarna að hann myndi ganga frá þessu með lögfræðingi sínum í Delaware, selja eignarhlut af þessum bát en eins og ég segi, af þessu varð ekki. Síðan kemur þarna einhver hugleiðing um það af því að hann taldi sig eiga meira, að verðmæti bátsins væri meira.
- AJ. Hver átti þarna 70% samkvæmt þessu?
- TJ. Gaumur.
- AJ. Gaumur átti 70% og hefur verið að færa sinn eignarhlut þá yfir í Miramar?
- TJ. Já, það var svona þæltingin á þessum tímapunkti.
- AJ. Og hver á Miramar?
- TJ. Það fyrirtæki er ekki til.
- AJ. Hver átti Miramar?
- TJ. Það var væntanlega þeir feðgar eða Gaumur sem að áttu það, sem að...en það var hins vegar..og ég veit ekki hvort að Jón Gerald hafi verið í því vegna þess að það hefur gerst miklu fyrr held ég og það er gert áður en ég kem inn í Baug.
- AJ. En hvernig dettur þér í hug að stinga upp á því að eignarhlutur þeirra sé færður yfir í Miramar? Var það eitthvað sem þeir lögðu fyrir eða?
- TJ. Nei, nei, það var bara af því að þetta fyrirtæki hafði verið að ég held stofnað þarna úti í Bahamas og var til.
- AJ. Hvaðan koma upplýsingar um það að færa þetta yfir á það félag sem er þér óviðkomandi og fyrirtækinu óviðkomandi?
- TJ. Af því að ég er að vinna þetta með Jóni Gerald og ég er að reyna að leysa málið á milli þeirra af því að hann færði ekki..af því að þeir voru að borga inn í þetta og

ætluðu að vera þarna eigendur að bátnum og hann hafði stofnað þetta og fært bátinn á sitt nafn alfarið.

AJ. Já, já.

TJ. Þess vegna varð að finna leið út úr því og síðan...

AJ. Er það þá hann sem að stingur upp á því að nota þetta félag Miramar?

TJ. Nei, það getur vel verið að það hafi komið frá mér vegna þess að ég vissi um fyrirtækið og það var bara dautt þar.

AJ. En nú ertu að tala um að færa þann eignarhluta sem feðgarnir eiga, þessi 70% eða það er réttara sagt Gaumur eins og þú orðaðir það.

TJ. Já.

AJ. 70% inn á félag þá væntanlega í þeirra eigu, af því að þetta er þeirra eignarhlutur.

TJ. Já.

AJ. Og kemur það frá Jóni Gerald að það eigi að færa það á Miramar?

TJ. Nei, nei ég er að segja að við erum að ræða saman, við Jón Gerald og út af þessum málum af því að ég var áður búinn að ræða og þeir voru búnir að ræða um þetta líka við Jón Gerald þ.e.a.s um það að fá eignarhlutinn sinn í bátnum yfir til sín og þá var ég að láta mér detta þetta í hug, að færa þetta yfir á þetta fyrirtæki.

AJ. Var það án samráðs við þá?

TJ. Ja, ég hugsa að á þessum tímapunkti hefur það örugglega verið án samráðs við þá vegna þess að þetta var bara hugmynd...Þetta er hugmynd sem að ég og Jón Gerald erum búnir að búa til.

AJ. Já, já.

TJ. Og síðan fljótlega breyttist það í það að ég var að hvetja hann til þess að selja hlut bara beint inn í Viking.

AJ. Já, já. En vissu þeir kannski aldrei um þessar hugmyndir, Jón Ásgeir og Jóhannes?

TJ. Ja, þeir vissu að ég var í viðræðum...hvort...Ertu að meina með Miramar?

AJ. Já.

TJ. Ég er ekkert viss um það.

AJ. Nei, nei. Þarna nefnirðu að söluverðið...Þar segir: „Í samningnum þarf að koma fram að komi til sölu á skipinu og verði söluverð undir bókfærði verði þ.e.a.s 1.127.497 dollarar”. Þarna var þér kunnugt um það að það er bókfært verð?

- TJ. Það er tala sem kemur frá Jóni Gerald.
- AJ. Já, ókey. Þarna í næstu málsgrein: „Verði söluverð yfir bókfærðu verði en undir 1.400.000 dollarum”.
- TJ. Já.
- AJ. Af hverju sú tala?
- TJ. Vegna þess að hann taldi að báturinn væri meira virði heldur en bókfært verð af því að hann hafði lent í málaferlum og hann taldi sig hafa fengið afslátt og að hann ætti að fá að njóta góðs af því og þess vegna fannst honum ekki rétt að skipta bara hlutföllunum eftir bókfærðu verði vegna þess að þá var hann ekki að fá til sín það sem hann hafði áunnið.
- AJ. Já. Nú í lið tvö er talað um að það eigi að yfirlæra greiðslur vegna Thee Viking og meta hvort ástæða sé til að breyta eignarhlutföllum, væntanlega þá á milli þessara þriggja eða hvað?
- TJ. Já eða milli Gaums og Jóns Gerald.
- AJ. Já. Næst sé ég að er síðan þessi þriðji liður sem við vorum að tala um áðan, að það eigi að stofna sérstakan bankareikning í nafni Thee Viking og kredit..
- TJ. Ég veit ekki einu sinni hvort að það var gert.
- AJ. Nei. Kreditkort var í höndum Jóns Gerald. Og þú fullyrðir það sem sagt að þetta B/G sé Bónus Gaumur.
- TJ. Já, Baugur Group er ekki til. Það hefur aldrei verið rætt um það fyrr en í fyrra og ég held að hugmyndin sé raunar komin frá af því að það var stofnað fyrirtæki sem hélt Bakkavör Group eða þegar það fór á erlendan markað og Baugur á þessum tíma er ekkert mjög stórt fyrirtæki, þannig að kalla það Baugur Group, það hefði engum dottið það í hug en þarna hins vegar vissi ég af því að hann hafði sent eða ég taldi það, að hann hafi sent reikning á Bónus og alltaf í nafni Bónus þótt Gaumur hefði greitt þá og þess vegna hendi ég þarna B/G inn. Þetta var ekkert með Baug að gera.
- AJ. Þú stingur síðan upp á að þessi texti verði notaður?
- TJ. Já, ég hugsa að við höfum bara tekið þetta á staðnum af því að við vissum að við vorum að nota þennan texta og þið getið alveg séð það að það „meikar ekki

sence" en hins vegar var ekkert af þessu gert og þetta með Nýbrauð, ég veit ekki einu sinni hvernig það..

- AJ. Ja, náttúrulega það sem gerðist var það, að það komu þarna mánaðarlega reikningar frá Nordica til Baugs með nákvæmlega þessum texta.
- TJ. Já, en ekki með þessari upphæð og ef þetta er gert á sama tíma, þá hlyti upphæðin að vera sú sama.
- AJ. Ekki með þessari upphæð reyndar og prósentuhluturinn er svona aðeins rokkandi sömuleiðis. Menn eru að togast á um það aðeins greinilega í gögnum.
- TJ. Já, en þeir færð ekki að...Já, þetta er..hljómar mjög trúverðuglega ég veit það en þetta er bara...Þetta er svona. Þetta er bara svona.
- AJ. Nú koma síðan mánaðarleg reikningar Tryggvi til Baugs sem að þú samþykkir.
- TJ. Já.
- AJ. Með nákvæmlega þessum texta.
- TJ. Já.
- AJ. Sem þú segir að séu vegna styrkja eða..
- TJ. Sá texti er kominn á undan þessu blaði.
- AJ. Já, það er um þetta leyti.
- TJ. Já.
- AJ. Já. Nú koma þeir.
- TJ. Já, já.
- AJ. Þannig að það virðist vera..Maður sér enga aðra skýringu en akkúrat þetta, að það hafi bara komið þarna reikningar eins og Jón Gerald er að halda fram.
- TJ. Já, en þið eruð heldur ekkert að leita að neinni annarri skýringu. Þið bara viljið trúá honum.
- AJ. Við erum að leita bara að hverju sem er, öllum staðreyndum.
- TJ. Já.
- AJ. Öllum staðreyndum.
- TJ. Hérna...en þannig er það. Hann er í vandamálum og ég er að hjálpa honum og hann veit að ég er að hjálpa sér, kemur til míni og við gerum þetta.
- AJ. Ókey.
- TJ. Og það verður ekkert úr þessu.

- AJ. Nei.
- TJ. For better or for worse.
- SM. En hver eru vandamálin?
- TJ. Reksturinn í vöruhúsinu.
- SM. Já, en hver eru vandamálin varðandi þennan bát? Þeir eru að ákveða þarna árið '99 að kaupa ennþá stærri bát og það hlýtur að vera sami hátturinn á því, þeir aðilar sem stóðu að þessu samstarfi um að kaupa þessa báta.
- TJ. Ég held meira að segja að hugmyndin hafi jafnvel komið frá Jóni Gerald.
- SM. Þú talar eins og þeir séu nánast bara utan við þetta, feðgarnir. Þú ert þarna í einhverri milligöngu eða með einhverjar tillögur um hvernig þetta eigi að vera og að Jón Gerald sé í einhverjum vandamálum og feðgarnir hvergi nærri.
- TJ. Þú varst nú áðan að ...pósta sem að Jón Gerald er að senda mér vegna þess að hann nær ekki í Jón Ásgeir, sem að ég sendi síðan áfram á Jón Ásgeir, sem er á svona svipuðum tímapunkti. Jón Gerald fer að leita meira til míni og ég fer að „involvera” mig meira í þessi mál vegna þess að hann átti í erfiðleikum með að ná sambandi við Jón Ásgeir og samskipti við hann og þess vegna fer ég að reyna að hjálpa honum í þessu máli. Þannig er það.
- AJ. Við skulum vinda okkur í næsta póst eða næsta skjal. Við erum með þarna sömuleiðis útprentun úr tölvunni þinni, útprentanir. Ég ætla að sýna þér bara báðar. Það eru excel yfirlit sem heita „Vikingur” heitir annað þeirra og „Vikingur 2”. Annað er búið til 3.1. eða allavega síðustu breytingar eru vistaðar hérna 3.1.2000 og hitt búið til 4.1.2000. Þetta er um sama leyti og skjalið sem við vorum að tala um áðan er samið. Ef við tölum fyrst um „Vikingur” þ.e.a.s fyrra skjalið, sem er búið til 3.1. Þekkirðu þessi skjöl Tryggvi?
- TJ. Já, ég held að þau hafi tengst hinu skjalinu þ.e.a.s tölurnar sem eru þar á bakvið.
- AJ. Já, nákvæmlega. Er þetta það sem að þú samdir eða hvað?
- TJ. Ja, þetta eru tölur sem koma frá honum og ég stillti upp væntanlega í tölvunni hjá mér.
- AJ. Ef við byrjum bara á byrjuninni. Það stendur „Viking 1. Kaupverð” og þú sundurliðar það annars vegar á JJ/JÁJ, það eru væntanlega..
- TJ. Gaumur, já eða þeir feðgar.

- AJ. Jóhannes og Jón Ásgeir og þeir borga 7.500 og Jón Gerald 7.500. Afborganir 500 og lán upp á 135.000. Þetta eru dollarar?
- TJ. Já.
- AJ. Hvaða lán er þetta upp á 135.000?
- TJ. Ég veit það ekki. Þetta eru upplýsingar sem komu frá Jóni Gerald. Væntanlega hefur hann tekið lán fyrir þessu eða fylgt með bátnum eða eitthvað slíkt.
- AJ. Þú veist ekkert um þetta lán?
- TJ. Nei.
- AJ. Veistu nokkuð um tryggingar á bakvið þetta lán eða ábyrgð á bakvið þetta lán?
- TJ. Nei. Ég man einhvern tíma eftir að hafa heyrt Jón Gerald vísa í það að félagið sem sagt „New Viking” að skuldir voru með þeirra ábyrgð og þess vegna hefði hann á þeim forsendum ekki viljað framselja hlutabréfum eða eitthvað slíkt. Ég veit ekki hvort að þetta lán hefur fylgt þangað með eða ekki.
- AJ. Getur verið að Baugur sé í ábyrgð fyrir þessu láni?
- TJ. Nei, það tel ég útlokað því að þetta er fyrsti báturinn væntanlega og ef ég man rétt, þá er hann keyptur.. Var það ekki '96? Var Baugur ekki stofnaður '98?
- AJ. Nei, en Baugur náttúrulega yfirtekur Bónus og það sem til var árið '96 og eignast þarna eignir þeirra.
- TJ. Ég...
- AJ. Þú kannst ekki við það?
- TJ. Nei.
- AJ. Mundirðu kannast við það ef það væri ábyrgð sem að Baugur var í fyrir því? Mundir þú ekki þekkja það?
- TJ. Ekki nema það væri ábyrgð sem að kannski aðalskrifstofan eða sem sagt höfuðstöðvarnar hefðu skrifað upp á, þá myndi ég hugsanlega kannast við þetta en Baugur eða fyrirtæki Baugs hljóta að vera í miklum ábyrgðum mjög víða.
- AJ. En nú væntanlega er þetta tekið upp þegar verið er að endurskoða og semja ársreikning eða búmir til listar um ábyrgðir, ekki satt?
- TJ. Ekki..já..Hvert fyrirtæki innan...Ertu að tala þá um inn á aðalskrifstofu Baugs?
- AJ. Já.
- TJ. Ég man ekki eftir að hafa séð þetta þar.

- AJ. Ókey. Síðan..
- TJ. Ég held að ábyrgðir sem að snúa að Nordica ef þú ert að tala um það, þá er það væntanlega í gegnum Aðföng.
- AJ. Já, það er annað.
- TJ. Já, en ég held að þetta sé...
- AJ. Þannig að þú kannast ekki við það?
- TJ. Nei.
- AJ. Svo kemur þarna „Viking 2” það er annar báturinn og þarna er tilgreint uppítókuverð og það er tekið nýtt lán upp á 273.497 og síðan eru afborganir, hvor um sig eru að greiða af þessu 15.000 dollara og síðan stendur „útlagt 242.000”. Hvað er það?
- TJ. Þetta eru bara upplýsingar sem ég fæ frá Jóni Gerald um hvað þeir hafi lagt út í bátnum. Allar tölur koma frá honum.
- AJ. Já, þannig að þú veist ekki hvernig þessi tala er samansett, þessir 242.000 dollarar?
- TJ. Nei.
- AJ. Sem að þeir skv. þessu feðgar þarna Jóhannes og Jón Ásgeir hafa lagt fram?
- TJ. Nei.
- AJ. Þar fyrir neðan er talað um 200.000, útlagt af þeim. Hvað með þá tölu, þekkirðu hana eitthvað?
- TJ. Nei, ekki nema bara það sama. Þetta eru bara upplýsingar sem Jón Gerald gefur um að þeir hafi borgað þetta eða lagt þetta út hvernig svo sem þeir gerðu það, hvort að þeir tóku lán fyrir því eða hvað.
- AJ. Síðan hafa þeir þá lagt fram 500.500 dollara en Jón Gerald skv. þessu yfirliti 58.500.
- TJ. Já, þarna ertu með söluhagnaðinn inni. Það munar nú kannski ekki miklu þannig að ....er eitthvað minna.
- AJ. Svo kemur „Viking 3” og það er væntanlega þá „Thee Viking” það er þriðji báturinn. Þar er tekið nýtt lán upp á 633.000 og síðan kemur þarna neðar „þóknun JGS 109.400”. Hvað er það?

- TJ. Það er þarna þegar hann segir að báturinn sé 1.400.000 dollara virði en ekki bókfærður eins og var þarna 1.156.000 eins og hann kostaði, ef þú tekur þetta allt saman skv. þessum upplýsingum sem hann lét mig fá, að þá er hann að fá þarna 100.000 dollara ef að 30% eignarhlutföll hefðu gilt. Þá væri hann að fá þarna í þóknun fyrir..eða bara fyrir það að vera til eða fyrir að annast bátinn eða eitthvað slíkt og þá var þetta ein hugmyndin.
- AJ. Til þess að ná þessu upp í 30%, að þá er þessi tala sett upp þarna?
- TJ. Já, til þess að ná...ef að 1.400.000 dollarar eru rétt verð, ef að það er markaðsverðið eins og hann vildi halda fram og ef að hann vildi 30% og þá miðað við þær upplýsingar um ...Síðan kom hann raunar seinna og sagði að hann hefði borgað miklu meira en þetta og það væri minna frá feðgum þannig að hann ætti í sjálfu sér meira í bátnum. Ég held að það komi fram einhvern tíma síðar, jafnvel í pósti frá honum. Á þessum tímapunkti, miðað við þessar upplýsingar sem ég fékk frá honum og ef að hann vildi 30.000 og þá hefði hann þurft að fá þarna 109.000 sem bara svona fyrir að vera til.
- AJ. Og hvernig átti að leysa það?
- TJ. Þetta er náttúrulega það umræðuefni..þessi vegna náðu þeir ekki saman, af því að Jón Gerald vildi fá þessa fjárhæð en hinum fannst þetta of mikið. Þess vegna klárast ekki málið og þess vegna frestaðist og gerðist ekkert.
- AJ. Þannig að þú ert svona milligöngumaður á milli þessara aðila?
- TJ. Hérra er ég raunar að hjálpa Jóni Gerald meira.
- AJ. Við skulum skoða þá hina töfluna sem er þá „Víkingur 2”, excel skjal.
- TJ. Er það önnur tafla?
- AJ. Já.
- TJ. Það er ekki þetta hérra?
- AJ. Hún er aðeins öðruvísí. Nei, þú ert með það. Hún er bara ekki sú sama þessar tvær eru aðeins öðruvísí.
- TJ. Já, hitt er kostnaðarverðið sýnist mér miðað við skjalið sem þú varst með áðan.
- AJ. Þarna er þetta nú svipað niður að „Víkingur 3”, er það ekki?
- TJ. Jú, það vantar bara söluhagnaðinn náttúrulega. Eini munurinn sýnist mér svona í fljótu bragði, sýnist mér á þessum tveimur blöðum, er sem sagt færslan á

kaupverði eða sem sagt kostnaðarverði upp í áætlað markaðsverð hans Jóns Gerald og það felst í því að annars vegar er kominn söluhagnaður inn í dæmið og þessi þóknun til Jóns Gerald.

AJ. Já.

TJ. Það er eini munurinn á þessum blöðum sýnist mér.

AJ. Jón Gerald hefur lagt fram líka einhverjar tvær aðrar töflur. Þarna í þessu „Víkingur 2” sem ég var að sýna þér núna, sem við tókum úr þinni tölvu, þar er hlutfallsskiptingin 20,92% á Jón Gerald og 79,08% á hina tvo. Svo hefur hann lagt fram einhverjar tvær töflur til viðbótar sem hann segir að þú hafir afhent honum þegar að þið eruð að velta þessum málum fyrir ykkur og þá eru hlutfallsskiptingin svona mismunandi. Ég er bara að sýna þér þetta. Þetta eru skjöl nr. II/5.3.1.

TJ. Já, já.

AJ. Kannstu við þetta? Voruð þið að velta þessu svona upp og niður þessum eignaskiptum?

TJ. Ég held að þarna hafi bara verið að prófa hvernig söluhagnaðurinn mundi skiptast því að hann er náttúrulega eins á þessum bátum sem eru seldir hérna en svo er það munurinn hérna... Jón með óinnleystan söluhagnað hér miðað við 1.400.000 kallinn og þá er það spurningin hvað hann, ef að sem sagt söluhagnaðinum er alltaf skipt 50/50 samkvæmt þessari hugmynd hér og hvað hann þyrfti að fá... Þú veist það fer eftir hvaða aukaþóknun væri, hversu stór hluti hans væri. Ef hann væri 50.000 þá væri söluhagnaðurinn hjá þeim hærri og það endaði hann í þessu. Ef það endaði í 30%, þá hefði hans hagnaður verið þessi og þetta er náttúrulega bara kostnaðarverðið þannig að þetta er sjálfsagt það sem við höfum bara prentað út, bara prófað að henda inn tölum og prentað út.

AJ. Ég ætla að vekja athygli þína á þessu skjali sem er merkt II/5.3.1 og það er eins og þú sérd hlutfallsskipting 73,57% á feðgana og 26,43% á Jón Gerald. Það er miðað við að þessi svokallaða þóknun Jóns til þess að fara í þessa prósantu, að þá er hún 50.000 dollarar.

- TJ. Plús síðan óinnleystur söluhagnaður upp á 111 þannig að hann er að fá þarna 161.000 ef að það væri 1.400.000 markaðsverð á bátnum sem að efasemdir voru um.
- AJ. Hvaða niðurstaða varð síðan um þessar vangaveltur?
- TJ. Það nefnilega varð engin niðurstaða. Þess vegna varð ekkert úr þessu.
- AJ. Endaði þessi hlutfallsskipting hvergi þá?
- TJ. Nei, hún kláraðist ekki. Hann vildi fá 30%. Ég held að hann hafi sagt það, að hann hafi viljað fá 30% og þeir hafi ekkert talið forsendur fyrir því og hann þess vegna ekki gengið frá pappírum þannig að þetta kláraðist aldrei. Þarna vorum við bara að velta upp hvað þetta þýddi miðað við þessar tölur og svo kom hann til baka aftur að hann hefði borgað meira og ég sagði „Sendu mér þá gögn um það og við getum þá búið til nýjar töflur”.
- AJ. Við skulum þá fara í næsta skjal. Það eru nokkrir póstar í einni útprentun sem eru dagsettir 3.1. og 4.1. Þetta er úr þinni tölvu sem þetta er prentað út. Fyrsti pósturinn sem ég ætla að staldra við eru frá 3.1. Það er sending frá þér til Jóns Geraldsson. Allir þessir póstar eru með subject „Bátamál og fleira”. Töluliður tvö í póstinum þínum frá 3.1. segir „Svo eru það bátamálín. Ég lét þig fá töflu um daginn þegar þú varst hér sem sýndi hvað hvor aðili hefði greitt mikið í bátnum. Þú taldir að fjárhæðirnar hefðu verið rangar og ætlaðir að skoða það betur þegar þú kæmir út. Ertu búinn að því?”. Hann svarar 3.1. aftur og segir meðal annars „Ég hef ekki farið yfir bátareiðslur en mun gera það fljótt. Ég er að fara til Chicago á sýningu í janúar 9.-13. Láttu mig vita hvort þið komið til Miami Flórida” og 4.1. í framhaldi af þessum póstum, þá virðist þú senda þetta áfram til Jóns Ásgeirs og þú segir þar meðal annars „Jæja, þá er komið að ákvarðanatökum varðandi hlutabréfakaup Jóns Geraldsson. Bátamálið er í biðstöðu hjá honum þar sem hann er að reyna að finna nýja pappíra sem sýna að hann hafi greitt meira en áður taldi og var búinn að upplýsa mig um” og svo framvegis. Jón svarar þér sama dag og segir meðal annars: „Ég talaði við Big Joe í gær. Hann kannaðist ekki við að hann hafi lofað að hann fengi 30% hlut. Okkar tillaga er þessi: Hann fær 20% hlut, 50% hlut í hagnaði frá 1.127.000 dollurum. Hann borgar 20% í kostnaði. Að auki lánum við honum 7.500.000 ...á 7% vöxtum. Með þessu

teljum við að við höfum komið mikið til móts við hann. Hann má ekki gleyma að þetta bátamál hefur ekki verið eintómt puð fyrir hann því ætluð notkun á bátnum sé 80% hann og 20% við. Í sáttahug Jón Ásgeir”. Þú svarar Jóni sama dag og segir: „Þetta gengur ekki upp við þín fyrri orð við Jón Gerald. Þú varst búinn að samþykkja að hann fengi 50.000 dollara í þóknun fyrir fyrri tíma. Þetta þýðir ca. 26% hlutur. Ég held að ég, þú og Big Joe ættum að hittast og ákveða lausnina”. Í fyrsta lagi hver er þessi Big Joe?

- TJ. Það sýnist mér nú vera Jóhannes Jónsson. Þetta er húmor hjá syninum þarna á þessum tímapunkti.
- AJ. Þegar þú segir við Jón Ásgeir að hann hafi verið búinn að samþykkja að Jón Gerald fengi 50.000 í þóknun fyrir fyrri tíma. Það þýðir 26% hlutur. Hvað ertu að meina þá?
- TJ. Töfluna sem var þarna áðan sem þú varst með, að þá hefur verið búið að reikna það út hvað það þýddi. Hann hefur verið búin að tala um 50.000. Ef að hann fengi 50.000 aukalega af þessum söluhagnaði sem að ætlað ef að færí upp í 1.400.000 dollara verðið, þá fengi hann það en þetta „referar” bara beint í þessi skjöl sem hérrna eru.
- AJ. Þannig að þú hefur verið búinn að kynna Jóni Ásgeiri þetta skjal eða þessa niðurstöðu?
- TJ. Ja, allavega búinn að segja honum frá því sýnist mér.
- AJ. Og hann þá búinn að samþykkja. Samkvæmt þessum póst þá segir þú „Þú varst búinn að samþykkja að hann fengið 50.000 og það þýðir 26%”.
- TJ. Já. Mér sýnist á þessu að þá sé málið það að Jón Gerald hafi haldið því fram að Jóhannes hafi lofað honum 30% og þess vegna höfum slegið því inn hvað það þýddi í þessa aukahlutdeild í söluhagnaðinum ef hann átti að fá 30% miðað við 1.400.000 dollara verðmæti og hins vegar hvað það þýddi ef hann fengi 50.000, sem sagt og reikna út frá því, þá væri það um 26%. Við höfum sjálfsagt verið að leika okkur með þessar tölur. Má ég aðeins sjá aftur skjalið, textann sem var þarna sem að fylgdi þessu sem þú varst með áðan. Hvort að ég átti mig á... Það getur líka verið að við höfum bara verið búnir að tala um þetta og þess vegna hafi

þessi texti verið hér til þess að þurfa ekki að taka á þessu máli strax ef að það mætti vera til að leysa málið.

- AJ. Og þá ertu að tala um hvaða texta.
- TJ. Verði söluverðið yfir bókunarverðinu undir 1.400.000 dollurum skiptist lækkunin 50/50 á milli og síðan ef hún verður yfir að þá getur hún farið upp í 30/70. Það getur verið að þarna hafi...þannig að þetta passi...gert síðan í framhaldi af því eða eitthvað slíkt í þeirri von um að leysa málið.
- AJ. Þessi tölvupóstur segir okkur að Jón Ásgeir hafi verið búinn að samþykkja 26% hlut og að Jón Gerald fengi þá 50.000. Var það þannig? Manstu eftir því að það hafi verið?
- TJ. Ég þori ekki að fullyrða hvort að Jón Ásgeir hafi verið þá búinn að ...hvort að Jón Gerald hafi sagt mér þetta þ.e.a.s að Jón Ásgeir hafi samið um þetta við Jón Gerald eða hvort að hann hafi sagt það við mig í síma þegar við töluðum saman eða hittumst en allavega þá er þarna einhver ágreiningur sem að leiðir til þess að þetta klárast ekki á þessum forsendum, þannig að hvort að hann hefur ekki viljað kannast við 50.000 eða hvernig það er. Það gerist allavega ekkert.
- AJ. Við skulum fara í næsta. Það er póstur dagsettur 8.1.2000. Hann er frá þér til Jóns Gerald með subject „Reikningur“. Þar segirðu: „Sæll. Ég fékk frá þér two reikninga á faxi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðiþjónustu og fleira. Tengist það Thee Viking? Ef svo er þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lét ég þig hafa memo þar sem meðal annars kom fram að að framvegis ættirðu að senda mér reikning sem stílaður væri á Baug. Textinn á reikningnum komi fram á blaðinu. Ef þetta er reikningur vegna Víkingsins sendu mér þá nýjan með þessu formi. Kveðja, Tryggvi.“ Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en að fyrst hafi Jón Gerald sent reikning stílaðan á Jón Ásgeir og þar hafi verið einhver sundurliðun á bankakostnaði, lögfræðiþjónustu og fleiru og þú leiðréttir hann og ef þetta er vegna Víkingsins segirðu, þá áttu að senda hann á mig, stíla hann á Baug og hafa textann í samræmi við memoið sem að kom fram eða textann sem kom fram á memoinu sem að ég lét þig fá. Er það rétt?

- TJ. Ef að þessi reikningur er vegna Víkingsins, sendu mér þá nýjan með þessu formi. Hérna á þessum tíma þá man ég eftir því að ég var að kalla eftir reikningi frá honum út af ferð sem hafði verið um sumarið þegar það mættu þarna ýmsir gestir um borð í snekkjuna eða bátinn eða hvað þú vilt kalla það og hafði ekki fengið reikning fyrir því út af ef það er útlagður kostnaður frá honum. Þannig að það var held ég út af því.
- AJ. Bíddu útskýrðu þetta nánar.
- TJ. Það var þarna farin ferð sem var viðskiptaferð sem var farin þarna niður eftir til Miami og Jón Gerald hafði sagt mér það að hann hafi lagt út kostnað vegna þessa og þá spurði ég hann á einhverjum tímapunkti hvort að það væri út af..reikningurinn væri út af sem sagt þessari bátsferð sem að tengist þá Thee Viking, þá ætti hann að senda mér reikning fyrir því, að hann ætti ekki að borga það.
- SM. Þetta gengur ekki alveg upp. Þú segir: "lét þig fá memo þar sem meðal annars kom fram að framvegis aettirðu að senda mér reikning, sem stílaður væri á Baug." Það er ekki verið að tala um einhvern einn tiltekinn reikning – gamlan. Það er verið að tala um eithvað fastmótað form sem komið er á.
- TJ. Þetta er reikningur...Já, ég var að horfa á neðri línuna. Þetta er eini reikningurinn sem ég man eftir á þessum tíma. Ég þarf bara að rifja þetta upp.
- AJ. Hvaða memo ertu að tala um þarna?
- TJ. Ég verð að rifja það upp.
- SM. Tryggvi, hvernig má það vera að þú manst svona einstök tilvik eins og um einhvern ferðakostnað út af einhverri hópferð í bátinn en svo þegar við erum að tala um hluti sem þér þykir óþægilegt að þá manstu ekkert.
- TJ. Já, það má túlka það þannig líka en ástæðan er því að ég man eftir þessari einstöku ferð í þennan bát vegna þess að ég lét síðan rukka Gaum fyrir þeim ferðakostnaði sérstaklega þannig að þess vegna man ég eftir þeirri ferð þannig að svo að það sé alveg klárt. Það er stundum auðveldara að munna svona einstaka hluti. Væntanlega eða ég veit ekki...Ég þarf bara að kanna þetta.
- AJ. Þetta er 8.1.
- TJ. Já.

- AJ. Við vorum að rifja hérna upp að u.p.b. viku áður að þá ertu að semja þetta skjal þarna, þetta memo, þetta minnisblað með texta þar sem að er tilgreindur tiltekinn texti sem á að vera á reikningum sem eru vegna Víkings og á að stíla á B/G. Þetta verður tæplega skilið öðruvísi heldur en að þú sért að vísa í eitthvert slíkt memo. Það er mjög líklegt að þú sért að tala um það þarna.
- TJ. Já, það memo.. Það minnisblað „Þetta sem þarf að gera” sem að merkt er það, það er út af þegar við vorum að ræða um eignaskiptingu á bátnum og þetta fór aldrei í framkvæmd, sem að þar er rætt eins og hérna...og það að hérna sé vísað eitthvað í memo.. Ég þarf bara að rifja það upp en það er þá ekkert tengt þessu þarna.
- SM. Þetta memoblað, það er ekki bara verið að tala um eignaskiptingu á bátnum, það er líka talað um hvernig greiðslum eigi að vera háttar vegna fjármögnunar á bátnum. Það er liður númer þrjú.
- TJ. Já, ókey en hvað var þessi reikningur hár hérna?
- AJ. Nokkru seinna þá kom 12.000 dollara reikningur frá Nordica til Baugs með textanum „Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work” nákvæmlega eins og stendur á þessu memo.
- TJ. Já, en ekki 7.000 eins og stendur þarna.
- AJ. Nei það var reyndar 8.000.
- TJ. Nú ekki 12.000 eins og þú varst að segja.
- AJ. Nei, fyrirgefðu 8.000 þarna eins og við höfum talað um. Það er vitleysa. 8.000 voru fram eftir árinu 2000. Það gerðist.
- TJ. Ég þarf að rifja þetta upp.
- AJ. Það bendir allt til þess að þetta sé á ferðinni.
- TJ. Það er samt ekki svo.
- SM. Tryggvi. Nú höfum við framburð Jóns Gerald Sullenberger um þetta, konunnar hans og Kristrúnar sem starfar þarna og við erum svo með þessi gögn hérna, sem er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að það sé verið að stilla upp hvernig eigi að borga afborganir af þessum bát og rekstur af þessum bát. Það er ekki hægt að lesa annað út úr þessum gögnum en það, að Baugur sé að fara að taka yfir greiðslur út af bátnum.

- TJ. Já, en þú sérð það sjálfur að ef að það var verið að vinna í þessu vinnublaði þarna, þessu minnisblaði þarna, þar sem átti að fara fram ákveðin skipting eða samkomulag um bátinn og gera ákveðna eignaskiptingu. Heldur þú að ef að þetta væri eitthvað plott á milli hvort sem að ég átti að vera „involaður” eða ekki eða hvort að það var á milli Jónanna, heldurðu að það hafi farið í gang, bara sá liður þ.e.a.s að fara að borga reikning og þar að auki hærri upphæð heldur en að þarna er talað um án þess að ganga þá frá hinu í leiðinni.
- AJ. Við svo sem getum ekki verið að gefa okkur um það.
- TJ. Nei, en..
- SM. En við sjáum á öllum gögnum málsins það að það er verið að tala um þessa eignaskiptingu alveg allt undir það síðasta.
- TJ. Já...eða hvaða þá?
- SM. Hver eignarhlutur hvers er. Það er verið að deila um það, að menn eru ekki á eitt sáttir og hafa greinilega ekki komist að niðurstöðu ennþá.
- TJ. Já, já það kláraðist aldrei það mál. Það er rétt.
- AJ. Við sýndum þér áðan gögn úr bókhaldinu sjálfu út frá Gaumi og frá Baugi og eins og þú manst að þá voru reikningar... Við gerðum þér grein fyrir því að það voru reikningar að koma frá Jóni Gerald vegna rekstrarkostnaðar bátsins og afborganalána sem hvíldu á honum til Gaums fram að lokum ársins 1999. Eftir það sendi hann reikninga á Baug og hann greiddi síðan rekstrarkostnað og afborganir af bátnum með greiðslu sem hann fékk fyrir þá reikninga.
- TJ. Ég man ekki betur heldur en að greiðslur hafi líka borist áfram frá Gaumi.
- Aj. Jú, það var annað. Það voru Visagreiðslur. Við erum að tala um þessar föstu greiðslur.
- TJ. Voru fastar greiðslur áður frá...föst fjárhæð áður frá Gaumi?
- AJ. Nei, ekki föst fjárhæð nei en reglulegar greiðslur.
- TJ. Já, en að hann er að borga visa...Nú bara skil ég ekki. Ef hann er að borga visareikninga einhverja frá Gaumi áfram.
- AJ. Bíddu aðeins. Við skulum aðeins stoppa hérna.

- TJ. Ég ætla aðeins að fá að spyrja einnar spurningar. Ef að 8.000 dollararnir eiga að tengjast afborgunum á bátnum af því að reksturinn er væntanlega áfram hjá Gaumi, er það rétt skilið hjá mér?
- AJ. Nei, nei.
- TJ. Nú, þá er ég hættur að skilja þetta. Gaumur eða Baugur getur bara tekið ákvörðun um að kaupa svona bát.
- AJ. Jú, jú allt í lagi en nú gerði hann það ekki.
- SM. Ég ætla að sýna þér hérna dæmi um reikning frá Nordica, sem stílaðir voru á Gaum. Þetta er reikningur sem er sendur virðist vera í ágúst..nei fyrirgefðu það er október-nóvember 1999. Þar er nákvæmlega svona reikningur eins og þú virðist vera að segja honum að hann þurfi að leiðréttu og orða öðruvísi. Hérna erum við með reikning sem stílaður er á Gaum.
- AJ. Skjalnúmerið er hvað aftur?
- SM. Skjalnúmer þessa reiknings er II/9.2.18. Hér er reikningur sem er stílaður á Gaum og berist til Jóns Ásgeirs. Hérna erum við að tala um sundirliðun á kostnaði. Það er hérna „Union Planters Bank” afborgun væntanlega og hér er lögfræðikostnaður líka inni „Law office work through September” þetta er bara nákvæmlega svona reikningur eins og voru sendir á Gaum og mjög dæmigerður fyrir það. Þegar maður les þennan póst hérna, þá er ekki annað að sjá en að Jón Gerald hafi sent nákvæmlega svona reikning í janúar 2000 sem þú móttokur og segir „Heyrðu hann á ekki að hljóða svona. Ég er með memo um það hvernig þú átt að orða þennan reikning. Sendu mér nýjan”.
- TJ. Já, og samkvæmt því ef að við fórum aftur í ykkar blað...
- SM. Ef við skoðum svo reikninginn sem kom svo endanlega í janúar þetta ár, sem er dagsettur 19. janúar 2000. Reikning sem að þú kvittar upp á fyrir hönd Baugs. Þá sjáum við að hann er svona. Það eru 8.000 dollarar og hvað segir texti skjalsins?
- TJ. Bara hann segir þennan texta sem kemur fram í tölvupóstinum þarna frá því fyrir áramót.
- SM. Já.
- TJ. Já.
- SM. Nákvæmlega sá texti sem kemur fram á memoinu líka.

- TJ. Já, en það bara er búið til eftir á. Það er það sem ég var að segja áðan.
- AJ. Fyrirgefðu, búið til eftir á?
- TJ. Við vorum að tala um það áðan að það kæmi.. Ég hélt að það væri m.a.s. búið til í maí eða eitthvað slíkt.
- AJ. Nei, skjalið er frá þarna 3. janúar.
- TJ. Já, en tölvupósturinn er frá því fyrir áramót.
- SM. Tölvupósturinn?
- AJ. Hvaða tölvupóstur?
- TJ. Sem þú varst að vísa í áðan þegar við vorum að tala saman ég og Jón Gerald um textann og þess vegna segi ég að memoið sé.. hafi tekið textann úr því. Þá bara sprýr ég um eitt, ef að þetta væri svona eins og þið eruð að lýsa og að þetta væri byggt á þessu memoi sem að þarna er, þá samkvæmt því að þá átti að vera 7.000 og einhver önnur tala frá honum til að borga 10.000 eða hver sem fjárhæðin var og þessi reikningur hérna er upp á 12.000, ég veit ekki hvernig það er.. hvort að þetta breytist á milli tímabila.
- SM. Þú ert að vísa í Gaumsreikninginn?
- TJ. Já, ég er að vísa í Gaumsreikning hérna af því að það kemur þarna „Union Planters Bank” og allt þetta sem er miklu hærri fjárhæð og þessir reikningar hafa þá verið upp á hærri fjárhæð, allavega í þessu tilviki og þarna í þessu memoi, þá er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaðurinn sé hærri og að þeir eigi að skipta þeim með einhverjum hætti á milli sín. ... það sem gera þarf. Þessi reikningur er bara upp á 8.000.
- SM. Bara til að skýra það aðeins Tryggi, þá er inn í þessum reikningi frá Gaumi lögfræðikostnaður sem að okkur er sagt að hafi fallið til út af því að þegar þeir áttu að afhenda þennan bát, þá hafi verið vanefndir af hálfu seljandans, báturinn hafi ekki fengist afhentur. Það hafi kostað málaferli og að þetta sé kostnaður vegna þeirrar lögfræðibjónustu sem lagt var út í til að fá bátinn afhentan, þannig að þessi kostnaður væntanlega yrði ekki til frambúðar.
- TJ. Nei, nú þekki ég það ekki.
- AJ. En við heyrum það, er það ekki rétt skilið að þú... Þetta er ekki rétt sem að við erum að saka þig um.

- TJ. Nei.
- AJ. Að hafa lagt það upp að reikningurinn fyrir rekstrarkostnaði eða afborgunum af lánunum á bátnum yrði greiddur af Baugi með þessum hætti eins og þessi reikningur sem barst Baugi í janúar hljóðar upp á. Það er ekki rétt?
- TJ. Nei.
- AJ. Við getum svo sem haldið áfram að velta vöngum hvernig það gæti verið en við komumst ekkert á því. Við skulum fara hérna áfram eftir tölvupóstum sem við höfum stungið út. Við skulum skoða næst póst sem að lýsir samskiptum Kristínar Jóhannesdóttur og Jóns Gerald, þetta er póstur sem er dagsettur 31. október 2000, skjal nr. II/7.14. Kristín sendir Jóni Gerald þennan póst og segir: „Sæll. Ég hef ekkert fengið frá þér vegna visareiknings. Reikningur sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um krónur 195.000. Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda 12.000 dollara á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil krónur 2,4 milljónir á ári í visareikning vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu, sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostnaður vegna bátaleigu). Allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint. Kveðja, Kristín”. Hér segir hún að hún er að borga þarna í október 2000 væntanlega fyrir hönd Gaums, hún er framkvæmdarstjóri Gaums, visareikning en hún segir jafnframt að hún átti sig ekkert á þessu vegna þess að hann fái, hann Jón Gerald 12.000 á mánuði frá þér til greiðslu á bátakostnaði.
- SM. Og notabene á þessum tíma er 8.000 dollara greiðslan komin í 12.000 dollara.
- TJ. Já.
- AJ. Það gerist í maí 2000. Þetta ber allt að sama brunni. Hefurðu skýringar á þessu Tryggvi?
- TJ. Ég hef ekki skýringar á þessu og ég man eftir því þegar ég var spurður um þennan póst á sínum tíma vegna þess að hann kom mér á óvart, þá minnr mig að Kristín hafi sagt það að hún teldi sig hafa þær upplýsingar frá mér að þetta væri út af bátakostnaðinum og ég mótmælti þá og ég mótmæli þeim nú og ég hugsa það að ef hún hefur það einhvers staðar frá, þá hafi hún heyrt það frá Jóni Gerald en hvernig hann hefur ráðstafað sínum peningum eða þessum 12.000 dollarum, hvort að hann hefur ráðstafað því inn á bátinn, að þá er það eitthvað sem að ég veit ekki

um. Það er algjörlega klárt að ég var ekki að borga 12.000 til að borga bátnum. Ég var að borga honum 12.000 á mánuði út af því að halda honum á floti á meðan við vorum reyna eða hann var að reyna að snúa við rekstrinum og við ætluðum að reyna að efla viðskiptin. Hvað hann gerði við þessa 12.000 dollara, það veit ég ekki um.

SM. Gott og vel Tryggvi. Á þessum tíma, miðað við öll gögn málsins, ert þú kominn nokkuð vel inn í þessi bátamál öll. Þú ert búinn að vera að skiptast á gögnum við Jón Gerald, búinn að stilla upp kostnaði hvað hver og einn eigi í bátnum. Nú erum við líka með í gögnum málsins að það eru engir reikningar frá Nordica stílaðir á Gaum frá því 1999, þannig að allt árið 2000 er enginn reikningur frá Nordica á Gaum vegna bátsins. Nú veist þú og við, að það var keyptur þarna nýr bátur, stærri bátur, tekið viðbótarlán, þeir áttu að eiga þetta saman, það átti að gera upp árlega eignarhlut hvers og eins og athuga hver hafi borgað hvað. Hvaðan komu þá peningarnir frá feðgunum ef ekki með þessum hætti.

TJ. Þeir komu ekki með þessum hætti. Ef að þetta hefði alltaf verið svona klappað og klárt þá hefði hann verið búinn að ganga frá eignaskiptunum en hann gerði það ekki og ég veit ekki af hverju það var ekki sendur reikningur á Gaum frá og með þessum tíma. Það veit ég ekkert um. Það getur vel verið að hann hafi tekið einhverja reikninga og hætt að senda reikninga og farið að taka það í gegnum kreditkort sem.... Ég veit ekki hvenær hann byrjaði með þetta kreditkort til dæmis, hvort að það byrjaði á svipuðum tíma, ég bara veit það ekki. En þetta er ...

AJ Við verðum að stoppa, spólan er að klárast. Klukkan er 19:12 og við gerum stutt hlé.

Þá höldum við yfirheyrslu áfram klukkan 19:32 eftir hlé. Tryggvi við ætlum að kynna þér næst tölvupóst sem er dagsettur eða nokkur tölvupóstssamskipti, dagsett 16. mars til 19. mars 2001 á milli þín og Jóns Gerald. Þetta er á tveimur blöðum, það er póstur sem er dagsettur 16. mars, 17. mars og síðan svör við því frá 17. mars sem að eru dagsett 19. mars. Ég ætla að sýna þér þessi skjöl. Í fyrsta póstinum sem er 16.3. frá Jóni Gerald til Tryggva. Þar segir: „Sæll Tryggvi. Getur þú látið mig vita hvort búið er að senda fyrir Víking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku.

Kveðja frá Miami.” Þú svarar þessum pósti daginn eftir 17.3. og þar segir: „Ég hef sent frá mér alla reikninga (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búið að greiða allt. Ég mun dobbletékka á mánudag. TJ.” Síðan er þarna framhald af þessum á hinu blaðinu og það er dagsett 17.3. og þá sendir þú á Lindu fjármálastjóra Baugs og segir: „Var ekki örugglega búið að greiða alla útistandandi reikninga á Nordica. TJ.” og hún svarar þér 19.3. og segir: „Ég veit ekki betur en að allt sé greitt. Því miður er ekki búið að bóka sjóðinn okkar í febrúar eða mars. Unnur hefur greinilega ekki gefið sér tíma í það og einnig var hún veik alla síðustu viku. Kveðja, Linda.” Þú sendir þetta síðan áfram og svarar Jóni Gerald og segir í pósti til hans 19.3.2001: „Samkvæmt þessu á allt að vera greitt til þín. Láttu mig vita ef það stenst ekki. TJ.” Hér er bara sama sagan virðist vera að hann byrjar á því að spyrja þig hvort að það sé búið að senda fyrir Víking. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en að hann sé að spyrja hvort að það sé búið að senda greiðslur fyrir Víking, sem er báturinn og að báturinn sé að fara í slipp og svo framvegis og þú framsendir þetta og spryrð strax hvort að það sé búið að greiða reikninga Nordica og færð það svar frá fjármálastjóranum að allt sé greitt. Það er ekki annað sjáanlegt að þarna sé um að ræða Nordica reikninga til Baugs sem eru sendir til þess að greiða bátinn.

- TJ. Já. Það er nú samt ekki svo. Hann er að spyrja þarna um Víking og væntanlega út af bátnum og þá er það væntanlega vegna þess að á þessum tíma sýnist mér að þetta sé um það leyti sem að Gaumur er að hætta að greiða rekstrarkostnaðinn. Ef ég man rétt að þá held ég að þeir hætti á þessum..mig minnr að þeir hafi verið fram á árið 2001 að greiða rekstrarkostnaðinn.
- AJ. Meinarðu visareikningana?
- TJ. Væntanlega að biðja um greiðslur fyrir því án þess að ég þori að fullyrða það en ég hins vegar vegna þess að ég veit á þessum tíma um hans fjárhagsstöður, þá ýtti ég alltaf eftir greiðslum til Nordica hjá mér þannig að þær fær strax út vegna þess að ég vildi ekki annað heldur en að hann væri með svona sæmilega hreint borð frá mér út af því hvernig hann var fjárhagslega staddur.
- AJ. Já, við sjáum það hérna á yfirlitinu sem að er skjal VP/3.1.10 frá endurskoðendum okkar þar sem að eru sundurliðaðar greiðslur eða sem sagt reikningar frá Nordica

til Gaums annars vegar og Baugs hins vegar og það er sundurliðað eftir því hvort um er að ræða visagreiðslur eða eitthvað annað að Gaumur er að greiða visagreiðslur. Hann er að fá visagreiðslur alveg fram í apríl 2001, sem sagt rukkun fyrir visa frá Nordica sem að tengist þessum báti líka og kostnaði vegna hans.

TJ. Fram í byrjun apríl?

SM Síðasta greiðsla er 4. apríl 2001.

TJ. Já, er það ekki vegna greiðslukorts sem að er með greiðslutímabil fram yfir miðjan mars. Er það ekki svoleiðis sem að systemið virkar og hann er væntanlega að ýta á eftir greiðslu út af því að kortið hans er þá ekki virkt lengur eða eitthvað slíkt, án þess að ég viti það. Það er það sem að ég gef mér. Ég hins vegar segi að ég sé búinn að senda frá mér alla reikninga og dobbletékka það ef það skyldi vera eitthvað ógreitt. Það kom stundum fyrir að reikningar, greiðslur bárust seint og ég ýtti á eftir því að það gerðist svoleiðis að hann hringdi í mig oft út af því.

SM. En af hverju er hann þá að segja eða bæta við þarna að báturinn sé að fara í slipp. Hvað kom það þér við?

TJ. Það er bara náttúrulega eins og áður að hann var í erfiðleikum með að ná í sambandi við Jón Ásgeir og hann talaði við mig um marga hluti og þarna er hann að biðja mig um að skoða það hvort að.. Ég hef væntanlega hringt í Jón Ásgeir og sagt honum frá þessu án þess að ég muni það eitthvað sérstaklega en þetta er hins vegar.. síðan bara fer ég yfir mína stöðu, hvað skuldar Baugur Nordica og geng frá því öllu.

AJ. Hann er ekki að rukka fyrir umsýslu. Hann er að rukka fyrir Víking og þú ert aðstoðarforstjóri Baugs með ábyrgð á fjármálum og bókhaldi fyrirtækisins og þú stoppar ekkert við það?

TJ. Nei, ég stoppa ekkert við það vegna þess að það er búið að koma hérrna fram áður að ég var að reyna alltaf að vinna með honum í Víkingsmálinu þannig að þess vegna sendir hann mér póst og væntanlega til að ýta á eftir því við Jón Ásgeir en ég hins vegar...

AJ. Þarna er greinilega verið að blanda saman greiðslum út af báti og greiðslum fyrir eitthvað annað sem að kemur Baugi við. Þú gerir engar athugasemdir við það?

- TJ. Nei, ég bara svara honum fyrir mig. Ég bara svara honum að ég er búinn að fara yfir. Ég er búinn að skrifa upp alla reikninga og svo getur verið að þeir stoppi frammi af einhverjum ástæðum og hún segir að það sé ekki búið að stemma af sjóðinn hjá sér vegna veikinda eða tímaleysis og það er það eina sem ég er að gera, að það er að ýta á eftir greiðslunni sem að snýr að Baugi og ég hef örugglega...
- AJ. Nú snýr það bara ekkert að Baugi ef að þú ert að segja satt að Baugur hafi aldrei komið nálægt greiðslum á bátnum. Hann er að spyrja sérstaklega um greiðslur vegna bátsins.
- TJ. Já.
- AJ. Já, og ef að þetta hefur verið þannig að Baugur hefði ekki tekið þátt í að greiða bátinn af hverju sagðirðu þá ekki „Hvaða bát og hvaða slipp?”. „Af hverju ertu að spyrja mig um bát og slipp? Ég er forstjóri Baugs og mér kemur það ekki við.”
- TJ. Ég er ekki forstjóri Baugs.
- AJ. Eða aðstoðarforsjóri Baugs.
- TJ. Já, en það er vegna þess eins og margoft er búið að koma fram, hann talaði við mig oft um bátinn vegna þess að við vorum að reyna að leysa þau mál allar götur, alltaf.
- AJ. En hvernig áttir þú að athuga hvort að það var búið að senda greiðslur fyrir Víking?
- TJ. Með því að tala við Jón Ásgeir væntanlega.
- AJ. Með því að tala við Jón Ásgeir?
- TJ. Já.
- AJ. En nú bara talar þú við Lindu sem er fjármálastjóri Baugs.
- TJ. Nei, byrja á því að segja að ég er búinn að senda alla reikninga frá mér sem að snúa að mér vegna þess að ég veit að hann.
- AJ. Hvert sendir þú þá?
- TJ. Ég sendi þá bara fram í greiðslu.
- AJ. Til Lindu?
- TJ. Já eða gjaldkera.
- AJ. Það var nákvæmlega það sem þú ert að gera.

- TJ. Já, en það eru þessir föstu reikningar sem ég er með vegna þess að ég veit að hann vantar pening og ég veit að hann er að senda mér aðra reikninga og ég vildi bara dobbletékka það að það væri allt farið, að hann allavega ætti ekki eitthvað ógreitt frá mér.
- SM. Tryggvi, þetta er nú svolítið langsótt. En af hverju fer þetta ekki allt í gegnum Gaum? Þar er Kristín Jóhannsdóttir, það er framkvæmdarstjóri.
- TJ. Já.
- SM. Og hefði þá ekki verið eðlilegra ef að þetta er eins og þú ert að segja, að hann hefði beint þessari fyrirspurn til hennar, ef þetta kom þér ekkert við og hafði bara með Gaum að gera?
- TJ. Jú, jú, það getur vel verið að hann hafi átt að gera það en þá komum við aftur að hinu að hann var í mestum samskiptum við mig um þetta mál en ekki við Kristínu út af því að við vorum alltaf að reyna að leysa málin og hann átti oft í erfiðleikum með að ná sambandi við Jón Ásgeir og hann vissi kannski að ég hafði oft betri aðgang að honum heldur en Kristín.
- SM. En niðurlagið á þessum pósti. Hann sendir þér póst og segir að það eigi eftir að borga vegna Vikings.
- TJ. Já.
- SM. Þú svarar honum og segir: „Ég er búinn að senda frá mér alla reikninga....Svo talar þú við Lindu, væntanlega til að dobbletékka þá.
- TJ. Ég sjálfur er erlendis á þessum tíma.
- SM. Og svarar hún svo í framhaldi af því „Samkvæmt þessu á allt að vera greitt til þín. Láttu mig vita ef það stenst ekki.”
- TJ. Mmm.
- SM. En hvernig gastu þá svarað því hvort að það var búið að greiða út af bátnum eða hvað, ef að þú ert að dobbletékka eitthvað allt annað?
- TJ. Ég er hérna úti á þessum tíma og ég svara ...Hann veit náttúrulega nákvæmlega þegar...ég sendi honum áfram póstinn frá Lindu. Ég er að senda hérna póst 19. mars til Lindu um það hvort að það sé ekki búið að greiða alla reikninga og hún svarar mér því og ég er að svara honum til baka um að það sé allt greitt til hans

sem að snýr að Baugi. Þetta er póstur frá mér og ég er að áframsenda póst frá Lindu til hans.

AJ. Hann er bara ekkert að spyrja að því. Hann er að spyrja hvort að það sá búið að greiða fyrir bátinn.

TJ. Já.

AJ. Já og þú svarar því.

TJ. Já og ég fer síðan og svara því út frá Baugsreikningunum en ekki út frá bátareikningunum. Ég kem þeim skilaboðum...

AJ. Hvaða bátareikningum?

TJ. Nei, þessum báti í slipp. Það er búið að senda reikning fyrir Viking. Það er það sem að þú ert að spyrja um. Þú ert að reyna að tengja það saman, þetta og það sem ég er að svara.

SM. Já, já, þetta hangir allt saman.

TJ. Þetta hangir saman í fyrri póstinum, já.

AJ. Við erum að saka þig um að hafa greitt fyrir bátinn með greiðslum fyrir þessa tilteknu reikninga

TJ. Já, og ég er að segja það að ég hafi ekki borgað reikninga sem að væru beinlínis eða eitthvað tengdir bátnum. Það hef ég ekki gert. Ég hef bara borgað reikninga til Nordica vitandi það eins og kom hérna fram áðan, að hann hefur enga aðra fjármuni. Auðvitað renna peningar hvort sem er mánaðarrekningunum eða stóru greiðslunum eða hvernig sem það er að renna að einhverju leyti í bátinn og í hans mat og bensín og svo framvegis.

SM. En Tryggi nú er hann líka í vörubiðskiptum við Aðföng.

TJ. Já.

SM. Er ekki gert ráð fyrir að einhverjar tekjur hjá honum komi þar inn líka?

TJ. Jú, jú, en hins vegar á þessum tímapunkti að á meðan var verið að byggja þetta upp að þá var hugsunin þar vegna þess að vöruskiptin voru það lítil, hann þurfti að borga öðrum laun, að þá var meiningin að láta þá enda ná saman þannig að hann sjálfur var fyrir utan það og við vorum að borga hans laun vegna þess að það stóð ekki undir öllu, var í taprekstri.

SM. Hann kannast bara ekki við það að hafa nokkurn tímann þegið laun frá Baugi.

- TJ. Nei.
- SM Né styrki.
- TJ. Nei.
- SM Hvað þetta varðar á mánaðarlegum...
- TJ. Nei. Það er hans mál.
- AJ. Í þessum samskiptum ykkar, þetta er í mars 2001. Frá áramótunum '99-2000 eru búnir að berast reikningar til Baugs með texta sem settur var fram í minnisblaði sem að þú skrifaðir um áramótin '99-2000, þar sem stendur að eigi að senda reikninga vegna þessa bátsrekstrar eða afborgana af bátnum á Baug.
- TJ. Nei.
- AJ. Ekki Baug nei.
- TJ. Nei B/G.
- AJ. Bónus eða Gaum?
- AJ Með textanum „Contract.....
- TJ. Já, en ég er að segja að sá texti kemur inn í það minnisblað eftir að við erum búnir að semja um þessa mánaðargreiðslur og það varð ekkert af þessu minnisblaði. Það fór ekki til framkvæmda, ekki með neinum hætti.
- AJ En það sem ég er að benda þér á er að allt árið 2000 og allt árið 2001 og frameftir árinu 2002 þá eru að berast reikningar með þessum sama texta.
- TJ. Já.
- AJ. Já, ókey. Sem að þú sagðir að ættu að vera á þeim reikningum sem vörðuðu bátinn í þessu minnisblaði.
- TJ. Já.
- AJ. Og þú svarar fram og til baka og segir þegar hann spyr þig til dæmis í þessum pósti sem við vorum að fjalla um núna 16.3. „Ef það á að senda mér peninga fyrir Víking þá verða að koma reikningar með þessum sama texta og búið að gera allan tímann.” Þú gerir aldrei athugasemdir við þetta við hann.
- TJ. Nei, textinn er eithvað sem við ákveðum sameiginlega á þessa mánaðarlegu reikninga en hitt fór ekki í framkvæmd. Þetta minnisblað „Það sem þarf að gera” fór aldrei í framkvæmd.
- AJ. Það fór aldrei í framkvæmd?

- TJ. Nei. Það fór aldrei í framkvæmd enda eins og þið sögðuð áðan tölurnar stemma heldur ekki, hvorki upphaflega né skv. rekstraráætlun sem að ég sá í einhverjum í skjölum hjá ykkur sem að koma væntanlega frá honum þar sem er sagt..þar sem er verið að bera saman ef við myndum leigja út bátinn ef ég man rétt og þá átti kostnaðurinn að vera 122.000 dollarar og 12.000 á mánuði væru 144.000 dollarar og það myndi þá þýða að ef að þetta væri rétt að þá væri ekki Baugur aðeins að borga þennan kostnað á bátnum heldur líka að láta þá einhverjar þóknarir þannig að það bara stenst ekki.
- SM. Er verið að tala um sitt hvoran hlutinn. Hann er að tala um einhverja greiðslu út af bátnum og þú ert að tala um einhverja greiðslu út af einhverjum styrk sem að hann reyndar kannast ekki við, hvar finnum við þá þessa greiðslu sem að hann er að biðja um út af bátnum. Ekki finnum við það hjá Gaumi.
- TJ. Ég veit ekki hvar þið finnið hana.
- SM. Nei, en nú varst þú inni í þessum málum fyrir feðgana.
- TJ. Já.
- SM. Hvernig stendur á því að þú vissir þá ekki hvaðan greiðslur frá þeim komu?
- TJ. Ja, hvað var greiðslan há þarna sem kom 4. apríl út af kortinu þegar það var?
- SM. Kortið er hérrna á Íslandi, reikningarnir berast til Íslands til Kristínar. Reikningar fara ekkert út til hans.
- TJ. Hann verður að svara þessu. Ég veit það að ég borgaði ekki reikninga vegna Víkings.
- AJ. Við skulum skoða hérrna tölvupóst frá 4. september 2001, sem er hérrna. Það er tölvupóstur frá Jóni Gerald til Tryggva og svar á sama blaði frá Tryggva til Jóns Geraldis þann 5. september 2001. Þann 4. þá sendir hann þér póst og hann hljóðar svona: „Sæll Tryggi minn. Ég var að faxa þér þrjá reikninga nr. 197 sem eru 12.000 dollarar, þetta sama, nr. 198, sem eru 1.732,12 þetta er afgangurinn frá ferðinni júlí-ágúst og reikningur nr. 199 sem eru 445,55 dollarar og þetta er þitt Amex.” Geturðu skýrt þetta fyrir okkur.
- TJ. Já, ég get skýrt það að einhverju leyti allavega. 12.000 dollararnir þetta sama, þetta er það sama og búið að vera um alllangt skeið, mánaðarlegu reikningarnir,

þessi reikningur nr. 199, AMEX, það er ferðakostnaður sem að hann er að rukka mig væntanlega þarna um.

- AJ. Sem hann er að rukka...?
- TJ. American Express kortið.
- AJ. Já, geturðu gert grein fyrir því?
- TJ. Ég notaði það fyrir ferðakostnaði þegar ég var erlendis oft á tíðum og hann síðan sendir mér reikning fyrir því. Þetta er það sem við ræddum um í haust og síðan eins og ég sagði þá líka að þá hef ég haft þá skoðun að, eða hafði þá skoðun að það væri eitthvað oft undarlegt þar á seyði þannig að þess vegna stoppaði ég og hætti að nota það og endurnýjaði ekki.
- AJ. Bíddu við skulum aðeins stoppa meira við þetta Tryggvi. Varðandi þetta American Express kort. Skýrðu það nánar. Hver var handhafi þessa korts og hvernig stóð á því að hann var að senda reikninga til Baugs út af...
- TJ. Þetta voru allt ferðakostnaðir sem að tengdust þá Baugi eða útlagður kostnaður vegna Baugs sem að ég hafði notað á kortið fyrir og þess vegna sendi hann reikning á það vegna Travel expences. Það tengist ekkert bátamálinu eða neitt slíkt með einum eða neinum hætti. Þetta er bara kostnaður sem hann átti að rukka mig um og sem hann gerði en síðan fannst mér stundum háar tölur. Einhvern tímann þá hafði ég verið að versla eitthvað fyrir ég man ekki 100-200 dollara þar sem ég gat ekki notað neitt annað kort heldur en þetta og ég borgaði honum það sérstaklega en annars notaði ég þetta kort eingöngu fyrir Baug en stundum fannst mér reikningarnir háir og ég var stundum að biðja um sundurliðanir. Einhvern tímann var hann búinn að klína inn einhverjum reikningum vegna Gaums inn á það sem ég bað hann um að leiðréttu og síðan hætti ég að nota þetta kort. 1.732.000, þetta er væntanlega viðskiptaferð sem við fórum þarna um þetta leyti í júlí 2001. Júlí-ágúst 2001.
- AJ. Og 12.000 dollararnir eru?
- TJ. Það eru þessir mánaðarlegu reikningar.
- AJ. Það eru þessir mánaðarlegu reikningar.
- SM. En hvernig var haldið utan um þetta American Express, fylgdu þessu einhver undirgögn?

- TJ. Nei, ég kallaði oft eftir þeim en hann sendi mér yfirleitt bara reikning, bara með einni tölu og mér fannst það óþægilegt.
- AJ. 5.9. svarar þú honum og segir „Reikningarnir eru komnir í greiðsluferli”. Kannski ekkert meira um það að segja eða hvað?
- TJ. Nei, nei.
- AJ. Ókey þá skulum við skoða póst sem er dagsettur 8. maí 2002. Það er þetta hér, þetta eru samtals 4 blaðsíður, þessi póstur sem er 8. maí til og með 13. maí og fylgir honum hér kvittun svona úr „header” tölvupóstsins. Þessi 8. Ef við byrjunum þar, þú segir þarna í pósti sem fer frá þér til Jóns Gerald og heitir málefni Nordica. Þú segir þarna „Sæll Jón”.
- TJ. Hvar var þessi póstur?
- AJ. Þessi póstur var í tölvu Jóns Gerald. Þú segir hérrna: „Sæll Jón. Ég kom til landsins um helgina og fékk skilaboðin þín í gær.” Svo við hlaupum nú yfir..Ef við fórum niður í tölulið 2, þar stendur: „Þú óskaðir eftir 250.000 dollurum vegna taprekstrar liðinna ára ef ég man rétt (Ég get látið fletta því upp en þú átt einnig að hafa tölurnar). Þá erum við þegar búnir að greiða þér þá fjárhæð (80.000 árið 1999, síðan 50.000 dollararar og 120.000 dollarar á þessu ári stemmir það ekki). Uppsafrnað tap þitt síðan 1999 er 419.000 með afskriftum og 364.000 án afskrifta. Eigið fé Nordica er neikvætt um 391.000 dollara í árslok 2001 skv. efnahagsreikningi. Mér finnst það því fullvel í lagt að leggja rekstrinum til 250.000 dollara í viðbót.” Svo segir þar fyrir neðan: „Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að afgreiða 150.000 í viðbót. Þá er fjárhæðin komin upp í 400.000 dollara sem er hærri en fjárhæðin sem nam peningalegu tapi síðustu árin.” Síðan segir í númer 3: „Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 774.000 dollurum. Á því ári voru greiddar 144.000 dollarar í reksturinn þar af fóru 56.000 dollarar í afborganir og fjárfestingar, 55.000 dollarar í vexti og rest í rekstrarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því 816.000 dollarar. Sama gildir með árið 2000 þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan. Síðan er það spurning hversu verðmæt eignin er. Er hún 1.300.000 dollarar eða 1.500.000 dollarar eða einhver önnur fjárhæð. Þetta þekkir þú betur en ég en þegar við ræddum um þessi mál í byrjun þá töludum við um

þessar fjárhæðir. Síðan hafa þær væntanlega frekar lækkað en hækkað vegna afskrifta. Nettoeign er því nú 525.000-725.000 dollarar miðað við framangreint verðmætamat ef við miðum við ársbyrjun 2000 þegar reksturinn var yfirtekinn héðan er nettoeign líklega um 100.000 dollurum lægri. Þegar við fórum yfir þessi mál í ársbyrjun 2000, þá vorum við sammála um að þú fengir 30% (þá var búið að taka tillit til vinnuframlags þíns) og við tækjum síðan yfir reksturinn að mestu leyti. Eins og þú manst fannst JÁJ þetta of hátt hlutfall en við höldum okkur samt við þessi 30% og miðað við 1.400.000 dollara verðmat á bátnum eins og við gerðum þá, þá er hlutur þinn eftirfarandi” og svo sundurliðarðu það. Síðan segir þarna neðar: „Ég legg því til að þú fáir 200.000 dollara. Miðað við 1.400.000 verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000 en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á svo ekki sé minnst á hugmyndir JÁJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn.” Síðan segirðu: „Þetta eru samtals 350.000 sem ég legg til að greiða þér þ.e. 150.000 vegna rekstrar og 200.000 vegna New Viking. Til að undirstrika það sem áður hefur komið fram þá tel ég að með slíku uppgjöri sem að framan er lýst sé fjárhagsleg ábyrgð okkar á fróni afgreidd. Þ.e. ekki koma til frekari greiðslur nema þá vegna beinna viðskipta. Það sama gildir væntanlega um ábyrgð.” Það virðist alveg skýrt á því sem þarna er greint frá að hér sé verið að tala um að Baugur hafi greitt fyrir bátinn, rekstur og afborganir eins og tiltekið er þarna frá ársbyrjun 2000.

- TJ. Nei, það kemur hvergi fram að Baugur hafi verið að greiða. Það var talað um að það sé greitt héðan. Í fyrsta lagi þá þessi póstur sem að hér er, þess vegna spryr ég um hann af því að ég hef ekki getað fundið þennan póst og þess vegna spryr ég um hann hvaðan hann hefði komið en það sem er verið að segja hérna bara að rekstur..að peningarnir hafi komið héðan. Ef við gefum okkur það að þetta sé svona eins og hér er sagt og þið getið náttúrulega bara lesið út úr þessu núna, að það er náttúrulega vegna þess að hann var bara með tekjur frá Íslandi. Það voru hans einu peningar og þess vegna voru peningarnir að koma frá Íslandi. Hann var ekki í neinum öðrum business.
- AJ. Hvað þýðir héðan?

- TJ. Væntanlega Íslandi.
- AJ. Það þýðir Ísland?
- TJ. Ég mundi halda það.
- SM. Þú skrifar þetta er það ekki?
- TJ. Ja, það er nú þess vegna sem ég var að reyna að leita að þessum pósti hjá mér.
- AJ. Á kvittuninni þarna fyrir aftan þessa útprentun, þá er það alveg ljóst að pósturinn kemur beint frá þér á tilteknum tíma.
- TJ. Enda ætla ég ekkert að bera á móti því en ég bara finn ekki þennan póst hjá mér þannig að...
- AJ. Nei en það segir þarna í lið 3, það er skv. efnahagsreikningi New Viking. Þá ert þú greinilega með efnahagsreikninginn hans?
- TJ. ...efnahagsreikningurinn 2001.
- AJ. Já, þetta er í maí 2002. Sama gildir þá um 2000, þ.e. afborganir og rekstur hafa verið greiddar héðan og svo segirðu þarna í næstu þegar við ræddum þessi mál í byrjun. Þú ert að skírskota til einhverra umræðna eða saminga sem að voru í einhverri byrjun.
- TJ. Nei, ég er að skírskota væntanlega til þess „Það sem þarf að gera” blaðsins.
- AJ. Já, og síðan segir þarna í næstu málsgrein þar fyrir neðan: „Ef við miðum við ársbyrjun 2000 þegar reksturinn var yfirtekinn héðan.” Reksturinn var yfirtekinn héðan.
- SM. Ég ætla líka að benda þér á eitt í þessu sambandi í punkti 3. Þá segirðu: „Á því ári voru greiddar 144.000 dollarar í rekstri.” Ef þú deilir 144.000 dollurum niður í 12 mánuði þá fáum við út 12.000 dollarara á hverjum mánuði.
- TJ. Já, já, ég meina 144.000 deilt með 12 eru 12.
- SM. Hvaðan komu þá þessar fjárhæðir ef ekki þessum 12.000 dollara mánaðarlegu reikningum frá Nordica sem stílaðir voru á Baug og greiddir af Baugi.
- TJ. Ja, þetta eru upplýsingar sem ég hef úr efnahagsreikningi væntanlega New Viking án þess að ég geti fullyrt það.
- AJ. Þú segir þarna að reksturinn hafi verið yfirtekinn héðan. Hvað meinarðu þar?

- TJ. Já, já, hérna stendur það að reksturinn hafi verið yfirtekinn héðan og stendur líka „sama gildir um árið 2000 þ.e. að afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.”
- AJ. Já, hvað meinarðu með yfirtekinn hér?
- TJ. Ég geri ráð fyrir því að ég eigi við þarna að hann sé yfirtekinn frá Íslandi þá væntanlega frá Gaumi en eins og ég segi, ég hef ekki getað fundið þennan póst hjá mér. Ég hef verið að reyna að rifja upp þessi mál.
- AJ. Nú erum við bara að spyrja núna. Hann er fyrir framan þig.
- TJ. Já, ég veit það að hann er fyrir framan mig þessi póstur.
- AJ. Gaumur er á Íslandi.
- TJ. Gaumur er á Íslandi, já.
- AJ. Ísland yfirtók ekkert greiðslurnar frá upphafi árs 2000. Það var Baugur sem fór að greiða þessa reikninga þá í fyrsta skipti. Þetta virðist vera mjög skýrt og það er ekki hægt að lesa annað út úr þessu en að það sem að gögnin segja líka í bókhaldi, bæði Baugs og Nordica að þessar greiðslur hafi farið fyrir þessa reikninga í rekstur og afborganir af þessum bát.
- TJ. Já..
- SM. Ég ætla að sýna þér þessu til stuðnings Tryggvi, hluti af þeim gögnum sem Jón Gerald hafði sent á þig varðandi yfirlit yfir efnahagsreikninginn og kostnað og sundurliðin, það var þetta skjal hérna merkt II/5.5.3. Hérna sérðu greiðslurnar berast inn. Þetta er allt uppgjör vegna bátsins og það kemur hérna W/IN... Það er Baugur, Baugur, Baugur, Baugur. Það er allt árið Baugur. Það eru 12.000 dollarar allt árið.
- TJ. Já en hvernig hann færir reikninga sem við erum að senda honum. Það að hann tekur þá ákvörðun að færa það inn á annað fyrirtæki sem er í hans eigu. Það er hans ákvörðun og hvernig hann vill eiga bátinn. Hann er að fá ákveðnar tekjur frá Íslandi. Hann ákveður að skipta þessu niður með þessum hætti og auðvitað ef að hann tekur þessa ákvörðun að nota þessar mánaðarlegu greiðslur í bátinn þá er það hans ákvörðun.
- SM. Þú segir í tölvupósti að þið hafið tekið yfir reksturinn. Það er ekkert að sjá þar að þú sért að tala um hann að deila þessu á sinn hátt.

- TJ. Varla höfum við tekið yfir reksturinn ef að hann fer allur inn á einkafyrirtæki sem er í eigu hans. Það liggur algjörlega fyrir á þessum tímapunkti að hann einn á þetta fyrirtæki og það er algjörlega klárt.
- AJ. En bíddu þetta skjal sem hann var að sýna þér hérna áðan, það sendi Jón Gerald þér þannig að þú ert með þessar upplýsingar í höndunum.
- TJ. Já, svo er mér sagt.
- AJ. Já.
- SM. En kannastu ekki við þetta?
- TJ. Ég....
- SM. Þetta er hluti af þessum heildarpakka sem hann sendi þér og þú varst að segja okkur frá að þú hefðir. Ég var að vitna í skýrslur sem að Kristrún hafði gefið í einni skýrslu frá Jóni Gerald þar sem þau er að lýsa því að þau hafi yfirlit yfir stöðuna fyrir einhvern fund með lögmanni út í Bandaríkjunum. Þetta eru nákvæmlega þau gögn sem þau segjast hafa sent þér.
- TJ. Nú hvenær sendu þau þessi gögn?
- SM. Þessi hérna?
- TJ. Já.
- SM. Fyrir þennan fund. Þú ert kominn með þetta. Þetta er uppgjör. Bæði hérna öll gögn frá því að þetta verður til og auk þess staðan...
- TJ. Á þessum fundi með lögfræðingunum þarna með Polyester, að þá minnist ég þess ekki yfirleitt að það hafi nokkur gögn verið lögð fram. Þetta var kynningarfundur. Það var verið að spjalla saman, hann var að segja okkur frá sér lögfræðingurinn og við vorum að fara í gegnum málið, um hvað þetta snérist og þá var ekkert farið yfir...það var engin vinna unnin á þessum fundi.
- SM. Nei, nú ertu aðeins að snúa út úr. Við fórum yfir þetta hérna í fyrr í yfirheyrlunni.
- TJ. Já. Þá var verið að vísa í...
- SM. Þá vorum við að tala um two fundi.
- TJ. Ekki með lögfræðingnum.
- SM. Við vorum að tala um two fundi sem þið höfðuð verið á og fyrir seinni fundinn, þá kannaðistu við það að hafa fengið yfirlit yfir stöðu...

- TJ. „Það sem gera þarf” yfirlitið. Það er það sem að hún var að tala um hún Jóhanna í sinni yfirheyrslu eftir því sem ég skildi áðan.
- SM. Já, þau geta ekki hafa sent þér það því að það verður til hjá þér.
- TJ. Nei, eru náttúrulega með afrit af því hjá sér. Við fórum á þennan fund. Ég fer ekki með nein gögn með mér á þennan fund. Þeir bara komu þarna á þennan fund og þetta er í fyrsta skipti..
- AJ Við skulum hætta að tala um þennan fund.
- TJ. Nei, hann skiptir máli.
- SM. Er það ekki ljóst, fékkst ekki þessi gögn? Er það óljóst?
- TJ. Ég fékk ársreikninginn sendan. Ég man ekki eftir...
- AJ. Fékkstu bara ársreikning sendan eða fékkstu eitthvað meira heldur en ársreikning sendan?
- TJ. Ja, ég man að ég fékk ársreikning sendan en hafi ég fengið meira sent, þá hef ég sjálfsagt ekki skoðað það vegna þess að ég vísa hér bara í ársreikninginn en ég...
- AJ. Þú minnist sem sagt ekki hafa fengið í hendurnar eitthvert yfirlit þar sem kemur fram að Baugur er skráður greiðandi þessara reikninga hjá Nordica.
- TJ. Ekki sérstaklega.
- AJ. Ekki sérstaklega en minnistu þess ekki? Hefurðu ekki séð neitt þar sem að Baugur er skráður greiðandi á reikningunum hjá Nordica?
- TJ. Hjá Nordica jú.
- AJ. Þú hefur séð það hjá Nordica?
- TJ Að Baugur sé skráður greiðandi hjá Nordica?
- AJ. Þessara reikninga, mánaðarlegu reikningarnir sem Nordica gaf út á Baug.
- TJ. En ég meina að ég veit það að Baugur er greiðandi af reikningum á Nordica þannig að ég meina...
- AJ. Jú, en hefurðu séð það að New Viking sé að skrá þetta inn hjá sér?
- TJ. Nei, ég minnist þess ekki.
- AJ. Þú minnist þess ekki?
- TJ. Nei.
- SM. Tryggvi þá ætla ég aðeins að fara yfir skjöl með þér sem eru úr þessari sömu samantekt sem þau segjast hafa sent á þig, sem Kristrún vann. Þetta er unnið í

júní 2001 og Kistrún vinnur þetta upp. Það var verið að vinna að uppgjöri varðandi bátinn, hvernig eignarskiptingin ætti að vera, hvað hver var búinn að borga í bátinn og hver hlutur Jóns Gerald að vera. Kistrún er sett í það af Jóni Gerald að taka þetta allt saman. Miðað við það sem hún segir svo við okkur í þessari skýrslutöku sinni er, að það er meðal annars tekið inn í þessi uppgjör kortanotkun ykkar Jóns Ásgeirs á American Express. Þér hafi líkað illa við það að sjá nafnið þitt, að skammstafanir TJ, inn á þeim yfirlitum og óskað eftir því að í staðinn fyrir það kæmi Kort 2.

- TJ. Kortið sem ég notaði, það tengdist eingöngu ferðakostnaði fyrir Baug. Það tengdist ekki neitt einhverjum báti eða neitt slíkt.
- SM. Samt er það tekið inn í uppgjörið hjá þeim.
- TJ. Það er mér algjörlega hulin ráðgáta.
- SM. Þú kannast ekki við það, að óska eftir því að þetta yrði skráð sem Kort 2 í staðinn fyrir TJ?
- TJ. Nei, ég man nú ekki eftir því en hins vegar þá var þetta kort ekkert leyndarmál sem ég var með. Ég fékk reikninga fyrir það og það var bara vegna rekstursins. Þess vegna var það alveg sér mál. Ég veit það ekki...Ókey, af hverju ætti kort sem að væri á mínu nafni yfirleitt að tengjast New Viking af því að það liggar algjörlega ljóst fyrir að ég á ekki krónu í þeim bát og hef aldrei átt skrúfu í honum. Af hverju ætti þá kort frá mér að tengjast einhverju fyrirtæki sem er í eigu..sem á bát. Af hverju ætti ég að vera borga þá einhvern slíkan kostnað?
- SM. Eigum við að svara því með einhverju, svona á fræðilegan hátt, eða hvernig þetta getur mögulega litið út? Segjum sem svo að þessi kort hérna American Express eins og Jón Gerald hefur reyndar halddið fram að þið hafið notað bara fyrir ykkur „privat” og ekkert tengst á nokkurn hátt rekstri Baugs. Hann hafi útbúið þessa reikninga með þessum hætti til þess að þeir væru gjaldgengir í bókhaldi Baugs og að þetta sé eithvæð allt annað heldur en tengist einhverjum ferðakostnaði út ferðum ykkar fyrir Baug úti.
- TJ. Já..Hvers vegna ætti..
- AJ. Getur það verið Tryggvi.
- TJ. Ja, ekki mitt kort. Það er algjörlega klárt. Það er alveg klárt.

- SM. Þá gæti hugsanlega verið mjög erfitt að vera með nafnið sitt einhvers staðar þar sem það á ekki að vera.
- TJ. Já, en af hverju hefði ég ekki sagt á...ef að það væri rétt..Af hverju hefði ég þá ekki sagt „Ekki vera með nöfnin okkar. Við Jón Ásgeir erum að gjaldfæra hérna einhverja hluti sem við ættum ekki að gera. Hafðou þetta frekar Kort 1 og Kort 2”. Af hverju hefði ég ekki gert það? Af hverju ætti ég þá bara að vera að hugsa um kort 2?
- SM. Ja, það snýr að þér.
- TJ. Ja, ég meina ef að ég er eitthvað svona „involved” í einhverju skami sem að tengist Jóni Ásgeiri af hverju ætti ég þá ekki að tengja það þarna inn í þetta líka?
- SM. Það er nú það. Þú kannast sem sagt ekki við að hafa séð þessi yfirlit hérna frá þeim sem þau segjast hafa sent þér, Jón Gerald og Kristrún? Þar sem þau voru að sundurliða kostnaðinn frá upphafi.
- TJ. Ég man eftir að hafa séð yfirlit en hvort að það er akkúrat þetta yfirlit eða ekki. Ég hef séð yfirlit..Þetta er árið 2000.
- SM. Þú sérð hérna að það er alls staðar verið að tala um að Baugur eigi að borga.
- TJ. Nordica.
- SM. Já og þú sérð fjárhæðirnar.
- TJ. já, já.
- SM. Fara úr því að vera um 8.000 yfir í að vera 12.000.
- TJ. Já. Þetta er Nordica hérna.
- SM. Já, já.
- TJ. Ég var að borga Nordica.
- SM. Já, já.
- TJ. Já.
- SM. En þetta er Nordica ...New Viking stendur hérna.
- TJ. NV
- SM. Já, skammstöfun fyrir New Viking.
- TJ. Já, já það getur vel verið að það standi þarna en það bara breytir ekki því að ég var ekki að taka þátt í að...það er varla að maður nenni að segja þetta aftur. Þetta er svona.

AJ. Þetta er svona. Ókey.

Andri Árnason: Grunsamleg réttritunin hjá Sullenberg í þessu. Eini textinn sem ég sé þar sem hann skrifar íslensku með þessum hætti þannig að það hefur einhver annar samið þennan texta fyrir hann.

SM. Það er nokkuð misjafnt eftir því hvaða texta þú ert að lesa eftir hann. Dagsformið virðist vera misjafnlega gott.

AÁ. Það er einhver sem hefur búið þetta til

TJ. Ég held nú ekki að íslenskukunnáttan fari ekki eftir dagsformi.

AÁ. Það er greinilegt að það hefur einhver skrifað þetta fyrir hann.

AJ. Ja, þetta kemur allavega úr hans tölvu og frá Tryggva. Það er ljóst.

AÁ. ...íslenskuorðin hans eru þarna mun betri heldur en í öllum öðrum tölvupóstum sem hann sendir.

AJ. Já, ég hef nú ekki skoðað það þannig.

TJ. Ætli ég hafi ekki samið textann þarna líka.

SM Tryggvi var þér ljóst að Jón Ásgeir eða Jóhannes eða Gaumur væri að borga mánaðarlega til Nordica eða New Viking út af bátnum frá áramótum '99-2000?

TJ. Ég vissi að þeir voru að borga og hættu því síðan vegna þess að hlutir gengu ekki eftir.

SM. Hvenær voru þeir að borga?

TJ. Mér var sagt að þeir hefðu verið að borga fram á árið 2001.

AJ. Mánaðarlega reikninga?

TJ. Já, mánaðarlegar greiðslur já. Ég var svo sem ekkert meira að spyrjast um það. Ég var bara eingöngu að reyna að klára skiptasamninginn til þess að bjarga Jóni Gerald sem að gat ekki hugsað sér að missa af snekkju eða Lexus jeppa eða einhverjum flottheitum.

AJ. Það liggur fyrir að einu peningarnir sem að bárust til hans vegna bátsins, vegna þessara mánaðarlegu reikninga voru frá Baugi.

TJ. Já, það er fleira sem liggur fyrir.

AJ. Bíddu. Þetta liggur fyrir. Þeir bárust ekki frá Jóni Ásgeiri, þeir bárust ekki frá Jóhannesi, þeir bárust ekki frá Gaumi. Það er ljóst. Þú vissir þá náttúrulega að það voru að koma peningar ekki satt?

- TJ. Það voru að koma peningar?
- AJ. Til Nordica vegna bátsins eða til Jóns Gerald vegna bátsins allan þennan tíma.
- TJ. Frá Baugi?
- AJ. Nei, bara til hans.
- TJ. Ég vissi eða taldi mig vita það að það hafi verið fram árið 2001 og þá hafi það hætt vegna þess að hann hafi ekki gengið frá sínum samningum.
- AJ. Var þér óljóst að eftir það kæmu nokkrir peningar til hans vegna bátsins?
- TJ. Sérstaklega vegna bátsins já.
- AJ. Já, er það?
- TJ. Já. Hins vegar veit ég það að hann náttúrulega hafði engar aðrar tekjur eins og búið er að koma hérrna áður fram. Allir peningar sem hann eyddi í bátinn með einum eða öðrum hætti eiga uppruna sinn hjá Baugi allavega að 90% leyti.
- AJ. Þú sagðir það áðan að þú hefðir svona gefið þér að hann hefði eytt þessum peningum.
- TJ. Auðvitað vissi maður það ef hann þurfti að eiga bát og þurfti að eiga flottan bíl, að hann þurfti að borga af bílnum en hver heldurðu að hafi gert það.
- SM. En það sem þú ert að segja núna, það bara stemmir ekki við það sem þú sendir frá þér í þessum tölvupósti til Jóns Gerald sem við vorum að vitna í áðan, þar sem þú segir eða þar sem þú ert að vitna í efnahagsreikning New Viking og talar um að á því ári hafi verið greiddir 144.000 dollarar inn í reksturinn „aðborgun og rekstur hafa verið greiddir héðan”.
- TJ. Já, já, ég heyri alveg hvað segir þarna í þessum pósti en eins og ég segi að þá hef ég ekki...
- SM. Þú ert að tala um árslok 2001. Þar ertu að vitna í að á því ári hafi allur þessi peningur verið greiddur héðan. Hvaðan kemur þá þetta að það hafi ekki verið greitt neitt þarna frá miðju ári 2001?
- TJ. Þetta er það sem kemur út úr efnahagsreikningnum, hvað hafi verið borgað mikið og ég veit náttúrulega að hann er að fá tekjur frá okkur. Það eru einu tekjurnar sem hann hefur.
- AJ. Þú varst að segja að þér væri óljóst að hann hefði fengið neinar aðrar greiðslur nema bara fram á árið 2001.

- TJ. Frá Gaumi já.
- AJ. Nei, bara fyrir bátinn. Þú varst að segja það..
- TJ. Sérstaklega tilgreint bánum..
- AJ. En hérna veistu það að það er í maí 2002 og hérna veistu það að það eru að berast greiðslur og hversu mikið.
- TJ. Já, það kemur fram í efnahagsreikningnum.
- AJ. Já, já, er það ekki í mótsögn við það sem þú ert að segja?
- TJ. Nei, nei vegna þess að annars vegar ertu að tala beinar greiðslur frá Gaumi sem að ég veit að ganga...
- AJ. Nei, ég er ekkert að tala um það. Ég er bara að tala um greiðslur fyrir bátana, rekstrar og afborganakostnaður vegna bátana.
- TJ. Ég sagði hérna í byrjun dags að hann hefði ekki haft eiginlega neinar aðrar tekjur heldur en frá Baugi þannig að allar greiðslur eru með einum eða öðrum hætti frá Íslandi vegna bátsins og vegna hans húss og vegna hans bíls og vegna alls.
- AJ. Ertu þá að segja að þessi 144.000 sem þú ert að segja að hann hafi fengið á ári sé frá Baugi til New Viking?
- TJ. Ég er að segja að allar okkar greiðslur til Nordica. Hvernig síðan hann í sínu bókhaldi færir þetta fram og til baka á enda þá kemur alltaf uppruninn frá Baugi eða 90% eftir því sem hann segir sjálfur.
- AJ. Ertu þá að segja það að þessar greiðslur sem komu frá Baugi sem voru nú tæplega lítið meira heldur en kannski þessar mánaðarlegu greiðslur, að það hafi farið allt í bátinn?
- TJ. Ég...Ég er að segja..þarna er ég að taka saman það sem kemur fram í efnahagsreikningnum og svo er ég búinn að segja sjálfsætt og þið eruð að reyna að tengja það saman að hann hafi ekki haft neinar aðrar tekjur en tekjur frá Íslandi.
- AJ. Nei, við erum að spyrja þig um þetta.
- TJ. Þess vegna segi ég það að auðvitað koma allar hans tekjugreiðslur frá Íslandi með einum eða öðrum hætti.
- AJ. Við erum ekki að tala um Ísland.
- TJ. Nú?

- AJ. Við erum að tala um greiðslurnar til New Viking eða út af bátnum The Viking sem að þú segir hér að séu 144.000 dollarar á ári og þér er líka ljóst ef ég hef skilið þig rétt að hann fékk ekkert annað heldur en frá Baugi.
- TJ. Að 90% leyti eftir því sem hann segir mér sjálfur eða sagði mér sjálfur.
- AJ. Já, þannig að þér var þá kunnugt um það, eða hvað, að þessir peningar allir kæmu frá Baugi?
- TJ. Það sem ég veit.. eins og ég sagði áðan, ég veit það að hann hefur ekki.. það geta ekki komi neins staðar annars staðar frá þó þeir fari inni til Nordica. Hvernig hann síðan fer með sitt bókhald, það er hans mál þannig að þetta er allt...
- SM. Ef við skoðum þetta út frá þínnum punkti að þið borgið honum laun eða styrk fyrir sína vinnu í þágu Baugs.
- TJ. Að halda honum á lífi, halda honum fljótandi.
- SM. Ef við skoðum þetta út frá þeim punkti þannig að þetta eru bara væntanlega hans ráðstöfunartekjur sem hann hlýtur að geta ráðstafað eins og hann vill, er það ekki rétt? Hvernig færð þú það þá út í þessum pósti hérna að miðað við skuldir í ársbyrjun 2000 væri hans hlutur 162.000 dollarar. Árið eftir í ársbyrjun 2001 þá er hans hlutur ekki orðinn nema 175.000 dollarar og ef hann hefur ráðstafað öllum þessum tekjum sínum, sem þú segir að séu laun eða styrkur, í bátinn, af hverju var hans hlutur þá ekki stærri?
- TJ. Væntanlega út af rekstrarkostnaði þá?
- SM. Út af rekstrarkostnaði?
- TJ. Nei, ég veit það ekki. Ég er ekki með þetta fyrir framan mig. Ég mundi halda það.
- SM. Þetta gengur bara ekki upp og miðað við skuldir í ársbyrjun 2002 segirðu í sama pósti „væri þinn hlutur 188.000” það er ekki að sjá á þessu að hann sé að borga mikið þennan bát sjálfur.
- TJ. Nei.
- SM. Hvernig skýrirðu þetta?
- TJ. Ég... Hann á að skýra þetta. Ég veit það bara að ef að...
- SM. Þetta er tölvupóstur frá þér til hans.

- TJ. Af hverju... Það er engin „logic” í þessu. Hann er á þessum tímapunkti... þetta er í maí skv. þessum pósti þarna. Á þeim tímapunkti þá er alveg kristaltært að hann er einn eigandi að bátnum og það er .. Ég er búinn að reyna að fá hann til að selja til að bjarga rekstrinum. Það er alveg kristaltært. Það er fyrir það fyrsta. Í öðru lagi þá eru engar tekjur sem hann er að fá heldur en sem koma frá Baug nema þessi 90% hluti þannig að þetta... Hvernig hann síðan.. Hvað hann heldur eftir í Nordica og hvað hann færí á milli, það er hans mál.
- AJ En Tryggvi hvernig veistu að það eru einu tekjurnar sem hann er að fá..?
- TJ. Hann sagði mér það að 90% af sínum tekjum, ég held að það sé partur af því þegar hann sendir stefnu í haust til Baugs að það hafi komið fram að þetta ...
- SM. Já, en ef þú ert að segja að hann eigi þennan bát inn miðað við þetta, af hverju ertu þá alltaf að tala um hans hlut, hver hans hlutur er, ef hann á þetta allt inn. Það er alveg ljóst að það er ekki búið að gera upp þarna einhver eignaskipti en það er alveg kristaltært líka að þið eruð að tala um að hann eigi einhvern hlut í þessu þótt það sé ekki búið að ganga frá endunum.
- TJ. Það er það sem að ég er alltaf að reyna að fá hann til að gera. Það liggar alveg ljóst fyrir strax frá byrjun að feðgarnir eða Gaumur eru að borga í bátnum. Hann hins vegar vill aldrei afsala sínum hlut til þeirra eða ganga frá þessu með einum eða öðrum hætti og þetta byggi ég náttúrulega á því.
- SM. Ja, þess vegna er ekki í öðru orðinu hægt að segja að “hann á þetta bara einn og stýrir þessu einn” og hinu orðinu eru að þið eruð alltaf að tala um „heyrðu það þarf að skipta upp þessu félagi og við eigm að fá okkar hlut í því og hann eigi bara einhvern líttinn hluta í því” hvort að það séu 30% eða hvað. Þetta gengur ekkert upp saman.
- TJ. Nei, þetta kemur skv. tölunum frá honum í upphafi hvernig hann skiptir þessu upp. Hann kemur með þessar tölur. Hann segir að þetta séu of lágar tölur og hann vill koma með nýjar tölur.
- SM. Já, hann er greinilega sammála því að það sé eignarhlutur í þessum bát, hluti af eigninni eða sem sagt eignarhlutur í bátnum sé að hluta til hjá feðgunum og að hann eigi bara hluta af þessu sjálfur.

- TJ. Já, hann neitar hins vegar að yfirlægja bátinn. Hann neitar að viðurkenna það eða sem sagt að gera það löglegt að þeir eigi bátinn.
- AJ. Við skulum núna skipta um spólu. Klukkan er núna 20:24.

Klukkan er 20:30 og yfirheyrsli er haldið áfram.

- AJ. Tryggvi við erum búnir að þráspryja þig um það hvort að Baugur hafi greitt fyrir rekstur bátsins. Var það þannig?
- TJ. Nei, sjáið “logicinn” í þessu.
- AJ. Við skulum ekki fara út í eitthvað huglægt.
- TJ. Nei, ég held að það sé nú bara þýðingarmikið að bara að tengja þetta allt í samhengi. Ef að Baugur væri að greiða fyrir bátinn...
- AJ. Já, við skulum sleppa því að segja ef að þetta væri hugsanlega þannig, þá gæti það verið hinsegin.
- TJ. Nei, ég vil fá að segja þetta. Ef að Baugur væri að greiða fyrir bátinn og sérstaklega...
- AJ. Við eigm stuttan tíma eftir Tryggvi.
- TJ. Já, en sérstaklega af því að þú nefnir þetta 2000/2001, að á sama tíma, þá eruð þið að skoða kreditfærslur til að bæta afkomuna og síðan erum við líka að “chaiga” Gaum fyrir kostnað sem við teljum að hafi lent á Baugi og þar að auki gæti Baugur alltaf keypt þennan bát, þannig að þetta “doesn’t add up,” þetta gengur ekki upp. Baugur hefur enga hagsmuni af því að borga einhvern rekstrarkostnað af bát. Ef hann vildi það, þá gæti hann það alveg. Hann þyrfti ekkert að fara í grafgötur með það.
- AJ. Já, en Baugur hefur nú bara greitt rekstrarkostnaðinn af bátnum frá áramótum ’99/2000, það liggar bara fyrir. Þessir peningar sem hafa verið greiddir fyrir þessa reikninga hafa farið í reksturinn af bátnum og afborganir.
- TJ. Það er út af ákvörðun Jóns Geraldis. Þú getur alveg eins með sömu forsendum sagt að stóru greiðslurnar sem að fóru líka til uppbyggingar eða greiðslu á bátnum, það er bara hvernig hann skiptir þessum greiðslum í sínu bókhaldi.

Sveinn Ingiberg: Annað segja gögnin og tölvupóstasamskiptin.

- TJ. Já, það er af því að hann skiptir þessu með þeim hætti, greiðslunum.
- AJ. ~~Þú ert sem sagt já á þessu.~~ Ef við höldum áfram við þennan tölvupóst sem að byrjaði 8., er hann ekki hér. Hann er ekki búinn. Þann 8., þá svarar sama dag og upphafspósturinn var, þá svarar Jón Gerald þér og segir: "Sæll Tryggvi minn, takk fyrir póstinn. Í stórum dráttum sætti ég mig við neðangreint bréf og vonandi skilur þú það að eftir 10 ára samstarf og vinnu með feðgunum, þá stand ég uppi með tvær hendur tómar, en hvert er mitt val. Tíminn er svo dýrmætur og eins og þú veist og eins og staðan er núna þá er salan til Aðfanga 2002 171.086 dollara, tapið orðið sirka 80 þúsund dollarar það sem af er þessu ári. Tryggvi minn, ég er tilbúinn að ganga að þessu, ég verð þó að fá á hreint að ef ég afsala mér New Viking fyrirtækinu, þá verða lánin sem á því hvíla greidd eða endurfjármögnum á ykkar nafni."
- TJ. Hvað er hann að fara hér?
- AJ. Hvað er hann að fara hér með að hann afsali sér New Viking og lánin verði greidd eða endurfjármögnum á ykkar nafni?
- TJ. Ég held að hann sé klárlega búinn að taka ákvörðun hérna um það hvað hann ætli sér að gera. Eftir því sem ég hef frétt, þá líða nú ekki margar vikur í það að hann setur bátinn á sölu, þannig að ég held að hann sé bara að reyna að búa til eitthvað þarna út úr þessu eða þá að tala um Gaum, en ekki Baug.
- AJ. Okey. 11.5., þá sendir hann aftur póst til þín og sprýr hvort að það sé eitthvað að fréttu. Þú svarar honum 12.5. og þá segirðu: "Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar sem þú ert í ábyrgð fyrir. Samtals eru þetta 350 þúsund sem að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuld-bindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgð vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin." Í fyrsta lagi, hvaða tillögu ertu að tala um að feðgarnir hafi samþykkt?

- TJ. Væntanlega það sem kemur hérna fram í póstinum á undan að afsala New Viking fyrirtækinu, þá verða lánin sem á því hvíla greidd, að það sé endurfjármögnun á þeirra nafni.
- AJ. Á þeirra nafni?
- TJ. Á nafni Gaums.
- AJ. Á nafni Gaums?
- TJ. Já.
- AJ. Já, já. "Skuldir yfirteknar sem þú ert í ábyrgð fyrir" segirðu. Þú segir hérna 350 þúsund sem á að borga honum.
- TJ. Já.
- AJ. Þannig að þú ert að virðist vera að slá saman rekstri þá Baugs, bátnum og öllu saman.
- TJ. Ég er að segja honum hvað hann eigi von á miklum peningum vegna þess að hann skuldar mikla peninga og ofar á þessari sömu blaðsíðu, póstur frá 13. maí, þar kemur þar fram. "Í annan stað færðu 200 þúsund vegna The Viking sem er umtalsvert meira en þú hefur lagt í það, væntanlega eru þá ekki að tapa á því." Síðan kemur fram með...
- AJ. Bíddu, bíddu, rólegur, við verðum að hafa reglur....
- TJ. Já, þarna er ég bara að svara honum hvað hann á von á miklum peningum því að hann skuldar mikla peninga.
- Sveinn Ingiberg: En ef hann á bara 200 þúsund í bátnum...
- TJ. Og svo æftla þeir að yfirtaka skuldina.
- SI. Já, ég meina hvað er þá með alla fjármunina sem hafa runnið í bátinn. Ef það er ekki hans eign í bátnum heldur hverra er það þá og hvaðan hafa þeir peningar komið?
- TJ. Þarna er verið að tala um... Væntanlega hefur legið eithvað varðandi yfirteknar skuldir.
- SI. Já, þú tíundar það í póstinum.
- TJ. Hvað voru þær miklar, ég man þetta ekki bara.
- AJ. Þú segir þarna: "Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar.

- TJ. Já.
- AJ. Nordica kom ekkert þessum bát við, það var New Viking.
- TJ. Já. Þarna er ég að vinna í báðum málinum eins og ég var alltaf að reyna að gera, ég var alltaf að reyna að hjálpa honum í báðum málunum. Þarna... Það er algjörlega klárt að báturinn var ekki að fara á Baug heldur á Gaum og 150 þúsund dollararnir voru að koma frá Baugi.
- AJ. Af hverju segir þú það þá ekki?
- TJ. Ég segi það í næsta pósti á eftir. Þá skipti ég þessu upp þessari umræðu. En af hverju...
- AJ. Af hverju segirðu "skuldbindingar okkar vegna Nordica." Af hverju segirðu það?
- TJ. Ég hef væntanlega verið að tala um bæði fyrirtækin eða þá að ég hef verið að tala um Baugsfyrirtækið.
- AJ. Af hverju ert þú að tjá þig um Gaum?
- TJ. Af því að... það er búið margoft að koma fram, ég var að vinna í því til að hjálpa Jóni Gerald að klára bátamálin.
- AJ. Þannig að þú ert vinna fyrir Jón Gerald þá?
- TJ. Ég er búinn að segja það líka áður að ég fór í þetta mál að undirlagi Jóns Gerald. Hann byrjar að tala um þetta við mig fyrst og ég var að vinna með honum í að reyna að efla hans hlut í þessu máli. Ég held að það sé nú alveg... hafi legið alveg klárt fyrir.
- AJ. Já, já, við skulum...
- Sveinn Ingiberg: Það er eitt annað. Ef við fórum aftur að skjalinu það sem gera þarf, II/5.3. sem fannst á heimasvæðinu þínu á servernum hjá Baugi...
- TJ. Má ég aðeins til að "clera" hérna eitt mál sem tengist því sem við vorum að tala um áðan?
- AJ. Bíddu aðeins, við skulum ekki slíta þetta í sundur.
- TJ. Nei, byrja svo aftur.
- SI. Komum að því á eftir. Ef við fórum aðeins yfir þetta aftur. Þetta er það sem þú varst að fara í gegnum með okkur áðan.
- TJ. Já.

SI. Það sem þarf að gera og varðandi hvernig eigi að borga afborganir af bátnum, þetta B/G. Svo voru með því exelskjöl sem heita Vikingur og Vikingur II. Þar er verið að sundurliða hvað hver er búinn að borga í báttinn og þá má sjá það að út frá þessu sem þú ert búinn að stilla upp að þá er hlutur Jóns Geraldus á þessum tíma í byrjun árs 2000, þá er verið að meta hans hlut, það fer eftir því hvað hann á að eiga stóran eignarhlut. Hérna er hann sagður eiga 207 þúsund dollara í bátnum miðað við 25% eignarhlut. Hér er hann sagður á skjali II/5.3.1. miðað við 26,43% eignarhlut hans, var hann sagður eiga 219 þúsund dollara í bátnum. Hérna á skjalinu sem hann er sagður eiga 30% í bátnum, þá er hans hlutur metinn á 249 þúsund. Svo í þessum tölvupóstsamskiptum hérna sem við vísum aftur í frá því í maí 2002, sem er einu og hálfu ári síðar, hvað er þá hlutur hans í bátnum. Þá er verið að tala um að borga honum 200 þúsund. Hver er að borga allan brúsann frá byrjun árs 2000 fram á mitt ár 2002. Það er alveg augljóst að þið eruð ekki að telja að Jón Gerald hafi gert það.

TJ. Já, þú lest það út úr þessu?

SI. Já.

TJ. Okey. Hérna kemur fram...

SI. Getur þú getur svarað því?

TJ. Nú mun ég fara að svara því. Hérna kemur fram að skuldir miðað við að skuldir séu um 800 þúsund dollarar í bátnum sem er ekki eins og þarna er sem er 568 þúsund dollarar þannig að skuldir hafa vaxið. Jafnframt hefur báturinn lækkað í verðgildi, þannig að ef að báturinn sem ég held að hafi verið settur á sölu þarna um þetta leyti á milli milljón og ellefuhundruð þúsund dollara, ef hann er að fá 200 þúsund dollara, ef hann er að fá 200 þúsund dollara plús að það sé yfirtekið lán upp á 800 þúsund, þá er hann að fá milljón. Milljón af þessum ellefuhundruð, þá eru þeir að fá 100 þúsund ef þannig væri farið að þessu. Báturinn er ekki... Það sem gerist á þessu tímabili er annars vegar að báturinn lækkar í verði, hann eldist og hins vegar skuldirnar vaxa. Það er bara ekki meira eigið fé þarna eftir og það kemur hérna fram.

AJ. Nei, það kemur náttúrulega ekki fram.

TJ. Jú, það kemur víst fram.

- AJ. Það kemur hérna fram ef við höldum áfram í þessum pósti hérna frá 13.5. Það sem þú varst að vitna í áðan, þá segirðu þegar þú ert að sannfæra hann um að ganga að þessu svona “þú færð 200 þúsund” segir hérna orðrétt: “Í annan stað færðu 200 þúsund vegna Thee Viking sem er umtalsvert meira en þú hefur lagt í það.” Hann svarar þér síðan aftur 13.5. og segir þá, þú ert með þennan póst fyrir framan þig þarna. “Í sambandi við þessa upphæð sem þú ert að tala um er ég ekki sammála þér um að hún sé umtalsvert meiri en 200 þúsund. Ég minni þig á uppgjörið sem ég sendi þér á sínum tíma og ég get faxað til þín aftur ef að þú vilt.” Svo telur hann upp hérna: “Árið 1996 sendi Bónus mér 44.821, en Nordica greiðir 51.541.” Svo telur hann upp '97, '98 og svo segir hann: “Árið '99 sendi Baugur mér 205.630.
- TJ. Hvar er þetta?
- AJ. Er þetta ekki hérna í... hérna já. Þarna segir hann: “Árið '99 sendi Baugur mér 205.630.” Þið eruð að tala um bátinn.
- TJ. Hann er að tala... hann er að svara mér.
- AJ. Hann er að svara þér já. Þú ert að tala um 200 þúsund fyrir Thee Viking. “sem er umtalsvert meira sem þú hefur lagt í hann” segirðu. Hann svarar þér aftur: “Það er ekki rétt” segir hann og segir: “Baugur sendi mér 205.630 árið 1999. Nordica greiddi 275.241. Árið 2000 sendi Baugur mér 127.950, Nordica greiddi 115.405. Árið 2001 sendi Baugur mér 150.124, Nordica greiddi 175.758.” Þarna er svart á hvítu að Baugur sendir þarna, hann er að sannfæra þig um að hann hafi lagt meira heldur en svo í það að það eigi að borga bara 200 þúsund dollara fyrir. Hvað gerir þú, þú gerir engar athugasemdir um þetta.
- TJ. Hvernig þá?
- AJ. Ja, hvernig hefðir þú átt að gera athugasemdir við þetta.
- TJ. Bíddu, hvað meinarðu að ég geri engar athugasemdir?
- AJ. Gerðir þú athugasemdir við þetta?
- TJ. Þú meinar það er enginn póstur til þess að svara þessu?
- AJ. Það eru engin gögn um það að þú hafir gert neinar athugasemdir um þetta.
- TJ. Það getur vel verið að ég hafi ekki svarað honum... að ég hafi hringt í hann eða eitthvað slíkt. En það er líka komið á þennan tímapunkt hérna að stundum skil ég

þig og stundum ekki. Til dæmis skil ég þig ekki núna. Það liggar alveg fyrir á þessum tímapunkti þegar það er verið að spyrja um hvað hann hefur lagt mikið í nettó, það er að segja skuldirlnar á bátnum eru um 800 þúsund.

- AJ. Bíddu við skulum... Fyrir skömmu síðan á þessu "tape" og á endurritinu væntanlega, þá kemur fram að þér hafi alls ekki verið ljóst að Baugur hafi greitt neitt í bátnum. Hér er það svart á hvítu með pósti frá honum til þín, ef það yrði þá ekki fyrr að Baugur er að borga alla þessa fjármuni. Hann er að upplýsa þig um það hvað Baugur er að borga mikið á hverju ári fyrir þennan bát. Er það ekki alveg ljóst?
- TJ. Jú, það er líka... Ég er búinn að segja það líka, það er alveg ljóst að Baugur er að borga þetta allt með einum eða öðrum hætti og hvernig hann...
- AJ. Þú hefur svo sem ekki sagt það.
- TJ. Jú, ég hef sagt það víst að hann hefur 90% af tekjum hans koma frá Baugi þannig að Baugur er að borga þetta allt með einum eða öðrum hætti.
- AJ. Okey, hvað gerðir þú í því sem forstjóri Baugs. Varstu sáttur við það að Baugur væri að borga...
- TJ. Ég var ekki orðinn forstjóri Baugs þarna.
- AJ. Aðstoðarforstjóri Baugs og umsjónarmaður fjármála og bókhalds.
- TJ. Ég var sáttur við það að borga honum laun eða þóknun á meðan hann var að byggja upp þetta fyrirtæki á þessum tíma, þá gerðum við samninginn vegna þess að þá átti þetta allt að fara í aðra átt.
- AJ. Þannig að þér var ljóst að greiðslurnar frá Baugi þær fóru í bátinn en þú gerðir ekkert í því...
- TJ. Ég var alltaf að reyna að fá hann til þess að selja bátinn, hann er með sjálfræði, hann ræður sér sjálfur. Við gerðum samning um að hann fengi þessa föstu greiðslur og síðan þurfti hann að lifa af því vegna þess að reksturinn gat ekki staðið undir. Hann var búinn að vera þarna í mörg ár að vinna fyrir feðgana og hann þurfti pening til að lifa og þess vegna gerðum við þennan samning. Það er alveg ljóst...

- AJ. Gerðir þú einhverjum grein fyrir þessu hjá fyrirtækinu að fjármunirnir sem að voru að fara út úr Baugi til Nordica, þeir runnu í fjármögnun eða rekstur á bátnum?
- TJ. Það þurfti ekkert að gera grein fyrir því. Ef að maður er eigandi að einhverjum hlut, hvernig fjármagnar hann, það bara liggur í augum uppi, það þarf ekkert að tala um það. Eins og ég kom hérrna að áðan með bílinn þinn, annað hvort áttu bíl eða ekki bíl, ef þú átt bíl, hver fjármagnar hann. Það er annað hvort þú sjálfur með þínum launatekjum eða tekur lán fyrir því, það er bara svoleiðis. Hann hefði alveg eins getað farið að stilla upp hérrna dæmi hvað Baugur hefði borgað mikið í Lexusnum. Honum hefur verið alveg frjálst að gera það. En það liggur fyrir á þessum punkti sem að þið megið ekki horfa framhjá... Það liggur fyrir á þessum tímapunkti, hérrna er hann byrjaður að undirbúa sölu á bátnum án þess að... á sama tíma er hann að senda mér allskonar pósta og gögn og maður sprýr sig auðvitað að því eftir á, en það liggur fyrir að báturinn er einhvers staðar í kringum milljón dollara virði og raunar jafnvel minna og það liggur fyrir að það eru 800 þúsund hvílandi á honum og það liggur fyrir að hann á 200 þúsund. Ef það er gert ráð fyrir því að báturinn fari á ellefuþundruð þúsund, þá er hann að fá megnið af andvirði bátsins, það liggur fyrir.
- AJ. Já, já, já. En kom aldrei til greina að stöðva greiðslur til hans fíá Baugi þegar ljóst var að þessar greiðslur fóru í rekstur á þessum báti, en ekki til þess að mæta tapi Nordica. Þú vissir það mæta vel að rekstur bátsins var á hendi félags sem het New Viking, það er ekki Nordica.
- TJ. Ég vissi að hann var með sér félag utan um bátinn.
- AJ. Þannig að báturinn var Nordica óviðkomandi, ég er að segja það.
- TJ. Báturinn tengist ekki Nordica nema bara að það er sami eigandi af báðum hlutafélögum.
- AJ. Já, en greiðslan var að fara til Nordica ekki satt?
- TJ. Greiðsla fer til Nordica.
- AJ. Hún er í ákveðnum tilgangi ert þú að segja.
- TJ. Já, já, til þess að... fyrir hann og þegar það er tekin ákvörðun um þetta þá horfa málin öðruvísí við, þá er verið að reyna að byggja þetta upp. Þegar tekin er

ákvörðun um það að hætta að versla við hann og honum er tilkynnt það í ársbyrjun 2002, þá lá það fyrir á sama tíma að þessar greiðslur mundu hætta frá sama tímpunktí.

AJ. En hvenær var þér þá ljóst eða einhverjum hjá Baugi að greiðslur frá Baugi vegna þessara reikninga fóru í rekstur á þessum báti?

TJ. Eins og ég segi. Greiðslur frá Baugi fóru í allt hans mál, öll hans mál. Hvort að hann eyrnamerkir 12 þúsund á mánuði og lætur millifæra það honum finnist það þægilegra yfir á þennan reikning, hann hefði eins getað millifært 10 þúsund á mánuði eða 15 þúsund...

AJ. Tryggvi, geturðu ekki svarað því hvenær þér varð ljóst fyrst að greiðslurnar frá Baugi fóru ekki í uppbyggingu fyrirtækisins hjá Nordica heldur í rekstur og afborganir á bátnum sem voru á vegum New Viking?

TJ. Þessar föstu mánaðargreiðslu?

AJ. Já?

TJ. Þær voru hugsaðar sem nokkurs konar laun til hans, þær voru hugsaðar fyrir hann til þess að lifa vegna þess að reksturinn gat ekki staðið undir hans launakostnaði.

AJ. Ég var ekki að spyrja að því, ég var að spyrja að því hvenær þér hafi verið þetta fyrst ljóst?

TJ. Ég kannski var ekkert að hugsa um það þannig, en það... um leið og þú bara ferð að spá í hlutina og ferð að sjá hvernig hann lifir að þú ferð að reyna að hafa áhrif á það, þá veistu alveg hvað þetta... Um leið og ég hefði sagt við hann “heyrðu, nú ætla ég að hætta þessum 12 þúsund dollara greiðslum vegna þess að þú ert bara í rugli og einhverju “focki” hérna. Þú átt að fókusera meira á reksturinn.” Og um leið og ég hefði haett þessum launagreiðslum, þá hefðum við verið í leið verið að klippa á það að byggja upp það sem við ætluðum að reyna að byggja upp þarna í Bandaríkjunum.

AJ. Þið byggðuð það tæplega upp með því að fjármagna bátinn?

TJ. Nei, en við byggðum það upp þannig að við vorum að taka þátt í rekstrinum á fyrirtækinu og við vorum að borga honum laun og hann hlýtur að ákveða það sjálfur hvernig hann ráðstafar sínum peningum. Ég var ekkert sáttur við það og þess vegna var ég “constantli” að reyna að fá hann til að... ekki bara afhenda

feðgunum það sem að þeir töldu að þeir ættu heldur að hann seldi sinn hlut líka, bara hætti þessari vitleysu.

Sveinn Ingiberg: En Tryggvi af hverju þá í þessum tölvupósti frá 8. maí 2002, af hverju telurðu það þá ekki honum til tekna ef hann er að ráðstafa þessum peningum að sínum vilja í bátinn, af hverju er þetta þá ekki hans hluti?

- TJ. Þetta er hans hluti. Þú sérdi það sjálfur, hann er að fá megið af andvirði bátsins, eða það er það... með þessum 200 þúsund, er hann að fá megið af andvirði bátsins.
- SI. Hvernig færðu það því að þú segir í þessum pósti “nettóeign er því nú 525 þúsund dollarar til 725 þúsund dollarar. Ef hann á að fá 200 þúsund af því, hvernig færðu það út að hann sé að fá megnið af verðmæti bátsins?
- TJ. Vegna þess að þarna er miðað við 1300 þúsund dollara verð. En málið er það að það var ekki svona hátt þetta verð. Þarna vorum við að miða við þær forsendur og það kemur hérna fram í póstinum líka að miðað við forsendur þegar við vorum að gera blaðið upphaflega. Þarna var ég líka að hugsa um hans hagsmuni. Miðað við það verðmat sem að lá þarna fyrir á bátnum og við höfðum alltaf efasemdir um að það væru þessir 1400 þúsund dollarar sem hann byrjaði á, þá er hann að fá megnið af andvirði bátsins til sín ef ekki allt.
- AJ. Þú hefur ekki ennþá svarað því hvenær þér var ljóst eða einhverjum hjá Baugi að þessir fjármunir voru að renna í félagið New Viking?
- TJ. Þetta er svona spurning eins og hérna... ertu hættur að lemja konuna þína eða þessar gömlu klassísku spurningar “yes og no” svar. Það bara er ekki þannig. Mér var það ljóst að hann var með háan lifistandard, mér var það ljóst að hann þurfti að fjármagna hann. Hvenær... á hvaða degi akkúrat að ég segi við sjálfan mig “hey, hey, nú er þetta gengið of langt eða þetta er of mikið” það veit ég ekki. Það bara liggar ekki... þetta er bara svona...
- AJ. Gerðirðu forstjóra fyrirtækisins grein fyrir þessu?
- TJ. Við vissum þetta auðvitað báðir.
- AJ. Þið vissuð þetta báðir...
- TJ. Ég meina, það vissu þetta allir sem að vildu vita þetta að hann var með...
- AJ. Að peningarnir fóru til greiðslu á bátnum?

- TJ. Nei, það var ekki það sem ég sagði. Það vissu það allir að hann var með háan lifistandard og hann var bara með tekjur frá Baugi og þar að...
- AJ. Ég er að spyrja þig að því hvenær og hvor þú gerðir Jóni Ásgeiri grein fyrir því að greiðslurnar frá Baugi fóru í New Viking?
- TJ. Þetta er bara þannig spurning sem er ekki hægt að svara með þessum hætti. Við vissum það og það vissi konan hans líka og það vissu það allir að hann átti þarna bát, hver svo sem ágreiningurinn var um eignahlutdeild hans, hann átti hús á finum...
- AJ. Ég er ekkert að spyrja að þessu. Haltu þig bara við spurningarnar sem eru lagðar fyrir þig.
- TJ. Já, en skildu þá svörin sem ég er að gefa þér við spurningunum.
- AJ. Þetta er ósköp einföld spurning. Spurningin er hvort þú hafir gert forstjóranum eða stjórn fyrirtækisins eða einhverjum öðrum innan fyrirtækisins, Baugs, grein fyrir því að greiðslur sem að fóru út úr fyrirtækinu, runnu í New Viking, en ekki Nordica?
- TJ. Greiðslur sem fóru út úr fyrirtækinu runnu til Nordica, en síðan ráðstafar... En síðan ráðstafar hann því með þeim hætti sem hann vill ráðstafa því.
- AJ. Nú varst þú með aðgang að gögnum fyrirtækisins. Sástu það í bókhaldinu til dæmis hjá Nordica að hann ætti inni hjá New Viking, þessa peninga?
- TJ. Nei, ég hérrna...
- AJ. Kannaðirðu það aldrei þegar að þú vissir að þetta fór í bátinn?
- TJ. Nei, þú ert að... mér finnst þú vera að snúa út úr. Það er ekki....
- AJ. Við skulum gera örstutt hlé klukkan 20:52.
- AJ. Kl. 20:58 höldum við áfram yfirheyrsunni.  
Tryggvi, ég ætla að sýna þér hérrna póst sem er dagsettur 13. maí. Það eru samkipti þín og Jóns Gerald sem fyrr og þar segir orðrétt, þegar Jón Gerald sendir póst til þín fyrst:

Sæll Tryggvi, báturinn var að koma úr slipp og þetta er það árlega sem þarf að gera og eru þetta total 16.808,80 dollarar, hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn?

Þú svarar til baka og segir: var ekki gert ráð fyrir þessu í 12.000 dollara fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með og þar með talið þetta, er þetta misskilningur hjá mér?

Og hann svarar aftur og segir við þig: Nei, ef þú hefðir farið yfir profit and .....

- TJ. Lost..
- AJ. Lost statement, segir hann, árið 2001, þá sérðu að operating expencis eru 148.807 interest expences eru 54.673 og PMT og PRNS 55.913, mínus depreciation
- TJ. Afskriftir
- AJ. Já. Þetta gerir 175.758, af þessu borgaði Baugur 144.000. Í fyrsta lagi hann upplýsir strax um það að báturinn sé að koma úr slipp, hvernig á hann að senda þér reikninginn? Þú spyrð hvort að það hafi ekki verið gert ráð fyrir þessu inni í 12.000 dollara fjárhæðinni og þegar þið hafið verið að ákveða fjárhæð, hvort þið hafið ekki tekið allan rekstrarkostnaðinn með, þar með talið þetta. Hvernig skýrir þú þetta?
- TJ. Ég man að ég var spurður út í þetta í haust.....
- AJ. Höldum bara áfram. Tryggvi hvað segirðu, ég var búinn að spyrja þig um þessa...
- TJ. Já, ég hérna man eftir því þegar ég var spurður um þetta í haust og þá kveikti ég ekki á þessu og ég er búinn að leita að þessum pósti hjá mér. Ég geri ráð fyrir því að þetta sé ekki í minni vél.
- AJ. Nei, þetta er úr tölvu Jóns Gerald.
- TJ. Já. Ég finn þetta ekki hjá mér og ég var mikið erlendis á þessum tíma og kannski er ég að svara þarna eitthvað fljótfærnislega eða hvernig það er. Ég... þetta er samt sem áður algjörlega klárt mál að þarna er einhver misskilningur á ferðinni. Ég þarf bara að rifja þetta upp.

Sveinn Ingiberg: Hvernig skýrirðu þetta í öllu þessu samhengi, allir þessir póstar, þeir lúta allir að sama efni.

- TJ. Já, ég skyri það samt sem áður frá því sama og ég hef sagt áður. Það er náttúrulega á þessum tíma, þá eru allar greiðslur að koma frá Baugi vegna reksturs á hans einkalífi eins og það leggur sig. Það er engin breyting á því, þetta væri á þessum tímapunkti sérstaklega þegar allt er nú að fara í óefni, þá auðvitað spyr ég mig... Þið segið að þetta sé rakið inn í mína vél með einhverjum hætti, ég kannast samt ekki við þennan póst og man ekki eftir honum og kannski er það vegna þess að ég var of önnum kafinn erlendis og svaraði þessu í einhverjum fljótheitum, en þetta er hins vegar alveg... Ég man ekki eftir þessum pósti.
- SI. Við erum með "hedderinn" af þessum tölvupósti. Þar er hægt að sækja upplýsingar hver er að senda og hver er að móttaka IP tölurnar sem eru að tengjast.
- TJ. Getur kunnáttumaður átt við það?
- AJ. "Hedderinn."
- TJ. Já?
- SI. Nei, ekki þannig að hann líti út eins og hann sé eðlilegur held ég.
- TJ. Nei, ég er ekki að tala um ykkur, hvort að hann hafi haft einhverja sérfræðinga. Ég get ekki eins og ég segi, ég man ekki eftir þessum pósti og ég átta mig ekki á þessu samhengi sem hérna er. Ég var að reyna að rifja þennan póst upp eftir að þið spurðuð mig um hann, ég finn hann ekki hjá mér. Ég þarf bara að rifja þetta upp.
- AJ. En þú mótmælis því að þarna sértu að staðfesta það að þessir 12 þúsund dollarar séu til þess að greiða bátinn. Það hafi verið sú ákvörðun sem tekin var upphaflega, allur rekstrarkostnaðurnninn í 12 þúsund dollara fjárhæðinni.
- TJ. Nei, það er, eins og ég er búinn að segja áður, þá var gerð áætlun með bátinn sem liggur hérna fyrir í gögnunum sem að sýndi lægri kostnað heldur en 12 þúsund, þannig að þá mundi það ekki vera rökrétt ákvörðun.
- AJ. Jú, jú, Tryggi, það var náttúrulega í lok árs 1999.
- TJ. Nei, hún var gerð seinna þegar það var verið að tala um að leigja bátinn.
- Sveinn Ingiberg: Þá ætla ég að sýna þér reikning Nordica sem má heimfæra fullkomlega upp á þessi tölvupóstsamskipti ykkar...
- TJ. Já, já.

- SI. Það er reikningur sem kemur... hann er dagsettur 22. maí 2002 og hann er með nákvæmlega sama texta og allir hinir reikningarnir...
- TJ. En annarri upphæð.
- SI. Já. Þetta er reikningur frá Nordica númer 279, 22. maí og fjárhæð reikningsins er 16.808,80 dollarar.
- TJ. Já.
- SI. Ég spyr þig þá ef þið voruð þarna mánaðarlega að borga honum 12 þúsund dollara til þess að styrkja hann eða borga honum laun, af hverju var þessi reikningur svona hærri, ef þetta er ekki þessi slippkostnaður?
- TJ. Já. Ef að við erum með samning um það að borga 12 þúsund dollara, af hverju ætti hann þá að senda allt í einu reikning upp á 16.800, af hverju þá ekki 12 þúsund áfram. Það sem er að gerast á þessum tíma er það að þetta kemur þarna í lok maí þegar að eins og ég er búinn að fara í gegnum áður, þegar dálítið mikið álag er í gangi, bæði er Jim Schafer málið komið upp, það voru þarna tilkynntar breytingar um þetta leyti, það er vika í aðalfund og það er tilkynntar breytingar á stjórnarformennsku í félaginu og breytingar í skipuriti í framhaldi af því. Ég kom heim þarna í nokkra daga og sjálfsagt hef ég bara kvittað upp á þetta, bara treyst manninum eins og maður gerir. Það kemur þarna reikningur frá Nordica og ég treysti því og ég skrifa upp á þetta.
- AJ. Það kemur þér greinilega á óvart að þessi fjárhæð sé á reikningnum. Þú býst greinilega við samkvæmt tölvupóstinum 12 þúsund dollurum fyrir bátinn, það verður ekkert skilið öðruvísí.
- TJ. Hvað meinardu?
- Sveinn Ingiberg: Þú spyrð hann út í þetta í tölvupóstinum?
- TJ. Já, ég man ekki eftir þessum tölvupósti, enda líða 10 dagar á milli þessa pósts og þessa reiknings þó að upphæðin sé hérna sú sama og kemur fram í fyrsta póstinum hans.
- AJ. Þú hérna færð líka frá honum upplýsingar um það að Baugur hafi borgað honum 144 þúsund segir hann hérna.
- TJ. Já, ég sé það, það kemur þarna frá honum. Hann segir jafnframt líka að ég hafi ekki farið yfir þetta hjá sér.



- AJ. Ef þú hefir farið yfir þetta, þá hefðir þú átt að sjá þetta segir hann, er það ekki?
- TJ. Hann segir það jú. Mér finnst nú mótsögn í því miðað við það sem áður hefur komið fram að ég ætti að vera búinn að fara svo vel yfir þetta. Eins og ég segi, ég kannast ekki við þennan póst þannig að ég get ekki svarað þessu.
- AJ. Þú áttar þig á að þessi reikningur er líka með sama texta eins og allir þessir mánaðarlegu reikningar.
- TJ. Já, já, enda skrifa ég upp á hann og hann er sjálfsagt greiddur.
- AJ. Þú skrifar upp á hann og hann er greiddur já. Hann er greiddur 27. maí.
- TJ. Já.
- AJ. Hann er dagsettur 22., ekki satt.
- TJ. Já, kemur 22. og ég get nú bara athugað það hvenær ég kom til landsins þarna á þessum tíma, ég var þarna í einhverja daga.
- Sveinn Ingiberg: En Tryggvi finnst þér það haldbær skýring, nú gafstu þær skýringar líka þegar við vorum að fara yfir kreditreikningana og aftur núna að það sé svo mikið að gera hjá þér og þú sért svo mikið í útlöndum, þá veistu í rauninni ekki hvað þú ert að kvitta upp á eða gera?
- TJ. Nei, það kann að vera óæskileg skýring, en það er þannig og þið þekkið það örugglega úr ykkar starfi að stundum er vinnuálag meira heldur en góðu hófi geginir. Þegar þú ert mikið fjarverandi og kemur í einhverja mýflugumynd þar sem að liggur mikið á og þú þarfst að taka margar ákvarðanir, þá horfirðu kannski aðeins öðruvísi á mál sem að tengist einhverju sem að þú treystir og þekkir og kannski fara þau hraðar og óséðari í gegn. Þú hefur takmarkaðan tíma, það er það sem þú hefur ekki.
- AJ. Fyrirgefðu að ég gríp frammí. Svo við ljúkum þessu af því að við erum komnir kannski fram yfir þann tíma sem tilgreindur er að við höfum leyfi til þess að yfirheyra og við ræddum það áðan, bæði við þig og verjandann, hvort við ættum að klára þetta. Ég skildi ykkur rétt var það ekki að við getum lokið þessu, við klárum þetta á svona 10 mínutum. Þetta er rétt að verða búið. Hérna er bara útprentun á öllu sem var í inboxinu þínu í tölvunni. Það er ljóst að þú hefur greinilega geymt tölvupósta mjög mikið á þessu. Þú virðist ekki hafa eytt neinum pósti út á tilteknu tímabili. Ef þú skoðar útskriftina til dæmis fyrir árið 2000,

1999, þá eru margir póstar á dag sem eru vistaðir á inboxinu ennþá. Það er greinilegt á tölvunni þinni að þú hefur haft gott skipulag á öllum pósti og passað upp á hann. Ég ætla vekja athygli þína á einu. Það er póstur hérna 1.11.2001, næsti póstur er 16.5.2002. Það er ekkert þar á milli í alla þessa mánuði.

TJ. Ha. 1.11.2001...

AJ. Já, næsti póstur er 16.5.2002, þannig að öllum pósti á milli þessarar tveggja dagsetninga hefur verið eytt út úr inboxinu. Varla hefur það verið þannig að þú hefur engan póst fengið?

TJ. Nei, ég man það bara hins vegar að tölvun krassaði hjá mér líklega í febrúar eitthvað svoleiðis. Ég veit ekki hvort það tengist því... Nei....

AJ. Þetta erum margir mánuðir sem vantar inn í, en það vill svo til að margir af þeim póstum sem við höfum verið að kynna þér hérna núna sem að okkur finnst vera mjög skýrir hvað varðar það sem þú ert sakadur um að þeir eru á þessu tímabili.

TJ. Ef að ég hefði ætlað að eyða póstinum eitthvað svona skipulagt, eitthvað ákveðið tímabil, þá hefði ég bara eytt öllum.

AJ. Þess vegna er ég að spyrja þig. Geturdu gefið skýringar á því af hverju það vantar þennan póst inn í tölvuna?

TJ. Nei, ég veit það ekki. Auðvitað eyði ég póstum, það er ekki það, en að hafa tekið svona eitthvað ákveðið tímabil það kannast ég ekki við, enda var held ég tekið afrit einhvern tímamann vegna þess að það var eitthvað vesen með tölvuna og það var tekið afrit niður í Baugi og ég skipti held ég um tölvu á tímabilinu út af einhverjum...

AJ. Þá höfum við lokið að sýna þér og kynna þér það sem við ætlum að gera í þessari yfirheyrlu. Henni er lokið nema að þú viljir taka eitthvað sérstaklega fram í lokin eða verjandinn þinn?

TJ. Nei.

AJ. Við ljúkum yfirheyrlu klukkan 21:12.

Ívar Þórsson

vitskránum: 94 06534

Ólaf Ólafsson BLP.

V/1,5

<b>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</b> <b>Efnahagsbrotadeild</b>	<b>SKÝRSLA</b> <b>YFIRHEYRSLA</b> <b>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR</b>	<b>R L S</b>
Skýrslu gerir Arnar Jansson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík 10. mars 2003, kl. 13.40		
Sakarefni: Ætluð brot á XXVI. kafla alm. hgl. - bókhaldslögum, lögum um hlutafélög ofl.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Forstjóra	Vinnusími: 590 5500	
Löghemili: Vesturhús 22, 112 Rvík.	Sími: 567 6363	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeilda ríkislöggreglustjórans skv. boðun. Honum er kunnugt sakarefnið og kynnt að þessi yfirheyrsла sé framhald yfirheyrslu dags. 28. febrúar sl. þegar hann var sérstaklega yfirheyrður um bátaviðskipti og greiðslur frá Baugi til Nordica/New Viking/Jóns Gerald's Sullenberger (hér eftir ritað JGS).

Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl., en hann er skipaður verjandi Tryggva. Viðstödd og þátttakandendur í yfirheyrslunni eru Erna Björg Jónmundsdóttir og Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúar.

Tryggva er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sem honum er gefið að sök en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

#### Bátamál og reikningar frá Nordica:

Í fyrri yfirheyrslum hefur það verið nokkuð óljóst hvaða gögn og upplýsingar Tryggvi fékk og/eða hafði undir höndum frá forráðamanni Nordica og New Viking varðandi greiðslur Baugs til fyrrgreindra félaga og ráðstafað var í afborganir og rekstur bátsins Thee Viking, svo og hvenær þau mál voru sérstaklega yfirfarin hjá þeim.

Fyrir liggur tölvupóstur dags. 29.12. 1999 þar sem vitnað er í að vorið 1999 hafi JGS farið yfir bátamálin með Tryggva og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni (hér eftir ritað JÁJ).

Tryggvi er spurður hvort það sé rétt og beðinn að gera grein fyrir þeim fundi.

Tryggvi segist muna eftir að hafa verið viðstaddir viðraður JÁJ og JGS um selja Viking II og kaupa stærri bát. Hann segist ekki muna hvort sá fundur var á Íslandi eða í USA og ekki minnast þess að hafa séð gögn um þessi bátamál á þeim fundi. Tryggvi segist ekki muna nákvæmlega hvenær þessi fundur var en það gæti hafa verið vorið 1999. Hann tekur fram að þessi fundur hafi fyrst og fremst verið á milli þeirra JÁJ og JGS þar sem hugmyndir um að kaupa stærri bát hafi verið ræddar.

Fyrir liggja tölvupóstar, skjöl og framburðir þar sem greint er frá því að í lok ársins 1999 hafi Tryggvi farið yfir bátamálin með JGS og stillt upp hugmyndum (skjalið "Það sem þarf að gera" á heimasvæði TJ í tölvukerfi Baugs) og útreikningum ("Vikingur"-excelskjölin á heimasvæðinu) varðandi fyrirkomulag greiðslna á afborgunum og rekstri Thee Viking.

06535

Tryggva er gerð grein fyrir því að við nánari rannsókn á þessum skjölum og uppruna þeirra í tölву hans hafi komið í ljós að skjalið “Það sem þarf að gera” hafi upphaflega verið samið í hans tölву þann 8. desember 1999 en síðast vistaðar breytingar 3. janúar 2000.

Skjölin “Víkingur” og “Víkingur 2” voru upphaflega samin þann 8. desember 1999.

Tryggva eru kynntar útprentanir úr tölву hans varðandi upphaflega gerð skjalanna og hreyfingar þeirra í tölву hans. Þessar útprentanir eru lagðar með skjölunum sjálfum í skjalaskrá.

Tryggvi er spurður hvort það sé ekki rétt og beðinn að gera grein fyrir þeim fundum og hvernig aðilar skiptust á upplýsingum og gögnum.

Hann segist muna eftir að hafa hitt JGS hér á Íslandi um áramótin 1999/2000 og þá hafi hann fengið upplýsingar hjá JGS sem hann vann þessi skjöl upp úr. Hann segist ekki muna nákvæmlega hvenær þessi fundur hafi verið en dagsetningar þessara skjala geti passað við það sem hann telur sig muna.

Þá liggur fyrir að fundur Tryggva, JGS og Jóhönnu eiginkonu hans, var haldinn í Daytona í maí 2000 þar sem m.a. var rætt um bátamálin. Á þeim fundi hafi legið fyrir gögn um eignarhluta í bátnum, sundurliðaðar greiðslur afborgana og rekstrar bátsins og hvaðan þær greiðslur hafi komið.

Tryggvi hefur greint frá því í fyrrí framburðarskýrslu dags. 28.02. bls. 3 að árinu 2000 hafi hann fengið í hendur yfirlit og “upplýsingar um fjárhæðir sem hann (JGS) hafði greitt og lán sem voru áhvílandi” á bátnum en þeir/pau hafi farið yfir þetta saman.

Tryggvi er spurður hvort það sé ekki rétt og beðinn að gera frekari grein fyrir þessum fundi og hvaða gögn lágu fyrir og voru yfirfarin þar.

Tryggvi segist muna eftir þessum fundi með þeim Jóhönnu og JGS. Á honum hafi afkoma Nordica árið 1999 fyrst og fremst verið rædd. Tryggvi segir það vel geta verið að bátamálin og eignarhlutur í honum hafi komið til umræðu en hann segist ekki minnast þess sérstaklega. Á þessum fundi segist Tryggvi hafa samþykkt að JGS hækkaði fjárhæð mánaðarrekninganna úr 8. í 12.000 USD. Tryggvi segist ekki hafa fengið frekari gögn í hendur varðandi rekstur bátsins á þessum fundi.

Fyrir liggur að Tryggvi fékk sendar samantektir og yfirlit úr bókhaldi New Viking í febrúar 2001 á faxi (sjá skjöl II/5.6 ásamt fylgigögnum). Þar koma fram ítarlegar og sundurliðaðar upplýsingar um greiðslur afborgana og rekstrar bátanna allt frá árinu 1996. M.a. skráðar greiðslur frá Baugi allt árið 2000 fyrst móttekið \$ 7.977,50 en frá júlí 2000 er fjárhæðin \$ 11.977,50.

Tryggvi er spurður hvort þetta sé ekki rétt og beðinn að gera nánari grein fyrir því af hvaða tilefni honum voru sendar þessar upplýsingar, hverjum hann kynnti þessi gögn eða upplýsingar úr þeim svo og hvernig hann brást við þeim.

Hann segir að JGS hafi sent sér gögn varðandi rekstur bátsins og New Viking í framhaldi af fundi hans með JÁJ og JGS í Miami í janúar 2001. Hann segir að tilgangur fundarins í janúar hafi verið viðskipti Baugs við Nordica en JÁJ og JGS hafi rætt bátamálið. Þar minnir mig að JGS hafi verið að fara fram á stærri eignarhlut í bátnum þar sem hann hefði borgað meira í honum en menn töldu. Ég tók ekki þátt í umræðunni um bátinn á þessum fundi.

Þarna var ákveðið að JGS mundi senda mér gögn um rekstur bátsins og rekstrar- og efnahagsrekninga New Viking til þess að ég gæti farið yfir þessi mál.

Tryggvi segir að vel geti verið að hann hafi móttekið þau gögn sem honum eru hér kynnt – faxsending og 26 bls. um rekstur NV – en hann hafi ekki skoðað þessi gögn, nema hugsanlega efnahagsrekninginn. Hann segist muna eftir því að hafa farið yfir efnahagsrekningana fyrir NV, hvort sem það voru



nákvæmlega þessir eða ekki, en hann segist ekki hafa yfirfarið samantektirnar. Tryggvi segist ekki muna hvað hann gerði við þessa faxsendingu.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi látið JÁJ hafa þessi gögn eða ljósrit af þeim.

Hann segist hafa lagt þessi gögn til hliðar eða látið JÁJ hafa þessi gögn.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi ekki tekið eftir því að í þessum gögnum kemur skýrt fram að greiðslur til New Viking eru skráðar frá Baugi og nema USD 7.977,50 fram í júní 2000 en eftir það USD 11.977,50 á mánuði.

Tryggvi segir að hann hafi ekki farið í gegn um þessi gögn og því hafi hann ekki séð að Baugur er skráður greiðandi í bókhaldi New Viking. Hann segir að honum hafi aldrei verið ljóst að í bókhaldi New Viking hafi Baugur verið skráður greiðandi fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst.

Tryggva er kynnt að þessi gögn hafi ekki verið á skrifstofu hans hafi hann sennilega látið JÁJ hafa þau.

Hann segir að hafi þau ekki verið á skrifstofu hans hafi hann sennilega látið JÁJ hafa þau.

Hann er spurður hvort hann muni eftir því hvað hann gerði við þessi gögn.

Hann segist ekki muna eftir því.

Fyrir liggur að TJ átti fund með JGS og Jóhönnu í Coral Gables í Florida í febrúar/mars 2002 þar sem bátamálin voru rædd og farið yfir gögn varðandi eignarhlut, rekstrarkostnað ofl. Fundur þessi var með lögfræðingnum Paul Lester.

Tryggvi er spurður hvort þetta sé ekki rétt, beðinn að gera nánari grein fyrir þessum fundi og þeim gögnum sem lágu fyrir eða voru kynnt á fundinum.

Tryggvi segir þennan fund hafa verið í mars 2002. Hann segist hafa verið að kynna þau hjónin fyrir þessum lögfræðingi til þess að lögfræðingurinn aðstoðaði þau við að ljúka við að ganga frá bátamálinu á milli þeirra og Gaums ehf. Hann segir að að á þessum fundi hafi engin gögn um eignarhald, rekstur eða viðskipti með bátinn, legið frammi eða verið afhent. Á þessum tíma segir Tryggvi að fyrir hafi legið að viðskiptum við Nordica yrði slitið af hálfu Baugs.

Fyrir liggur að Tryggvi hafði efnahagsreikning New Viking fyrir árið 2001 (sjá m.a. tölvupóst dags. 8. maí 2002) og sundurliðanir eftir afborgunum, vöxtum, rekstarkostnaði ofl. þar sem fram kemur að rekstur New Viking hafi verið "yfirtekinn héðan".

Tryggvi er spurður hvort þetta sé ekki rétt.

Hann segist muna eftir þessum vangaveltum og umræðum sem tölvupósturinn snýst um. Hann segist ekki muna eftir sjálfum tölvupóstinum en muna eftir samtölum við JGS um þetta mál á þessum nótum. Aðspurður segist hann hafa verið með rekstrar- og efnahagsreikning New Viking fyrir 2001.

Fyrir liggur að í tölvupóstsamskiptum um miðjan maí 2002, þegar Tryggvi er að reyna að komast að samkomulagi við JGS um skiptingu eignarhlutar í Thee Viking dregur JGS upp heildargreiðslur frá Baugi eftir árum.

Tryggvi er spurður hvernig hann hafi brugðist við þessum pósti.

Tryggvi segist ekki muna eftir að hafa séð þennan tölvupóst og því ekki brugðist við því að hér kemur fram að Baugur sé að greiða fyrir rekstur bátsins.

Gert er stutt hlé á yfirheyrslunni kl. 14.45.

Kl. 14.51 er yfirheyrslu haldið áfram.

Tryggvi er spurður hvaða aðrar upplýsingar eða önnur gögn hann hafi fengið eða haft um rekstur Thee Viking eða úr bókhaldi New Viking.

Hann segist hafa litið þannig á að sér hafi verið þetta bátamál óviðkomandi og því hafi hann ekki haldið sérstaklega utan um gögn sem tengdust því. Öll gögn hafi hann fengið frá JGS varðandi þetta mál.

Tryggvi segir að hann hafi nýlega ryfjað upp að JÁJ hafi sagt honum að JGS hafi farið fram á það sl. vor, febrúar eða mars, að hækka launa- eða verktakagreiðslur til sín upp í 20 til 25.000 USD pr. mánuði. Tryggvi segist ekki vita hvernig JÁJ hafi tekið í það eða hvernig afgeitt. Tryggvi segir að JÁJ hafi sagt sér þetta í febrúar eða mars.

Í yfirheyrslu þann 28.02. sl. neitaði Tryggvi því að afborganir og rekstur Thee Viking hafi verið fjármagnað með útgáfu Nordica og greiðslum Baugs á reikningum með textanum: “*Contract fee for retail services, commissions, finders fees and consulting works.*” Hann greindi hins vegar frá því að honum hefði verið ljóst að þeir fjármunir sem Baugur var að greiða fyrir mánaðarlega reikninga frá Nordica hafi runnið í greiðslur afborgana og rekstrar Thee Viking. Er það ekki rétt?

Tryggvi segir að greiðslur sem bárust frá Baugi fóru í að framfleyta JGS, m.a. hús, bíl og bát þ.m.t. Thee Viking.

Tryggvi er í framhaldi af því spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að allar greiðslur frá Baugi vegna fyrrgreindra reikninga hafi farið í að greiða fastan kostnað við rekstur bátsins.

Hann segist ekki vita hvernig hann ráðstafaði þeim fjármunum sem hann fékk sem greiðslur fyrir reikningana til Baugs.

Er það þá rétt skilið hjá rannsóknara að Tryggvi haldi því fram að andvirði greiðslna Baugs fyrir þessa reikninga frá lokum ársins 1999 sem JGS hafi ráðstafað til New Viking, sbr. ofangreind gögn, hafi verið hans mál og hans fjármunir og því allt framlag til New Viking frá lokum ársins 1999 talist til eignarlutar Nordica/JGS?

Hann segist ekki vita hvort hluti af afborgunum og rekstrarkostnaði bátsins hafi verið greitt frá JGS sjálfum og þá hversu stór hluti eða hvort Gaumur greiddi einhvern hluta og þá hversu stóran.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi ekki haft hugmynd um fjárhæðir varðandi afborganir og rekstrarkostnað bátsins.

Hann segist hafa verið með upplýsingar um það frá JGS þegar hann fékk í hendur ársreikning fyrir árið 2000 en segist ekki muna hvenær hann fékk þann ársreikning á árinu 2001. Hann segist þar að auki ekki hafa skoðað þetta sérstaklega.

Á tölvupótsamskiptum á milli JGS og TJ virðist liggja ljóst fyrir að TJ miðar tilboð sín til JGS ekki við að frá upphafi ársins 2000 hafi JGS sjálfur greitt allan kostnað við bátinn. Einnig virðist vera ljóst á fjárhæðum sem Tryggvi tekur fram í tölvupósti 8.5. 2002, um hlut JGS í bátnum í ársþyrjun 2000, 2001 og 2002 að ekki er miðað við að JGS taki sjálfur við greiðslum í upphafi ársins 2000. Tryggva er bent á

að skv. útreikningum hans sjálfss í tölvupósti dags. 8. maí 2002 hækkar hlutur JGS í bátnum um USD 13.000 á milli áranna 2000, 2001 og 2002. Það standist alls ekki miðað við að það sem Tryggvi hefur áður haldið fram að honum hafi verið ljóst að JGS notaði greiðslur frá Baugi í afborganir og rekstur bátsins. Vitnað er m.a. til þess sem fram hefur komið í fyrri yfirheyrsli Tryggva um þetta efni. Tryggva er boðið að tjá sig um þetta.

Tryggvi segir að hann hafi í þessum útreikningi gert ráð fyrir að eignarhlutur skiptist áfram 30% í eigu JGS en 70% í eigu JÁJ og föður hans eða Gaums. Hann segist ekki hafa haft aðrar forsendur en að miða við það eignarhlutfall.

Tryggva er þá bent á að þetta standist ekki miðað við það sem hann áður hefur sagt að hann hafi vitað að 90% af tekjum JGS hafi komið frá Baugi og því hafi Tryggva verið ljóst að JGS greiddi fyrir rekstur bátsins að mestu leyti með fjármunum frá Baugi. Miðað við það ætti eignarhlutur JGS að fara stigvaxandi frá áramótunum 1999/2000 og vera orðinn miklu stærri en það sem Tryggvi gefur sér í tölvupóstum þar sem hann er að reikna út tilboð til JGS um afsal á hans hlut í bátnum.

Tryggvi segir að honum hafi verið ókunnugt um fjárhæðir sem Gaumur greiddi í rekstur þessa báts eftir áramótin 1999/2000 og hann hafi sett fram þessar tölur miðað við þær gefnu forsendur að JGS ætti 30% eða sama hlutfall og hann átti um áramótin 1999/2000 þegar þeir fyrst settu þessi mál upp. Auk þess bendir Tryggvi á að skuldir hafi vaxið. Tryggvi bendir einnig á að hann muni að fram hafi komið í símtali á milli hans og JGS í fyrrihluta maí 2002 að markaðsverk bátsins hafi þá verið 1.100.000 USD. Skuldir hafi þá verið um 800.000 USD. Þá eru eftir 300.000 USD sem hann hafi boðið JGS að skiptust þannig að hann fengi 200.000USD en feðgarnir 100.000USD.

Kl. 15.50 er gert hlé á yfirheyrsli.

Kl. 16.00 er yfirheyrsli haldið áfram.

Í skýrslu hans dags. 28.02. sl. greindi Tryggvi frá því að JÁJ hafi verið fullkunnugt um að greiðslum Baugs var ráðstafað í afborganir og rekstur NV. Tryggvi er beðinn að gera nánari grein fyrir því.

Tryggvi segir að sér hafi verið það ljóst að meginhluti tekna JGS hafi komið sem greiðslur frá Baugi. Þetta segist Tryggvi fullyrða fyrir orð JGS en oft hafi komið fram í viðræðum þeirra um viðskipti að um 90% af tekjum Nordica/JGS hafi komið frá Baugi.

Tryggvi er spurður hvort öðrum stjórnendum eða stjórnarmönum Baugs hafi verið kunnugt um að greiðslum Baugs vegna þessara reikninga frá Nordica hafi verið ráðstafað í rekstur bátsins.

Tryggvi segist ekki vita til þess að stjórnarmenn hafi vitað það. Hann segir að honum hafi ekki verið kunnugt um að aðrir hafi vitað hvort JGS ráðstafaði þessum greiðslum að hluta þeirra til rekstrar bátsins en þeir sem til þekktu hljóti að hafa átt að sig á því.

Tryggvi er þá spurður hvort hann hafi aldrei rætt það atriði við stjórnarmenn eða stjórnendur Baugs.

Hann segist ekki hafa gert það og ekki talið ástæðu til þess

#### **Kostnaður vegna slita á viðskiptasambandi við Nordica:**

Fyrir Tryggva er lagt fskj F20236 sem gjaldfært var í bókhaldi Baugs á “Tæknileg aðstoð án vsk” en skjalið fylgir skýrslu endurskoðenda RLS – sjá skjal VP 1.1.0, töluliður 3 og VP 3.1.4. Skv. þessu fylgiskjali og skýringum endurskoðanda Baugs á því, er kostnaði vegna slita á viðskiptasambandi



Nordica og Baugs dreift með lotufærslum allt fram í 28.02. 2003. Alls er gjaldfærður með lotun kostnaður IKR 49.500.000 vegna þessa. Enginn samningur varðandi þetta liggur þó fyrir.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessum færslum og þeim viðskiptum sem eru á bak við þær.

Hann segir að þessi bókun sé vitlaus. Hann hafi gefið fyrirmæli um að gjaldfæra 4.5 milljónir á mánuði vegna kostnaðar við slit á viðskiptum við Nordica fram að lokum almanaksársins eða í samtals 8 mánuði. Samtals hafi átt að lota 36 milljónir. Tryggvi segir að sú fjárhæð sé fundin þannig út að hann hafi reiknað með \$ 120.000 auk \$ 150.000 sem hann hafi boðið JGS að greiða Nordica vegna slita á viðskiptunum. Það gera \$ 270.000 en síðan hafi hann ákveðið af varfærnissjónarmiðum að færa fjárhæðina upp í 36 milljónir enda talið að málið yrði frágengið löngu fyrir árslok.

Tryggva er einnig sýndur tölvupóstur dags. 22. maí 2002 frá Jóhönnu Waagfjörð, fjármálstjóra, til starfsmanns bókhalds þar sem Jóhanna gefur fyrirmæli um gjaldfærslu IKR 4.500.000 pr. mánuði, samtals um 50.000.000. Hún tekur fram að eftir eigi að koma reikningur vegna þessa.

Skv. tölvupóstum 12. apríl 2002 samþykkir Tryggvi að greiða JGS USD 120.000 eða IKR 11.698.800 upp í samning en þann sama dag býður Tryggvi JGS greiðslu samtals að fjárhæð USD 250.000 "vegna báts og vöruhúss" sem JGS hafnar.

Skv. tölvupóstum 8. til 13. maí býður Tryggvi JGS USD 350.000 (150 vegna vöruhúss og 200 vegna Thee Viking) sem heildargreiðslu í framhaldi af því að vera búinn að "ræða við feðgana og samþykka þeir tillöguna".

Tryggva er tjáð að fyrir liggi grunur um að lotunargjalfærslan í bókhaldi Baugs sé til að mæta þeim heildarkostnaði sem hann var að semja um við JGS í apríl og maí 2002, sbr. fyrrgreindir tölvupóstar og önnur gögn sem Tryggva hafa þegar verið kynnt. Hann er spurður hvort það sé rétt.

Tryggvi segist fullyrða að ekkert samband sé á milli þessara gjaldfærslna og þeirra tilboða sem fram koma í tölvupóstsamskiptum hans við JGS og varða uppgjör á bátnum.

### Félagið Miramar á Bahamaeyjum:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir félagini Miramar Associates Limited á Bahamas, stofnun, tilgangi, eigendum, tengslum hans við félagið eða rekstur þess.

Tryggvi segir að það hafi líklega verið árið 1997 er hann ásamt JÁJ, Jóhannes og Jón Gerald hafi farið til Bahama eyja þar sem þetta félag var stofnað í þeim tilgangi að stunda fasteignaviðskipti á Bahamaeyjum. Áform um rekstur þessa félags hafi aldrei orðið að veruleika og félagið síðan lagt niður. Hann segist á þessum tíma hafa verið starfsmáður KPMG og hafa farið með þeim sem ráðgjafi. Tryggvi segist ekki vita nákvæmlega hverjur voru eigendur en segist telja að JÁJ/JJ og JGS hafi átt félagið.

Tryggvi er spurður hvert hafi verið hans hlutverk sem ráðgjafi í þessu máli.

Hann segist hafa farið með þremenningana á fund á skrifstofu KPMG á Bahamas en KPMG þar hafi verið milliliðir á milli eigendanna og lögfræði- eða verðbréfafyrirtækis sem sá um stofnun félagsins. Hann segist ekki vera viss um það hvort félagið var stofnað en vera viss um að engin starfsemi var hjá félagini.

Fyrir Tryggva er lögð útrentun Word-skjals sem lagt var held á á heimasvæði hans á netþjóni Baugs í húslit löggreglunnar þar. Skjalið bera nafnið "Starfshlutverk.doc". Undir liðnum "Miramar" segir: "Meðeigandi (25%). Sé í staðinn um reksturinn og uppgjör + kem inn með viðskipti."

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessu skjali og því sem tiltekið er í liðnum "Miramar".

Tryggvi segir að á þessu plaggi sé hann að setja fram hugmyndir um starfskjör í framhaldi af því að JÁJ bauð honum að koma til starfa hjá fyrirhuguðu félagi – Baugi. Af þessu hafi ekki orðið og hann aldrei eignast neitt í Miramar.

Tryggvi er einnig beðinn að gera grein fyrir liðnum "Upphafsgreiðsla:" en þar segir:  
"5,0 millj. kr. sem færast þurfa þannig að ekki komi til skatta."

Hann er beðinn að gera grein fyrir þessum texta.

Tryggvi segir að það tíðkist í launakjörum að fyrirtækin greiði sem nemur skattgreiðslum, t.d. þegar um bílastyrki er að ræða. Í þessu tilfelli sé alls ekki verið að tala um svarta greiðslu heldur greiðslu sem nemur 5 milljónum nettó.

Fyrir liggja í málinu nokkur símbréf á heimasvæði Tryggva sem rituð eru á bréfsefni frá Miramar Associates Limited sem hann virðist hafaritað. Svo virðist sem Tryggvi sé að annast fjárræiður og sé með prókúru eða umboð til þess að skuldbinda félagið og á bankareikninga þess. Hann er beðinn að gera grein fyrir þessu.

Tryggvi segist minnast þess að hann hafi verið skráður tengiliður KPMG við eigendur félagsins. Hann segist minna að hann hafi undirritað einhver skjöl til þess. Hann hafi síðan sent tilkynningar um að greiða þyrfti reikninga og millifæra fjármuni. Um hafi verið mjög lágar fjárhæðir, aðallega fastan kostnað. Í lokin hafi síðan þeir fjármunir sem eftir voru á reikningi Miramar færðir á reikning hjá Kaupþing Luxembourg SA í New York. Tryggvi segist ekki muna hvers vegna innistæðan hafi verið færð þangað en hann segist munu finna upplýsingar um það.

Hlé gert á yfirheyrlu kl. 17.10.

Yfirheyrlu haldið áfram kl. 17.15.

#### **Framburðir stjórnarmanna Baugs Group hf.**

Tryggva er kynnt að sérstakar yfirheyrlur hafi farið fram nýlega yfir stjórnarmönnunum Hreini Loftssyni, Þorgeiri Baldurssyni, Guðfinnu Bjarnadóttur og Óskari Magnússyni.

Í skýrslu Hreins Loftssonar komi m.a. fram að í framhaldi af umræðum á Alþingi þann 23. janúar 2002 og fundi Hreins með forsætisráðherra nokkrum dögum síðar hafi Hreinn átt fund með Tryggva, Jóni Ásgeiri og Jóhannesi Jónssyni þar sem Hreinn hafi greint þeim frá því að honum hafi borist til eyrna orðrómur eða upplýsingar um "að ekki væri allt með felldu varðandi viðskipti forráðamanns Nordica í Flóríða og Jóns Ásgeirs/Jóhannesar Jónssonar eða Baugs" (bein tilvitnun í framburðarskýrslu Hreins). Þar hafi þeir rætt þetta mál og Hreinn hafi þar afhent Jóni Ásgeiri bréf og samrit þess til ytri endurskoðanda félagsins þar sem farið er fram á úttekt á nokkrum þáttum í rekstri Baugs, m.a. viðskipti við birgja. Hreinn hafi síðan fylgt þessu bréfi eftir frekar með viðræðum við aðila.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir umræðum um ætluð óeðlileg eða vafasöm viðskipti við Nordica á fyrrgreindum fundi með Hreini Loftssyni þann 29. janúar 2002 svo og umræðunum á stjórnarfundinum um viðskipti við Nordica. Einnig öðrum umræðum eða upplýsingaskiptum við stjórnendur, endurskoðendur eða stjórnarmenn Baugs um það.

Tryggvi segir að umræddur fundur með Hreini Loftssyni, JÁJ og Jóhannesi hafi átt sér stað þar sem Hreinn gerði þeim grein fyrir upplýsingum sem honum bárust um ætluð vafasöm viðskipti

Baugs/forráðamanna við Nordica/forráðamann. Tryggvi segir að þeir hafi þar greint Hreini frá því að engin óeðlileg eða vafasöm viðskipti ættu sér stað á milli þessara aðila.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi ekki talið að hann ætti að fara yfir og upplýsa stjórnarformanninn eða ytri endurskoðanda félagsins um viðskipti við Nordica, í ljósi þeirra viðbragða sem stjórnarformaðurinn greip til og af þessu tilefni.

Tryggvi segist ekki hafa gert neitt rangt og ekki hafa vitað af neinum vafasönum viðskiptum á milli þessara aðila og því hafi hann ekki talið sig þurfa að gera grein fyrir neinu slíku enda hafi endurskoðandanum verið falið að gera úttekt á þessu máli.

Nú liggur fyrir að þann 30.08. 2001 barst títtnefdur kreditrekningur frá Nordica, sem er a.m.k. gallaður að formi til og með vitlausum texta en að auki a.m.k. óvenjulega færður (á biðreiðning aðalskrifstofu Baugs en ekki viðskiptareikning Nordica hjá Aðföngum).

Einnig liggur fyrir að á þessum tíma er uppgjöri og lokafærslum ekki lokið vegna ársreiknings 01.01. 2001 til 28.02. 2002 en bakfærsla skv. fskj I00838 hafði ekki átt sér stað enn.

Þá liggja fyrir öll samskipti hans við JÁ/JJ og JGS/Nordica fyrir varðandi bátakostnað og reikninga með textanum "Contract fee for retail services, commissions, finders fees and consulting works." sem bárust mánaðarlega frá Nordica og Tryggvi samþykkti en Baugur greiddi.

Auk þessa hefur Tryggvi verið í stöðugum samningaviðræðum við JGS um uppgjör vegna bátsins Thee Viking sem hann vissi að var fjármagnaður með fjármunum frá Baugi.

Tryggvi er spurður hvort eitthvað af þessu hafi borið á góma í fyrrgreindum viðræðum hans við stjónendur Baugs, endurskoðendur eða stjórnarmenn.

Tryggvi segist ekki minnast þess að þessi atriði hafi komið upp á fundinum með Hreini Loftssyni, stjórnarformanni. Hann segist ekki heldur minnast þess að hafa rætt þessi mál við endurskoðanda félagsins í tilefni að innri rannsókn hans.

Yfirheyrslu lauk kl. 18<sup>16</sup>.

Upplesið staðfest rétt eftir haft:

Viðstödd yfirheyrsluna:

Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi  
Andri Árnason, hrl  
skipaður verjandi Tryggva

Skýrsluna skráði:

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögr.ftr.

YI, 6

<b>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</b> <b>Efnahagsbrotadeild</b>	<b>SKÝRSLA</b> <b>YFIRHEYRSLA</b> <b>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR</b>	<b>R L S</b>
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík 12. mars 2003, kl. 13.40		
Sakarefni: Ætluð brot á XXVI. kafla alm. hgl. - bókhaldslögum, lögum um hlutafélög ofl.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fyrverandi forstjóri Baugs-Group hf.	Vinnusími: 590 5500	
Löghemili: Vesturhús 22, 112 Rvík.	Sími: 567 6363	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeilda ríkislöggreglustjórans skv. boðun. Honum er kunnugt sakarefnið og kynnt að þessi yfirheyrsla sé áframhald af yfirheyrslum varðandi bátaviðskipti og greiðslur frá Baugi til Nordica/New Viking/Jóns Gerald Sullenberger. Honum er kynnt að við þessa yfirheyrslu verði bornir undir hann allir þeir reikningar frá Nordica Inc sem gjalffærðir hafa verið í bókhaldi aðalskrifstofa Baugs-Group hf og varða rannsókn málsins.

Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl., en hann er skipaður verjandi Tryggva.

Tryggva er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sem honum er gefið að sök en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

### Reikningar Nordica Inc stílaðir á Baug.

Undir Tryggva verða nú bornir þeir reikningar Nordica Inc. sem rannsókn málsins varðar. Hann er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningum og þeim viðskiptum sem þeir byggja á.

1.

Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 99064, sem dagsettur er þann 30.04.1999 að fjárhæð USD. 25.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Research and survey work for marketing in Florida area on supermarkets, warehouses and strip malls"

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Tryggvi kveðst þekkja áritun sína á reikningnum. Hann segist ekki munu nákvæmlega eftir þessum reikningi, en telur hann varða vinnu Jóns Gerald Sullenberger fyrir Baug, en Jón Gerald hafi á þessum tíma unnið að því að finna staðsetningar fyrir Bónus Dollar Stores verslanir í Flórida, eftir því sem Tryggvi muni best.

2.

Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. #00, sem dagsettur er þann 18.01.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

06543

Tryggvi kveðst kannast við áritun sína á þessum reikningi og hafi reikningurinn því verið samþykktur af honum. Tryggvi segir þennan reikning vera tilkominn vegna samnings sem Baugur gerði við Jón Gerald um fastar mánaðalegar greiðslur, fyrst 8.000 dollarar og síðar 12.000, sem hafi verið hugsuð sem nokkurs konar laun eða verktakagreiðslur til Jóns Gerald. Þessar greiðslur hafi átt að vera ígildi launagreiðslna til Jóns Gerald, sökum þess að Nordica Inc gat ekki staðið undir launagreiðslum til hans vegna tapreksturs á þessum tíma.

3.

Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 10, sem dagsettur er þann 02.02.2000 að fjárhæð USD. 9.250.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work". Auk þess "Hotel and travel exp. for January 2000."

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Tryggvi kveðst kannast við áritun sína á þessum reikningi og hafi reikningurinn því verið samþykktur af honum. Tryggvi segir þennan reikning vera tilkominn vegna samnings sem Baugur gerði við Jón Gerald um fastar mánaðalegar greiðslur, fyrst 8.000 dollarar og síðar 12.000, sem hafi verið hugsuð sem nokkurs konar laun eða verktakagreiðslur til Jóns Gerald. Þessar greiðslur hafi átt að vera ígildi launagreiðslna til Jóns Gerald, sökum þess að Nordica Inc gat ekki staðið undir launagreiðslum til hans vegna tapreksturs á þessum tíma.

